FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 31. JANÚAR 2018

Vel dúðaðir ferðamenn biðu þolinmóðir í morgunsvalanum á safnstæði fyrir rútur við Hverfisgötu í gær. Svavar Örn á hárgreiðslustofunni Senter við Tryggvagötu, þar sem sams konar safnstæði er, gagnrýnir harðlega aðstöðuleysi á biðstöðvunum, óþrifnað sem af þeim stafi og fækkun bílastæða fyrir almenning í miðborg Reykjavíkur. Sjá síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

Getur keypt hlut ríkisins á 23 milljarða

Ef Kaupþing nýtir sér kauprétt að 13 prósenta hlut ríkisins í Arion banka þarf félagið að greiða 23 milljarða fyrir hlutinn. Jafngildir gengi sem er rétt yfir 0,8 miðað við eigið fé. Bréfin yrðu seld áfram til lífeyrissjóða á sama verði. Kaupþing vill svar frá sjóðunum fyrir helgi.

VIÐSKIPTI Kaupþing þyrfti að greiða um 23 milljarða króna fyrir 13 prósenta hlut ríkisins í Arion banka ef félagið ákveður að nýta sér kauprétt sinn að hlutnum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Hefur félagið það nú til skoðunar að leysa til sín hlutinn og selja áfram – á sama verði og hann yrði keyptur á – til íslenskra lífeyrissjóða og tryggingafélaga fyrir áformað útboð og skráningu á Arion banka síðar á árinu. Bókfært virði eignarhlutar ríkisins í Arion er um 29 milljarðar.

Kaupþing gerði lífeyrissjóðunum tilboð í síðustu viku um að selja þeim að lágmarki fimm prósenta hlut í bankanum. Samkvæmt tilboðinu býðst sjóðunum að kaupa á verði sem er rétt yfir genginu 0,8 miðað við eigið fé. Það er nánast sama gengi og kaupréttur Kaupþings, sem grundvallast á hluthafasamkomulagi frá árinu 2009, er á ef félagið myndi nýta sér hann í dag.

Lífeyrissjóðirnir þurfa að gefa svar fyrir helgi um hvort þeir ætli í óskuldbindandi viðræður á grundvelli tilboðs Kaupþings og þá hversu stóran hlut þeir vilji kaupa. Samkvæmt heimildum verður kaupréttur Kaupþings á hlut ríkisins aðeins nýttur ef sjóðirnir reynast áhugasamir um að kaupa talsvert stærri hlut en fimm prósent, kannski 10 til 15 prósent, í Arion banka.

29

milljarðar króna er bókfært virði eignarhlutar ríkisins.

Hvort af kaupunum verður mun ráðast mjög af afstöðu fjögurra stærstu lífeyrissjóðanna – LSR, Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Gildis og Birtu. Þannig er talið nauðsynlegt að tveir sjóðanna hið minnsta hafi aðkomu að kaupunum eigi þau að verða að veruleika.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur einn af stóru lífeyrissjóðunum hins vegar nú þegar gert það upp við sig að hann hafi ekki í hyggju að fara í viðræður við Kaupþing um kaup á hlut í bankanum.

– hae / sjá Markaðinn

Nýtt teymi fer yfir öll málin eftir mistökin

LÖGREGLUMÁL Tveir rannsóknarlögreglumenn og fulltrúi af ákærusviði munu yfirfara öll mál kynferðisbrotadeildar lögreglu, sem eru til rannsóknar, aftur og greina þau. Fulltrúar lögreglu funduðu stíft í gær vegna máls þar sem maður sem starfaði hjá heimili fyrir ungmenni í vanda er grunaður um kynferðisbrot gegn ungum pilti.

Kæra á hendur manninum var lögð fram í ágúst síðastliðnum en hann starfaði á heimilinu þar til fyrr í þessum mánuði. Réttargæslumaður meints brotaþola hefur hvatt sjö aðra einstaklinga til að senda inn kæru. **– ósk / sjá síðu 6**

Fangar leggja niður störf á Litla-Hrauni

FANGELSISMÁL Fangar mæta hvorki til náms né starfa á Litla-Hrauni og mikils óróa gætir þar eftir árás á 18 ára hælisleitanda í síðustu viku. Eru þeir ósáttir við hóprefsingar en fangelsismálayfirvöld ætla að mæta aðgerðum þeirra af fullri hörku.

„Það hefur verið töluverður órói á Litla-Hrauni og fangar hafa leitað til félagsins, ósáttir við hóprefsingar sem hafa verið látnar ganga yfir alla fanga undanfarna viku vegna þess sem í fjölmiðlum hefur verið lýst sem hópárás," segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga.

– sks / sjá síðu 4

Veður



Norðanstrekkingur og él fyrir norðan í dag, en víða bjart sunnan heiða. Hvessir austanlands þegar líður á daginn, 13-20 m/s þar í kvöld.
SJÁ SÍÐU 18

Fær engin svör um vegabréfið

LÖGREGLUMÁL „Þetta er bara eins og ég hélt, það er akkúrat engin umönnun í kringum Sunnu. Hún var að fá að vita það núna að hún er með þrjú brotin rifbein og þurfti að finna það út sjálf," segir Jón Kristinn Snæhólm, talsmaður fjölskyldu Sunnu Elviru Þorkelsdóttur.

Sunna hefur legið slösuð á spítala í Málaga í fjórtán daga. Ómögulegt hefur reynst að koma henni heim til Íslands þar sem lögreglan á Spáni hefur vegabréf hennar í sinni vörslu.

„Héðan er bara neyðarkall á íslensk stjórnvöld að nota allar sínar diplómatísku leiðir til að leysa þetta mál. Það er enginn hér til að annast hana nema foreldrar hennar, ég hef séð það sjálfur," segir Jón.

Páll Kristjánsson

Páll Kristjánsson, lögmaður Sunnu, segist engin svör fá um það hvers vegna vegabréf hennar sé í vörslu lögreglunnar á Spáni. „Ég hef verið í sambandi við embætti Ríkislögreglustjóra en það virðist mest lítið vita um málið. Ég reikna með að það séu einhver samskipti milli lögreglunnar í ríkjunum tveimur en við fáum engar upplýsingar," segir Páll.

Stefnt var að því að Sunna kæmi til Íslands með sjúkraflugi í síðustu viku en það hefur ekki gengið eftir þar sem vegabréf hennar er í vörslu spænsku lögreglunnar. Eiginmaður Sunnu er í gæsluvarðhaldi grunaður um aðild að fíkniefnamáli.

„Mögulega er lögreglan að reyna að fiska einhverjar upplýsingar með þessu en hún veit ekkert um það mál. Hún er að einblína á að ná heilsu aftur," segir Páll. Hann segir að umbjóðandi hans hafi ekki stöðu sakbornings og sé ekki í farbanni. Því þyki honum málið hið undarlegasta. – **jóe**

Hrepptu bókmenntaverðlaunin

Íslensku bókmenntaverðlaunin voru afhent á Bessastöðum í gær. Kristín Eiríksdóttir hlaut verðlaunin í flokki fagurbókmennta fyrir Elín, ýmislegt. Að baki henni standa Áslaug Jónsdóttir og Kalle Güettler, sem verðlaunuð voru í barna- og ungmennabókaflokki fyrir Skrímsli í vanda og Unnur Jökulsdóttir sem hlaut verðlaun í flokki fræðirita fyrir bókina Undur Mývatns: Um fugla, flugur, fiska og fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Áslaug vill sæti á lista ef það býðst

STJÓRNMÁL „Þetta er núna í höndum kjörnefndar þannig að ég get ekki ákveðið það sjálf," segir Áslaug Friðriksdóttir borgarfulltrúi spurð hvort hún myndi taka sæti á lista Sjálfstæðisflokksins fyrir næstu borgarstjórnarkosningar. „Mér finnst það koma til greina," segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi spurður út í sína afstöðu.

Áslaug fékk næstflest atkvæði í leiðtogaprófkjöri Sjálfstæðisflokksins um liðna helgi og Kjartan varð þriðji. Nú hefur kjörnefnd fulltrúaráðsins Varðar auglýst eftir tilnefningum frá flokksmönnum sem hafa áhuga á að taka sæti. Áslaug segir að hún myndi taka sæti á lista ef henni byðist það. „Ég fór í þetta allt saman til þess að gefa kost á því að vinna áfram í þessu."

Áslaug segir að það hafi verið á brattann fyrir sig að sækja í prófkjörinu. „En ég er að styrkja mig gríðarlega mikið. Ég var í fimmta sæti síðast, segir hún. – **jhh**

Íslandsfálki Ríkarðs er lágt metinn í London

Breti sem á útskorinn Íslandsfálka eftir Ríkarð Jónsson undrast lágt verðmat á fálkanum hjá uppboðshúsi í London. Tryggvi hjá Fold segir matið eðlilegt miðað við markaðinn úti. Hins vegar myndi mikið hærra verð fást hér á Íslandi.

LISTMUNIR „Þó ekki væri fyrir annað þá tel ég að fálkinn ætti sennilega að vera á Íslandi sem hluti af menningararfi ykkar," segir Bretinn Sean Curtis-Ward sem hefur sett útskorinn fálka eftir Ríkarð Jónsson á uppboð í London í næstu viku.

„Þegar ég fór með útskurðinn í Chiswick-uppboðshúsið fyrir nokkrum vikum þá virtust þeir ekki vita mikið um íslenska list," segir Sean. Þar hafi fálkinn verið metinn á 400 til 600 pund, jafnvirði 57 til 86 þúsund króna. „Það tel ég vera mjög lágt mat," segir hann. Það sé í hans hag að fólki á Íslandi sé sagt frá málinu.

Ríkarður Jónsson að störfum. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Sean sem kveðst starfa sem blaðamaður, minnir á að Ríkarður sé sá listamaður sem hannaði fundarhamar sem Íslendingar gáfu Sameinuðu þjóðunum við stofnun samtakanna. Ríkarður var fæddur 1888 og lést 1977. Fálkinn sem Sean á er með nafni listamannsins og ártalinu 1950.

Tryggi Páll Friðriksson, listmunasali í Gallerí Fold, segir að sér hafi reyndar borist fyrirspurn frá Sean varðandi umræddan fálka fyrir nokkru.

Fálkinn verður seldur á uppboði í London eftir fimm daga.

„Ég hef sagt honum að það sé mjög erfitt að meta þetta vegna þess að það hefur ekki komið það mikið af honum Ríkarði. Hann er svo algerlega óþekktur úti í Bretlandi að ég veit ekki hverjum þeir ætla að selja þetta. Og þá er þetta bara eðlilegt verðmat," segir Tryggi.

Hins vegar segir listmunasalinn að mun betra verð fengist fyrir gripinn ef eigandinn kæmi honum hingað til Íslands. „Það kostar náttúrlega peninga og þá er spurning hvort það svari kostnaði því það er ekki víst að það fengist meira en tvö til þrjú hundruð þúsund krónur."

Aðspurður segir Tryggvi ekki mikið framboð af verkum Ríkarðs. Það séu þó alltaf einhverjir sem hafi áhuga á þeim. Þannig segir hann að hjá Fold hafi lítil útskorin krús með loki selst á 140 þúsund krónur á árinu 2016. Í fyrra hafi tveir plattar verið seldir á 45 þúsund og útskorin vegghilla hafi selst á á 95 þúsund krónur.

„Ríkarður var mjög öflugur listamaður og þessi fálki er fallegur og flottur en þetta er bara ósköp venjulegur íslenskur fálki. En það finnst sjálfsagt einhver Sjálfstæðismaður sem vill endilega kaupa þetta," leggur Tryggvi mat á þann áhuga sem kann að vera fyrir fálkanum hér heima. **gar@frettabladid.is**

Varmadælur & loftkæling

Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

KONA
BY HYUNDAI

Hyundai KONA er nýstárlegur sportjeppi sem er fáanlegur annaðhvort fjórhjóladrifinn eða framhjóladrifinn með sjálfskiptingu eða beinskiptingu. KONA er einstaklega vel útbúinn og með tæknilegar nýjungar á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™ sem gera ökumanni kleift að spegla upplýsingar úr síma á litaskjá í mælaborði.
Verið velkomin í kaffibolla og reynsluakstur.

Hyundai KONA Comfort. Verð frá 3.590.000 kr.

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM86228

Ferðamenn að bíða eftir rútu leita skjóls á hárgreiðslustofu

FERÐAÞJÓNUSTA „Mér finnst eins og ég sé á Manhattan, það er alltaf svo mikið af fólki hérna fyrir utan hjá mér,“ segir Svavar Örn á hárgreiðslustofunni Senter í Tryggvagötu.

Safnstæði fyrir rútur erlendra ferðamanna eru á nokkrum stöðum í miðbænum, meðal annars á Tryggvagötu við Senter og Hótel 1919. Svavar segir að oft sé örtröð af norpandi fólki framan við stofu hans snemma á morgnana sem fái litla sem enga þjónustu.

„Það er bara staur en ekkert biðskýli eða neitt fyrir þetta fólk. Það er bara sett út á götu og svo er ekki ein ruslatunna,“ segir Svavar. Umleitan til borgarinnar hafi engan árangur borið.

„Hótelstjórinn á 1919 og við erum að tína upp sígarettustubba og alls kyns drasl eftir fólkið,“ segir hárgreiðslumeistarinn ósáttur.

Að sögn Svavars hefur hann ekki verið boðaður á einn fund vegna málsins.

„Ég fagna því að hafa alla þessa túrista sem lita mannlífið en finnst afar sérstakt hvað við hugsum illa um þá,“ segir hann. Þegar veður séu vond og teygist úr bið ferðmannanna leiti þeir inn á hárgreiðslustofuna þar sem sé sjálfvirk hurð. Sumir vilji komast á snyrtingu.

„Það á til að kólna mikið hjá mér á morgnana og leiðinlegt að þurfa endalaust að biðja fólk um að vera úti – eða þá inni svo við króknum ekki.“

> **Það á til að kólna mikið hjá mér á morgnana og leiðinlegt að þurfa endalaust að þurfa að biðja fólk um að vera úti.**

Svavar Örn, hárgreiðslumeistari á Senter

Svavar segir að stæði við Tryggvagötuna hafi í skjóli nætur verið tekin undir rútur ferðamannanna.

„Það eru eiginlega engin stæði eftir fyrir hinn almenna Íslending sem ætlar að sækja þjónustu hér í miðborginni. Ég er alveg hissa á að Öryrkjabandalagið eða Félag eldri borgara hafi ekki gert meira veður út af þessu því það er nánast útilokað að vera fótfúinn að sækja þjónustu í miðbæinn. Þetta er ekki boðlegt.“ – **gar**

Þingmenn vilja banna umskurð

ALÞINGI Þingmenn fjögurra flokka hafa lagt fram frumvarp á þingi þess efnis að banna að umskera unga drengi nema slík aðgerð sé talin nauðsynleg af heilsufarslegum ástæðum.

Árið 2005 samþykkti þingið lög sem bönnuðu umskurð á kynfærum stúlkna. Telst það athæfi líkamsárás þegar kynfæri er fjarlægt að hluta eða

Silja Dögg Gunnarsdóttir.

öllu leyti og skal sá sem gerir slíkt sæta allt að sex ára fangelsi.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, er fyrsti flutningsmaður frumvarpsins en að því koma þingmenn úr fjórum flokkum. - **sa**

Alls 86 missa starfið hjá Odda í hópuppsögn

VIÐSKIPTI Alls 86 starfsmenn Odda munu missa vinnuna hjá fyrirtækinu vegna skipulagsbreytinga. Breytingarnar felast í því að framleiðsla á plast- og bylgjupappaumbúðum verður lögð niður. Eftir breytingarnar munu um 110 starfa hjá fyrirtækinu.

Samhliða þessu verður áhersla lögð á að efla starfsemi Odda í innflutningi umbúðalausna, prent- og öskjuframleiðslu.

Stærsta ástæðan fyrir breytingunum er neikvæð þróun á starfsumhverfi íslenskra framleiðslufyrirtækja sem meðal annars má rekja til sterks gengis krónunnar og launahækkana langt umfram það sem samkeppnisaðilar erlendis búa við. – **jóe**

Fangar á Litla-Hrauni í verkfalli

Fangar mæta hvorki til náms né starfa á Litla-Hrauni. Eru ósáttir við hóprefsingar í kjölfar líkamsárásar í síðustu viku og mikils óróa gætir. Aðgerðum þeirra verður mætt af fullri hörku af hálfu fangelsisyfirvalda.

FANGELSISMÁL Mikils óróa gætir á Litla-Hrauni eftir árás á 18 ára hælisleitanda í íþróttasal fangelsisins í síðustu viku. Fangar hafa lagt niður störf og hafa hvorki mætt til náms né starfa þessa viku.

„Já, það er rétt, það hefur verið töluverður órói á Litla-Hrauni og fangar hafa leitað til félagsins, ósáttir við hóprefsingar sem hafa verið látnar ganga yfir alla fanga undanfarna viku vegna þess sem í fjölmiðlum hefur verið lýst sem hópárás,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga.

Guðmundur segir tvennum sögum fara af atvikinu og að einnig sé nokkur kurr í föngum vegna umfjöllunar fjölmiðla af málinu en henni hefur verið lýst sem hópárás sem fjöldi fanga tók þátt í og að kynþáttafordómar hafi verið kveikjan að árásinni. Málið er til rannsóknar hjá lögreglu.

Aðspurður segir Guðmundur félagið sjálft ekki standa fyrir skipulögðum mótmælaaðgerðum eða verkföllum í fangelsum. Hins vegar reyni það að miðla málum þegar eftir því er leitað og hefur hann verið í sambandi við tengiliði félagsins á Litla-Hrauni vegna málsins. Guðmundur segir fangana bæði hafa kvartað undan lokun íþróttasalarins og takmörkunum á heimsóknum barna þeirra með ómálefnalegum hætti í kjölfar agabrota. „Svo tína menn náttúrulega ýmislegt fleira til, enda víða pottur brotinn í fangelsismálum,“ segir Guðmundur.

Heimildir blaðsins herma að um tiltekinn hóp fanga sé að ræða og aðrir fangar sem afplána á Litla-Hrauni eigi ekki annars úrkosti en að taka þátt í aðgerðum hópsins, jafnvel þótt þeir vildu helst mæta í skólann eða til sinna starfa, enda sé um að ræða hóp manna sem aðrir fangar vilji síður setja sig upp á

Verkfallsaðgerðir fanganna á Litla-Hrauni eru sagðar helst koma niður á þeim sjálfum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Svo tína menn náttúrulega ýmislegt fleira til, enda víða pottur brotinn í fangelsismálum.**

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu

móti. Flestir þeirra fanga sem standa fyrir aðgerðunum eru þekktir og margdæmdir ofbeldismenn.

Verkfallsaðgerðir fanganna eru sagðar helst koma niður á þeim sjálfum enda felast störf þeirra meðal annars í þrifum í sameiginlegum vistarverum fanga, þvotti á fatnaði þeirra og öðrum störfum sem tengjast daglegu lífi í fangelsinu. Heimildir Fréttablaðsins herma engu að síður að aðgerðum fanganna verði mætt af fullri hörku af hálfu fangelsisyfirvalda og ekki standi til að semja við fanga um fyrirkomulag afplánunar eða önnur réttindi þeirra í kjölfar þessara verkfallsaðgerða.

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað.

sunnak@frettabladid.is

Vilja hálfan milljarð frá Magnúsi

DÓMSMÁL United Silicon hefur stefnt Magnúsi Garðarssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra félagsins, til staðfestingar á kyrrsetningu eigna hans og til greiðslu rúmlega fjögurra milljóna evra, andvirði um 530 milljóna íslenskra króna, í skaðabætur. Réttarstefna var birt í Lögbirtingablaðinu í gær.

Í stefnunni kemur fram að svo virðist sem Magnús hafi meðal annars falsað umboð frá United Silicon til að geta verið í sambandi við suður-afríska félagið Tenova en bræðsluofn verksmiðjunnar var keyptur af félaginu. Þá er uppi rökstuddur grunur um að Magnús hafi svikið eða dregið sér verulegar fjárhæðir í tengslum við samninga við Tenova og með því að gefa út tilhæfulausa reikninga.

Þá er þess einnig getið að Magnús hafi keypt lénið tenovapyromet.com og stofnað tölvupóstfangið mark.giese@tenovapyromet.com.

Magnús Garðarsson er til rannsóknar hjá Héraðssaksóknara vegna málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Mark Giese er verkefnastjóri hjá Tenova.

„Nýtti stefndi hið nýja tölvupóstfang til þess að staðfesta ranga skuldastöðu stefnanda gagnvart Tenova við endurskoðanda stefnanda hjá Ernst & Young, og undirritar stefndi jafnframt samhljóða staðfestingu sem áðurnefndur Mark Giese. Mark Giese sjálfur hefur hins vegar neitað því að hann hafi haft aðkomu að þessu póstfangi,“ segir í stefnu United Silicon.

Fjárhæð kröfu United Silicon er samanlögð fjárhæð þeirra tilhæfulausu reikninga sem Magnús útbjó og misnotaði aðstöðu sína til að láta United Silicon greiða.

Stefnan er dagsett 22. september 2017 en ekki hafði tekist að birta stefnuna fyrir honum en Magnús er með lögheimili í Danmörku. Skorað er á Magnús að mæta fyrir dóm 4. apríl næstkomandi. – **jóe**

CR-V

Á HONDA BETRA VERÐI

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.
Já, og meira fyrir peninginn.

SÉRVALDIR HONDA CR-V Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI

HONDA CR-V - **VERTU MEIRA TIL Á MEST SELDA BORGARJEPPA Í HEIMI**

VERÐ FRÁ KR. 5.390.000

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

HONDA

Jóhann Ólafsson & Co

LED lausnir frá siteco

Lýsing fyrir götur, göngustíga og bílastæði.

Ráðgjöf og nánari upplýsingar má fá hjá sölumönnum.

Smart City lausnir

Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
sala@olafsson.is

OSRAM

Erfðanefnd landbúnaðarins

Erfðanefnd landbúnaðarins kynnir málþing um erfðafræðileg áhrif laxeldis á villta laxastofna

Dagskrá:

13:00 - Setning. **Emma Eyþórsdóttir** formaður erfðanefndar landbúnaðarins

13:05 - Genetic interaction between farmed and wild salmon: What do we know, and what don't we know? (Erfðafræðileg áhrif eldislaxa á villta laxa: Hvað vitum við og hvað vitum við ekki?)

Dr. Kevin Glover, Research Group Leader at the Institute of Marine Research in Bergen, and Professor in Genetics at the Sea Lice Research Centre, University of Bergen

13:55 - Mass marking farmed salmon with barium salts: Application techniques, mark detection rates, fish welfare, and material costs estimates (Merking eldislaxa með baríum-söltum: Notkun og árangur aðferðar, dýravelferð og efniskostnaður)

Dr. Fletcher Warren-Myers, Research Fellow in the Sustainable Aquaculture Lab (SALTT) and the National Centre for Coast and Climate Change (NCCC) at the University of Melbourne.

14:40 - Kaffihlé í Tjarnarsal

15:05 - Erfðablöndun eldislax og náttúrulegs lax á Vestfjörðum

Leó Alexander Guðmundsson líffræðingur hjá Hafrannsóknastofnun

15:35 - Áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndnunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi

Dr. Ragnar Jóhannsson sviðstjóri hjá Hafrannsóknastofnun

16:00 - Pallborðsumræður. Umræðustjóri Sæmundur Sveinsson, rektor LbhÍ

16:30 - Málþingi lýkur

Málþingið fer fram fimmtudaginn 1. febrúar í Fróða, í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugötu 8, og stendur frá kl. 13:00-16:30. Málþingið er öllum opið á meðan húsrúm leyfir.



Öll kynferðisbrotamál í rannsókn yfirfarin

Nýtt teymi hjá lögreglu mun yfirfara kynferðisbrotamál í rannsókn eftir mistök. Lögmaður meints brotaþola í máli manns sem sakaður er um áralöng kynferðisbrot gegn ungum pilti segir sjö einstaklinga hafa haft samband eftir umfjöllun.

LÖGREGLUMÁL Tveir rannsóknarlögreglumenn og einn fulltrúi af ákærusviði fá nú það hlutverk að yfirfara öll mál kynferðisbrotadeildar lögreglunnar sem eru til rannsóknar aftur og greina þau. Fulltrúar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu funduðu stíft í gær vegna máls þar sem maður sem starfaði hjá Barnavernd Reykjavíkur er grunaður um áralöng kynferðisbrot gegn ungum pilti, en kæra á hendur manninum var lögð fram í ágúst síðastliðnum vegna brota sem eiga að hafa staðið yfir frá árunum 2004-2010.

Manninum var hins vegar ekki vikið úr starfi á skammtímaheimili fyrir ungmenni í vanda fyrr en í síðustu viku. Daginn eftir var hann settur í gæsluvarðhald. Maðurinn starfaði því með ungmennum í rúma fimm mánuði eftir að kæran var lögð fram.

Lögregla hefur viðurkennt mistök og yfirsjón í málinu. Samkvæmt upplýsingum frá embætti lögreglunnar segir að starfsmenn deildarinnar hafi talið að meintur gerandi hefði verið stuðningsfulltrúi kæranda, en ekki litið þannig á að viðkomandi starfaði enn að barnaverndarmálum.

Til þessara aðgerða er gripið í viðleitni embættisins til að tryggja að engin mál, sambærileg máli mannsins sem um ræðir, komi upp. Að minnsta kosti rúmlega hundrað mál eru til rannsóknar hjá kynferðisbrotadeildinni.

Réttargæslumaður meints brotaþola í málinu, Sævar Þór Jónsson, segir að í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar um mál piltsins hafi sjö einstaklingar haft samband við sig, í síma og í tölvupósti. „Þetta er fólk sem vill veita stuðning varðandi rannsókn, staðfesta lýsingar og brot. Ég hef hvatt þetta fólk til að senda inn kæru.“ Aðspurður segir hann þessa einstaklinga ekki hafa tilgreint sérstaklega hvar þeir hafi kynnst manninum, það er að segja hvort um sé að ræða ásakanir um brot gegn börnum sem honum hefur verið trúað fyrir starfa sinna vegna. „En þetta eru einstaklingar sem kannast við lýsingar á manninum og segjast hafa átt í samskiptum við hann. Sumir eru eingöngu að koma fram til að veita stuðning. Það er bara misjafnt.“

Árni Þór Sigmundsson er yfirmaður kynferðisbrotadeildar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Ég hef hvatt þetta fólk til að senda inn kæru.**
>
> Sævar Þór Jónsson, réttargæslumaður meints brotaþola

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem maðurinn er kærður fyrir kynferðisbrot, en samkvæmt heimildum kæri ungur piltur manninn fyrir kynferðislega áreitni snemma árs 2013. Meint brot eiga að hafa staðið yfir þegar drengurinn var á aldrinum 10 til 17 ára. Maðurinn var ekki boðaður í skýrslutöku vegna málsins fyrr en rúmu hálfu ári seinna. Maðurinn neitaði sök og með bréfi í nóvember 2013 var ætlað brot talið fyrnt. **olof@frettabladid.is**

Tíu árum síðar berast enn tilkynningar um tjón vegna Suðurlandsskjálftans

SAMFÉLAG Viðlagatryggingu Íslands berast enn einstaka tilkynningar um tjón vegna Suðurlandsskjálftans í maí 2008, einkum vegna skemmda sem af einhverjum ástæðum hafa ekki verið sýnilegar eigendum.

„Dæmi um slík tjón eru skemmdir á fráveitulögnum undir gólfplötum fasteigna. Frestur til að tilkynna tjón sem ætla má að tjónþola hafi verið kunnugt um er hins vegar liðinn. Stofnunin tekur við tilkynningum og lætur meta tjón ef skilyrði um fresti og fyrningu eru uppfyllt. Í árslok 2018 fyrnast öll tjónamál vegna jarðskjálftans,“ segir Jón Örvar Bjarnason, byggingarverkfræðingur hjá Viðlagatryggingu.

Jón Örvar leggur áherslu á að mikilvægt sé að eigendur fasteigna og innbúa hugi vel að vátryggingarvernd gagnvart náttúruhamförum og vekur jafnframt athygli á að allar húseignir á Íslandi séu vátryggðar gegn náttúruhamförum, þar sem um lögboðna skyldutryggingu er að ræða. Til að innbú sé vátryggt þarf það hins vegar að vera brunatryggt hjá vátryggingafélagi.

„Sérfræðingur í áhættumati hjá okkur telur að um 70-80 prósent af heimilum á Íslandi séu með brunatryggingu á innbúum og þar með vátryggð hjá stofnuninni gegn náttúruhamförum. Því má gera ráð fyrir því að nærri fimmta hvert heimili í landinu sé án bruna- og náttúruhamfaratryggingu og geti því ekki búist við að fá tjón sitt bætt vegna slíkra atburða,“ segir Jón Örvar.

Tjónið í Suðurlandsskjálftanum í maí 2008 er metið á 15 milljarða króna á verðlagi dagsins í dag. Skjálftinn var 6,3 að stærð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í vor verða 10 ár liðin frá Suðurlandsskjálftanum 29. maí 2008 sem var af stærðinni 6,3. Upptök skjálftans voru í Ölfusi, milli Hveragerðis og Selfoss. Mikið tjón varð á fasteignum og lausafé á svæðinu og einnig varð töluvert tjón á veitukerfum Árborgar og Hveragerðisbæjar. Alls voru metin um 5.000 tjón. Heildartjón, að meðtöldum matskostnaði, nam um 10 milljörðum króna og samsvarar það rúmum 15 milljörðum króna á verðlagi dagsins í dag. – **mhh**

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN 2018

TIL HAMINGJU

ÁSLAUG JÓNSDÓTTIR, KALLE GÜETTLER OG RAKEL HELMSDAL

„Skrímsli í vanda eftir Áslaugu Jónsdóttur, Kalle Güettler og Rakel Helmsdal er litríkt og fallegt verk sem tekur á viðfangsefni sem snertir okkur inn að kviku; marglaga saga fyrir alla aldurshópa, sem sómir sér vel í hinum glæsilega skrímslabókaflokki.“

ÚR UMSÖGN DÓMNEFNDAR

UNNUR JÖKULSDÓTTIR

„Undur Mývatns – um fugla, flugur, fiska og fólk eftir Unni Jökulsdóttur er einstætt listaverk sem fer í draumkennda ferð og miðlar fræðilegri þekkingu með ástríðu fyrir lífskraftinum og persónulegri sýn á það sem fyrir augu ber, jafnt óvægna grimmd sem blíðustu fegurð.“

ÚR UMSÖGN DÓMNEFNDAR

KRISTÍN EIRÍKSDÓTTIR

„Elín, ýmislegt eftir Kristínu Eiríksdóttur er vandlega úthugsuð og margslungin skáldsaga sem teflir fínlega saman ólíkri veruleikaskynjun persónanna í áhrifaríkri frásögn af hverfulu eðli minninga.“

ÚR UMSÖGN DÓMNEFNDAR

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–16 | **www.forlagid.is**

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.

Bretar standi verr sama hvernig Brexit sé háttað

Ný skýrsla sem lekið var til BuzzFeed sýnir að útgangan úr Evrópusambandinu muni hafa neikvæð áhrif á breska hagkerfið, sama hvað. Stjórnarandstæðingar skjóta föstum skotum á ríkisstjórnina og heimildarmaður innan stofnunarinnar sem sá um gerð skýrslunnar segir hana vandræðalega.

Skýrslan er sögð vandræðaleg fyrir ríkisstjórn Theresu May. NORDICPHOTOS/AFP

BRETLAND Eftir útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu, Brexit, mun breska hagkerfið standa verr burtséð frá því hvernig útgöngunni verður háttað. Það er hvort sem Bretar geri fríverslunarsamning við ESB, haldi sig innan innri markaðar sambandsins eða nái engu slíku samkomulagi. Þetta kemur fram í skýrslu sem var unnin fyrir breska ríkið og var lekið til BuzzFeed sem birti svo skýrsluna í gær.

Skýrslan er dagsett nú í janúar og kemur þar fram að með fríverslunarsamningi myndi hagvöxtur minnka um fimm prósent næstu fimmtán árin. Ef enginn samningur næst verði sú tala átta prósent en ef Bretar halda aðgangi sínum að innri markaðnum, svokallað mjúkt Brexit, lækkar talan í tvö prósent. Sá fyrirvari er þó settur við útreikningana að ekki sé tekið tillit til skammtímaáfalla sem gætu skollið á vegna Brexit. Til að mynda kostnaðarins við að aðlaga hagkerfið nýju tollkerfi.

Skýrslan um afleiðingar útgöngunnar úr ESB er dagsett í janúar og var hún birti BuzzFeed hana í gær.

Einnig kemur fram að hætta sé á að staða Lundúna sem fjármálahöfuðborgar sé í hættu, að allir hlutar Bretlands komi illa út úr útgöngunni sem og öll svið hagkerfisins.

Nicola Sturgeon, ráðherra skosku heimastjórnarinnar, var harðorð þegar Reuters spurði hana um skoðun sína. „Greining ríkisstjórnarinnar sjálfrar hefur leitt í ljós að útgangan úr Evrópusambandinu mun undir öllum kringumstæðum skaða hagkerfi allra þjóða og svæða Bretlands," sagði Sturgeon en Skotar voru sú þjóð sem var andvígust Brexit í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2016.

Chris Leslie, þingmaður Verkamannaflokksins sem barðist gegn útgöngu og berst enn, sagði: „Ríkisstjórnin hefur ekkert umboð fyrir hörðu Brexit. Það greiddi enginn atkvæði með því að valda sjálfum sér og fjölskyldu sinni tjóni."

Heimildarmaður BuzzFeed innan Department for Exiting the European Union, eiginlegrar útgöngustofnunar Bretlands sem starfar fyrir ríkisstjórnina, sagði að skýrslan hefði ekki verið birt opinberlega einfaldlega vegna þess að hún væri vandræðaleg fyrir ríkisstjórnina.

thorgnyr@frettabladid.is

Bláskógabyggð

Álagning fasteignagjalda 2018

Upphafsálagningu fasteignagjalda í Bláskógabyggð er nú lokið fyrir árið 2018.

Sveitafélagið Bláskogabyggð hefur lokið upphafsálagningu vegna ársins 2018. Álagningaseðlar 2018 verða ekki sendir út, en hægt er að nálgast þá á **www.island.is** , en þar eru þeir undir „Mínar síður", undir flipa merktum pósthólf. Innskráning er með íslykli eða með rafrænum skilríkjum.

Greiðsluseðlar verða ekki sendir út nema þess sé sérstaklega óskað, en kröfur vegna fasteignagjalda koma inná heimabanka viðkomandi gjaldanda og birtast þar.

Allar nánari upplýsingar um álagningareglur Bláskógabyggðar má finna á heimasíðu Bláskógabyggðar**, www.blaskogabyggd.is**

Þeir sem óska eftir að fá heimsendan greiðsluseðil eða óska frekari upplýsinga um álagninguna er bent á að hafa samband við Guðnýju Höskuldsdóttur, skrifstofu Bláskógabyggðar í síma 480-3000 (mánudaga – fimmtudaga frá kl. 9.00 – 12.00 og 13.00 – 15.00, en föstudaga frá 9.00 – 12.00, eða í netfang: gudny@blaskogabyggd.is

Bláskógabyggð.

ALÞINGI

Tilkynning um kosningu ríkisendurskoðanda

Forsætisnefnd Alþingis mun eigi síðar en í apríl nk. gera tillögu til Alþingis um einstakling til að gegna embætti ríkisendurskoðanda og verður hann kjörinn á þingfundi, sbr. 2. gr. l. nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til sex ára í senn, en heimilt er að endurkjósa sama einstakling einu sinni.

Ríkisendurskoðandi skal hafa þekkingu á reikningsskilum og ríkisrekstri auk stjórnunarreynslu. Þeir sem áhuga kunna að hafa á að gegna embættinu, og uppfylla áðurgreind skilyrði, skulu senda forsætisnefnd Alþingis erindi þar um ásamt ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf. Einnig geta þeir sem vilja koma með ábendingar um einstaklinga í embættið komið slíku á framfæri við forsætisnefnd. Erindi skulu berast forsætisnefnd bréflega eða með rafrænum hætti á netfangið kosningrikisendurskodanda@althingi.is **fyrir 26. febr. nk.**

Ríkisendurskoðandi starfar á vegum Alþingis. Hann er trúnaðarmaður þess og ábyrgur gagnvart því við endurskoðun og eftirlit með rekstri og fjármálum ríkisins. Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi er sjálfstæður og engum háður í störfum sínum og ákveður sjálfur hvernig hann sinnir hlutverki sínu samkvæmt lögum um embættið.

Áhugasamir karlar jafnt sem konur eru hvött til að senda forsætisnefnd erindi um efnið.
Forsætisnefnd Alþingis ákveður samkvæmt lögum laun ríkisendurskoðanda.

Forsætisnefnd Alþingis,
Alþingishúsinu við Austurvöll.

Raila Odinga, stjórnarandstöðuleiðtogi í Kenía. NORDICPHOTOS/AFP

Bönnuðu útsendingar af ekki-innsetningu Odinga

KENÍA Yfirvöld í Kenía slökktu í gær á útsendingum einkarekinna sjónvarpsstöðva sem ætluðu að sýna beint frá því er Raila Odinga, stjórnarandstöðuleiðtogi og fyrrverandi forsetaframbjóðandi, lét setja sig inn í embætti forseta.

Odinga sniðgekk forsetakosningar októbermánaðar en hann hafði tapað fyrir sitjandi forseta, Uhuru Kenyatta, í forsetakosningum ágústmánaðar. Þær kosningar voru þó ógildar og vegna óánægju með það sem hann kallaði „ófullnægjandi umbætur" ákvað Odinga að sniðganga síðari kosningarnar.

Hundruð höfðu safnast saman í almenningsgarði í miðborg höfuðborgarinnar Naíróbí í gær til að fylgjast með athöfninni en þar sem Odinga var ekki á kjörseðlinum í

Fjölmiðlar ætluðu að fjalla um innsetningarathöfn Raila Odinga, sem þó hafði ekki unnið sigur í forsetakosningum.

október hafði athöfnin ekkert lagalegt gildi.

Kenyatta forseti varaði fjölmiðla við því að fjalla um athöfnina og ríkissaksóknari Kenía sagði að með gjörðum sínum væru Odinga og stuðningsmenn hans að fremja landráð. – **þea**

SCOTCH ON ICE
COMEDY FESTIVAL

FYRSTA SKOSK/ÍSLENSKA UPPISTANDSHÁTÍÐ SÖGUNNAR!

Crushed Ice á Gauknum,
fimmtudag 8. febrúar kl. 21

Kynnir: **Margrét Erla Maack**.

Fram koma: **York Underwood, Rachel Schollaert, Jón Magnús, Katrín McDougal, Gísli Jóhann, Andrew Sim, Jay Lafferty og Eddy Brimson.**

Miðar seldir við inngang, 1000 kr.

Classic Cubes í Gamla bíói,
föstudag 9. febrúar, kl. 20

Kynnir: **Liam Withnail**

Fram koma: **Helgi Steinar Gunnlaugsson, Jojo Sutherland** og hinn eini sanni **Ari Eldjárn**!

Miðaverð: 3.990 kr

Miðasala á tix.is

Icicles í Hörpu,
laugardag 10. febrúar, kl.20

Stórsýningin í Hörpu verður enginn smá lokahnykkur á hátíðinni.

Kynnir: **Jojo Sutherland**

Fram koma: **Bylgja Babýlons, Jono Duffy, Jay Lafferty, Eddy Brimson, Liam Withnail** og stórstjarnan **Tom Stade**!

Miðaverð: 7.990 kr.

Miðasala á harpa.is

Hugarafl

Scotch on Ice uppistandshátíðin styður Hugarafl, félagasamtök fólks sem nýta valdeflingu, jafningasamstarf og batanálgun að bættu geðheilbrigði.
Um leið og þú kaupir miða á sýningu Scotch on Ice geturðu valið að styrkja Hugarafl um 500 krónur eða meira.
Bjóddu einhverjum á uppistand sem þarf að hlæja!

*Ath. allt efni verður flutt á ensku.

Hugarafl
VALDEFLING

Grimur Hotel

BUS HOSTEL REYKJAVÍK

SNOTRA HOSTEL

Leikhús fáránleikans

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það hlaut að koma að því að nemendur við sviðslistabraut Listaháskóla Íslands fengju nóg. Árum saman hafa þau mátt búa við slíkar aðstæður við nám sitt að það þætti til skammar fyrir hvaða fyrirtæki sem er að bjóða starfsfólki sínu upp á slíkt og þurfa þau þó að greiða háar fjárhæðir fyrir námið. Fyrir þessa aðstöðu, sem er auðvitað órjúfanlegur hluti af náminu, greiða þau yfir hálfa milljón á vetri.

Árið 2012 var fjallað um það í fjölmiðlum að húsnæði LHÍ við Sölvhólsgötu væri langt frá því að vera boðlegt. Tónlistardeildin var þá reyndar enn í húsinu en hefur nú verið flutt burt en eftir situr sviðslistadeildin í húsnæði sem hefur meira að segja drabbast enn meira niður á síðustu árum. Húsnæðið er sýkt af myglu, þar lekur stundum úr skolplögnum, loftræstingin er ekki í lagi, aðgengi fyrir hjólastóla ekki til staðar, ekkert mötuneyti, ekkert bókasafn, engin les- eða vinnuaðstaða, dansstúdíó skólans er óeinangraður skúr og hreinlætisaðstaða langt frá því viðunandi.

Allt kemur þetta fram í athugasemdum nemenda og hefur lengi verið vitað. Það vekur þó athygli að þetta er ekki allt og sumt heldur mætti tilgreina fjölmörg fleiri atriði sem fela í sér skerta þjónustu við nemendur, allt til þess að þau séu sjálf að hýsa erlenda gestakennara vegna þess að skólinn sér þeim **ekki** fyrir húsnæði. Það er rétt að tilgreina það atriði í þessu leikhúsi fáránleikans vegna þess að það er lýsandi fyrir það hvernig stjórnendur skólans virðast hafa velt ábyrgðinni yfir á nemendur deildarinnar.

Fjárskortur skólans er ekki og má aldrei vera á ábyrgð nemenda. Sú ábyrgð liggur vissulega fyrst og fremst hjá ríkisvaldinu en þegar málið komst í hámæli á síðasta ári lýsti þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson, því yfir að hann hefði fullan hug á að koma skikki á húsnæðismál skólans. Ekkert hefur enn orðið úr því, Kristján Þór er ekki lengur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og ástandið heldur áfram að versna og skólagjöldin að hækka.

Það er löngu tímabært að stjórnendur Listaháskóla Íslands taki afstöðu með nemendum skólans umfram þann þrönga fjárstakk sem stjórnvöld sníða. Nemendur Listaháskólans eru einu nemendurnir í ríkisreknum háskóla á Íslandi sem er gert að greiða þessi háu skólagjöld og að þeim sé launað með þessum hætti gengur ekki lengur. Baráttan sem nemendurnir standa í þessa dagana er slagur sem stjórnendur skólans hefðu átt að taka á opinberum vettvangi fyrir lifandis löngu. Treysti stjórnendur sér ekki til þess er kannski rétt að fá einhverja aðra til verksins.

Baráttan sem nemendurnir standa í þessa dagana er slagur sem stjórnendur skólans hefðu átt að taka á opinberum vettvangi fyrir lifandis löngu.

Halldór

Frá degi til dags

Ísland skálkaskjól uppljóstrara
Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, vakti á Facebook athygli á frétt á Defense One.com um að WikiLeaks-uppljóstrarinn Chelsea Manning væri með heimasíðu framboðs síns, xyChelsea.is, til öldungadeildar Bandaríkjanna fyrir Maryland-ríki skráða og hýsta á Íslandi. Defence One fjallar um allt sem viðkemur framtíð þjóðaröryggis Bandaríkjanna. Þar er ýjað að því að með þessu sé Manning að halda gögnum frá yfirvöldum. Sjálfur útilokar Björn ekki að maðkur sé í mysunni og spyr hvað valdi þessu. „Hvað segja íslensk lög? Er unnt að gera Ísland að óbeinum þátttakanda í kosningabaráttu í öðru landi? Þjónar það íslenskum hagsmunum?“

Vík milli vina
Gunnar Bragi Sveinsson náði í gær lúmskum hælkrók á sinn fyrrverandi flokksfélaga Ásmund Einar Daðason. Gunnar Bragi yfirgaf Framsóknarflokkinn og situr á þingi fyrir Miðflokkinn. Ásmundur Einar hélt sig í Framsókn og uppskar stól félags- og jafnréttismálaráðherra. Í gær var ráðherrann til andsvara í sérstakri umræðu sem Samfylkingarþingkonan Oddný G. Harðardóttir hóf. Umræðuefnið var „Félagsleg undirboð og svik á vinnumarkaði“. Gunnar Bragi vísaði á Facebook-síðu sinni, af þessu „tilefni“, í frétt á dv.is frá 2016 um að verkamaður hefði verið hlunnfarinn á kúabúi föður ráðherrans.

thorarinn@frettabladid.is

Tóm orð og prósentur

Heiða Björg Hilmisdóttir
formaður Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar og borgarfulltrúi

Undanfarna daga hefur lífleg umræða átt sér stað um almenningssamgöngur þar sem frambjóðendur og þingmenn hafa skrifað greinar og talað fjálglega. Það er eðlilegt að við ræðum mikilvægi samgangna og ekki síst almenningssamgangna þar sem það er mikilvægt að öllu fólki bjóðist öruggar, umhverfisvænar og hagkvæmar samgöngur.

Það eru ekki allir sem geta eða vilja leggja í þá fjárfestingu að reka bíl, eða geta hjólað eða farið sinna ferða fótgangandi þó að allir þessir valmöguleikar eigi að standa til boða. Stjórn Strætó hefur á undanförnum árum lagt áherslu á að bæta þjónustu og ímynd Strætó, þjónustu sem eykur jöfnuð og bætir lífsgæði íbúa höfuðborgarsvæðisins. Ár frá ári fjölgar notendum Strætó, frá árinu 2011 til 2017 hefur ferðum fjölgað um 30%, þ.e. úr níu milljón ferðum á ári í 11,7 milljónir. Það eru vissulega vonbrigði að sjá ekki hækkun á hlutfallslegum fjölda en í könnun á notkun og viðhorfi til Strætó sést að ríflega 50% höfuðborgarbúa nota Strætó eitthvað þó einungis fjögur prósent geri það daglega.

Það er því ljóst að sú fjárfesting sem ríki og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa farið í hefur skilað sér í fjölgun farþega en til að við náum markmiðum okkar þurfum við enn frekari fjárfestingu í almenningssamgöngum, t.a.m. Borgarlínu sem tryggir hraðar samgöngur milli helstu kjarna höfuðborgarsvæðisins. Reyndar er það svo að það er fjárhagslega hagkvæmari kostur að sú aukning á ferðum sem fyrirsjáanleg er með fjölgun fólks verði sem mest í almenningssamgöngum, og fátt mikilvægara fyrir þá sem kjósa einkabíl eða hjól sem fararmáta en að öflugar almenningssamgöngur séu valkostur, þar sem það fækkar bílum á ferð.

Fyrir okkur öll bætir það loftgæði, eykur öryggi, minnkar hávaðamengun og skapar betra samfélag, samfélag þar sem allt fólk getur ferðast saman á umhverfisvænan og hagkvæman hátt. Á venjulegum degi eru farnar um 45.000 ferðir með Strætó og ég held að allir geri sér grein fyrir að það munar um það á götum borgarinnar, á annatímum eru fullir vagnar frekar vandamál en tómir vagnar.

Ár frá ári fjölgar notendum Strætó, frá árinu 2011 til 2017 hefur ferðum fjölgað um 30%, þ.e. úr 9 milljón ferðum á ári í 11,7 milljónir.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Upp með veskin!

Ögmundur Jónasson
fyrrverandi þingmaður

Slagurinn um Kjararáð snýst fyrst og fremst um völd. Ekki jöfnuð, ekki hvað teljist réttlát kjör, bara hverjir skuli ráða kjaraþróuninni í prósentum talið. Handhafar kjarareglustikunnar, sem kalla sig SALEK, eru búnir að knýja ríkisstjórn landsins til valdaafsals í þessu efni. Í síðustu viku fengum við að vita að í ráði væri að setja mél og beisli á Kjararáð og hafa taumhaldið á borði SALEK. Þetta mátti lesa úr boðskapnum.

Sú tilhneiging var rík í kringum aldamótin að gera opinberar stofnanir að hlutafélögum. Stundum var markmiðið það eitt að leggja af réttindakerfi starfsmanna og koma forstjórunum í var með sín laun. Það vill gleymast í þessari umræðu að flestum ríkisforstjórum er meinilla við Kjararáð. Í stjórn hlutafélags er það hins vegar stjórn félagsins sem ákveður forstjóralaunin, „því miður er ekki hægt að upplýsa um þau, menn verða að hafa á því skilning að þau eru trúnaðarmál“. Með hlutafélagafyrirkomulaginu er gagnsæi Kjararáðs þannig fyrir bí og ekkert lengur til að koma láglaunafólkinu úr jafnvægi, með öðrum orðum, margfrægur stöðugleiki er tryggður.

Þannig var þetta hugsað og um þetta snúast deilur á líðandi stund um Kjararáð fyrst og fremst, að halda launaþjóðinni sofandi undir handleiðslu skömmtunarstjóra.

Meira valdaafsal

Aðförin að Kjararáði er bara byrjunin. Nú verður knúið á um frekara valdaafsal.

Atvinnurekendasamtökin eru byrjuð að setja ríkisstjórninni fyrir. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segir í blaðagrein að bæði skorti aðhald og forgangsröðun í ríkiskerfinu. Hvernig væri að tala ögn skýrar, Halldór. Telur talsmaður SA of mikið fara til skólanna eða heilbrigðiskerfisins, varla til Landhelgisgæslunnar því þar er illu heilli verið að skera niður. Eða er hugboð mitt rétt, að Viðskiptaráð og Samtök atvinnulífsins séu að dusta rykið af margframkomnum tillögum sínum um einkavæðingu og einkaframkvæmd?

Til að þau áform gangi upp þarf að byrja á því að búa til fjárhagsþrengingar með „aðhaldi“, síðan mun Viðskiptaráð og SA koma með sérsaumuðu lausnirnar um rétta forgangsröðun að hætti hússins.

Höfum séð á spilin

Því miður hefur verkalýðshreyfingin ekki alltaf staðið í fæturna gagnvart slíkum áformum – þess vegna þarf að hafa varann á nú þegar valdaafsalið er hafið. Við höfum að sjálfsögðu þegar séð á ýmis spil, skerðingu lífeyrisréttinda opinberra starfmanna jafnframt því sem samtök á vinnumarkaði seilast sífellt lengra inn á svið samfélagsþjónustunnar á kostnað hennar.

Viðskiptaráð opni sig

En aftur að Kjararáði og tillögu sem ég set hér með fram. Okkur er sagt að stóri vandinn sé skortur á upplýsingum um kjör og þróun viðmiðunarhópa, og þá væntanlega einnig þeirra sem Kjararáði ber að miða við. Væri ekki ráð að hver og einn einstaklingur sem sæti á í stjórn Viðskiptaráðs opni veski sitt og sýni þjóðinni hvað þar er að finna. Þau sem tjá sig eins ákaft um kjör annarra og þetta fólk gerir, geta varla vikist undan því að ræða eigin kjör. Þetta ætti að vera einfalt og fljótvirkt. Þar með hefði Kjararáð viðmiðunarhópinn til að styðjast við.

Varnarvísitala láglaunafólks

Þegar þessar staðreyndir lægju á borðinu væri rétt að hefja umræðu um hver væri siðferðilega boðlegur kjaramunur. Ég hef stungið upp á einn á móti þremur og flutt um það þingmál. Óþarflega mikill munur kann einhver að segja og virði ég það sjónarmið. En ég legg engu að síður til að við byrjum þarna.

Ef við sammæltumst um þetta og á daginn kæmi að viðsemjendur SA og Viðskiptaráðs væru með minna en nemur þriðjungi af þeirra kjörum, þyrfti að gera annað tveggja, hinir hæstu lækki eða hinir lægstu verði hækkaðir þannig að hlutfallinu verði náð. Þarna væri komin varnarvísitala láglaunafólks.

Ef ekki fylgir með í SALEK pakkanum formúla af þessu tagi, þá er bara ein leið fær: Barátta og aftur barátta!

Samhjálp í 45 ár – þakkir til samfélagsins

Vörður Leví Traustason
framkvæmdastjóri Samhjálpar

Samhjálp fagnar í ár 45 ára afmæli. Starf Samhjálpar er rekið á faglegum grunni en um leið knúið áfram af kærleika, umhyggju og umburðarlyndi gagnvart þeim einstaklingum sem hafa á þessum tíma leitað til samtakanna og þurft á hjálpa að halda. Frá fyrsta degi sinnti Samhjálp þeim einstaklingum sem áttu í engin hús að vernda og lágu kaldir og svangir á götum bæjarins.

Starfsemi Samhjálpar hefur aukist með árunum. Hjartað í rekstri Samhjálpar er meðferðarheimili samtakanna í Hlaðgerðarkoti. Nú standa þar yfir framkvæmdir á nýju húsnæði sem verður að mestu tilbúið á þessu ári. Það var reist í kjölfar öflugrar landssöfnunar sem fór fram á Stöð 2 í samstarfi við 365 miðla haustið 2015. Sá velvilji sem þjóðin sýndi Samhjálp í þeirri söfnun gefur ágæta mynd af starfi samtakanna, sem þjónað hefur þúsundum einstaklinga á síðustu 45 árum.

Samhjálp rekur í dag fjögur áfanga- og stuðningsheimili í Reykjavík og Kópavogi þar sem einstaklingum, sem í flestum tilvikum hafa lokið áfengis- og vímuefnameðferð, er veitt aðstoð við að fóta sig aftur í lífinu. Að staðaldri eru 90 manns í langtímaúrræðum á vegum Samhjálpar á hverjum degi. Þá rekur Samhjálp einnig nytjamarkað í fjáröflunarskyni og síðast en ekki síst má nefna Kaffistofu Samhjálpar í Borgartúni þar sem boðið er upp á morgunkaffi, meðlæti og heita máltíð í hádeginu alla daga ársins, þ.m.t. um helgar og helgidaga. Þjónustan er í boði fyrir fátæka, heimilislausa og aðra þá sem þurfa á aðstoð að halda. Um 67 þúsund máltíðir eru gefnar á Kaffistofunni á ári hverju.

Á tímamótum sem þessum er mér þakklæti efst í huga. Öflugt starf Samhjálpar byggir í meginatriðum á tveimur grunnum, annars vegar fórnfýsi fjölmargra sem starfa fyrir og með samtökunum á degi hverjum við að hjálpa öðrum og hins vegar á þeim mikla velvilja sem stjórnvöld, fyrirtæki og einstaklingar hafa sýnt samtökunum í gegnum tíðina. Þessi velvilji samfélagsins í garð Samhjálpar er ómetanlegur. Markmið Samhjálpar er að veita bjargir þeim einstaklingum sem halloka hafa farið í lífinu, vegna sjúkdóma, fátæktar eða annarra samfélagslegra vandamála, m.a. vegna áfengis- og vímuefnavanda. Í 45 ár hafa samtökin staðið vaktina fyrir þessa einstaklinga og samhliða því hafa samtökin notið mikillar velvildar í samfélaginu. Fyrir það ber að þakka.

Við munum halda áfram að hjálpa þeim sem minna mega sín og efla starf Samhjálpar um ókomna tíð.

FRIDAY
U-sófi. Hægri tunga. Grátt og brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 330 × 230/170 × 90 cm

25% AFSLÁTTUR

209.993 kr. ~~279.990 kr.~~

GENOA
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Svart, grátt eða brúnt leður. Stærð: 295 x 163 x 93 cm

30% AFSLÁTTUR

265.993 kr. ~~379.990 kr.~~

DC 3600
2ja eða 3ja sæta sófi úr koníaksbrúnu eða svörtu, ekta leðri.

25% AFSLÁTTUR

2ja sæta: 143 x 80 x 80 cm
164.993 kr. ~~219.990 kr.~~

3ja sæta stærð: 202 x 80 x 80 cm
209.993 kr. ~~279.990 kr.~~

DC 6000
Sérlega vandaður 2,5 eða 3ja sæta leðursófi. Svart áferðarfallegt Savoy split leður.

20% AFSLÁTTUR

2,5 sæta: 193 × 99 × 83 cm
239.992 kr. ~~299.990 kr.~~

3ja sæta: 229 × 99 × 83 cm
271.992 kr. ~~339.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR

EMPIRE
La-Z-Boy stóll. Brunt slitsterkt áklæði.
Stærð: 80 × 70 × 102 cm

71.992 kr. ~~89.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR

STANLEY
La-Z-Boy stóll úr svörtu leðri.
Stærð: 81 × 94 × 103 cm

127.992 kr. ~~159.900 kr.~~

PINNACLE
3ja sæta La-Z-Boy sjónvarpssófi. Fæst í dökkgráu eða brúnu slitsterku áklæði og svörtu eða brúnu leðri
Stærð: 210 × 95 × 105 cm

25% AFSLÁTTUR

Áklæði
209.993 kr. ~~279.990 kr.~~

Leður
299.993 kr. ~~399.990 kr.~~

KÄHLER
Allar vörur frá Kähler með 50% afslætti

50% AFSLÁTTUR

JAKOBSDAL PÚÐAR
Allir púðar frá Jakobsdal með 50% afslætti.

50% AFSLÁTTUR

Verð frá:
3.495 kr. ~~6.990 kr.~~

LYRE
Glæsilegt borðstofuborð frá POMAX úr endurunnum álmi. Borðplata klædd málmi.
Ø: 118 cm
og hæð: 76 cm

65% AFSLÁTTUR

99.990 kr. ~~289.990 kr.~~

Reykjavík
Bíldshöfði 20
10 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1
10 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 4. febrúarr eða á meðan birgðir endast.

DARYLL

Kollar úr málmi.
Þrír litir.

SÍÐUSTU EINTÖKIN

58% AFSLÁTTUR

5.000 kr. ~~11.990 kr.~~

NEPTUN

Borðstofustóll.
Svartur og krómfætur.

SÍÐUSTU EINTÖKIN

75% AFSLÁTTUR

2.990 kr. ~~11.990 kr.~~

GHOST

Hægindastóll í mörgum litum í áklæði og svörtu leðri.

Ghost í áklæði
95.992 kr. ~~119.990 kr.~~

Ghost í leðri
127.992 kr. ~~159.900 kr.~~

BOYD

Þriggja sæta sófi og Hægindastóll. Grátt sléttflauel eða brúnt PU-áklæði. Stærð: 215 × 87 × 78 cm

25% AFSLÁTTUR

Sléttflauel sófi
89.993 kr. ~~119.990 kr.~~

PU-áklæði sófi
93.743 kr. ~~124.990 kr.~~

Sléttflauel stóll
43.493 kr. ~~57.990 kr.~~

PU-áklæði stóll
44.993 kr. ~~59.900 kr.~~

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

HÚSGAGNA HÖLLIN

Haukar upp að hlið Vals

Þórhildur Braga Þórðardóttir sést hér fara fram hjá Emmu Havin Harðardóttur í leik Hauka og Gróttu í gær. Haukar unnu öruggan sigur, 36-21, eftir að hafa verið 16-12 yfir í hálfleik. Allir leikmenn Hauka, nema Rakel Sigurðardóttir, komust á blað í leiknum. Áðurnefnd Emma var atkvæðamest Gróttukvenna með sex mörk. Með sigrinum komust Haukar upp að hlið Vals á toppnum en Valur tapaði fyrir ÍBV í Eyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Yfir 30 íþróttamenn glíma við eftirköst heilahristings

Í dag fer fram forvitnilegur fyrirlestur sem þrjár fyrrverandi knattspyrnukonur halda um heilahristing og heilaáverka í fótbolta. Ólína Viðarsdóttir, fyrrverandi landsliðskona í knattspyrnu, lagði skóna á hilluna í sumar eftir að hafa fengið bolta í höfuðið og hefur ekki getað hreyft sig í hartnær sjö mánuði.

FÓTBOLTI „Ég get nefnt yfir 30 íþróttamenn og -konur sem ég þekki og veit um sem glíma við eftirköst heilahristings. Við erum saman í hópi en samt er þessi fjöldi bara brot af mun stærra vandamáli. Vandamál sem ég gerði mér ekki grein fyrir að væri til," segir landsliðskonan fyrrverandi Ólína Viðarsdóttir en hún getur nú aðeins farið í stutta göngutúra rúmum sjö mánuðum eftir að hafa fengið höfuðhögg í leik með KR.

Ólína er ein af þremur fyrrverandi fótboltakonum sem munu deila reynslu sinni en fyrirlesturinn fer fram í húsakynnum Hugarfars að Sigtúni 42 og byrjar hann klukkan 19. Hinar, Sara Hrund Helgadóttir og Hulda Mýrdal, hafa einnig lagt skóna á hilluna eftir höfuðhögg.

Sara Hrund var ein af lykilkonunum í liði Grindavíkur og var fyrirliði University of West Florida, sagði stopp í fyrra eftir að hafa fengið sjötta heilahristinginn á átta árum þegar hún rotaðist í leik í Pepsi-deildinni. Hún greindi sjálf frá ákvörðun sinni og sagði þar að hún hefði verið með stöðugan hausverk í átta ár vegna höfuðhöggs.

Hulda Mýrdal fékk högg aftan á höfuðið árið 2015 og birti pistil í fyrra sem vakti athygli enda hafði hún glímt við afleiðingar höfuðhöggsins í 18 mánuði. Ólína segir að þær muni tala um reynslu sína, hvernig það sé að vera með heilahristingsheilkenni. „Við erum að fara segja hvað gerðist, hvað tók svo við í framhaldinu, segja frá hvernig var brugðist við og hvað við erum að gera í dag."

> Ég spilaði minn síðasta leik 27. júní og hef eiginlega ekkert getað hreyft mig eftir það. Ekki hlaupið og ég er enn í göngutúrum og það eru liðnir sjö mánuðir.
>
> Ólína Viðarsdóttir

Ólína fékk höfuðhögg í maí þegar stutt var liðið af Pepsi-deild kvenna. Hún er margreyndur landsliðsmaður og spilaði 70 landsleiki og skoraði í þeim tvö mörk. „Ég hélt áfram að leika eftir höfuðhöggið. Spilaði meira að segja tvo leiki eftir það en fékk heilahristing í kjölfarið og varð þá mjög slæm. Ég spilaði minn síðasta leik 27. júní og hef eiginlega ekkert getað hreyft mig eftir það. Ekki hlaupið og ég er enn í göngutúrum og það eru liðnir sjö mánuðir.

Ólína Viðarsdóttir og Guðrún Sóley Gunnarsdóttir eftir landsleik Íslands. Báðar hafa þær sett skóna upp í hillu eftir höfuðhögg. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Þetta eru víðtæk en óljós einkenni eins og þreyta, höfuðverkur og einbeitingarleysi sem ég tengdi ekki við heilahristinginn. Ég fékk boltann beint í hausinn en rotaðist ekki og bað ekki um aðstoð. Það tók held ég enginn eftir því en í kjölfarið fékk ég miklar sjóntruflanir og ég tengdi ekkert af þessu við höfuðhöggið fyrr en ég var orðin slæm."

Ólína segir að þær vilji opna á umræðuna og fræða fólk enda sé þörfin greinilega brýn. „Einkennin eru óljós og líka er fyrirlesturinn til að vekja athygli á úrræðaleysinu fyrir íþróttafólk því það er alveg ofboðslega stór hópur sem er að berjast við þetta.

Við ætlum að gera það sem við getum og vonumst til að sjá sem flesta. Ég veit að íþróttafólk er svolítið í sínu eigin horni og það virðist vera lítil þekking þannig fólk veit ekki hvert það á að snúa sér.

Þetta er okkar leið til að opna umræðuna." **benediktboas@365.is**

Paul Alcock eftir viðskipti sín við Paolo Di Canio. NORDICPHOTOS/GETTY

Dómarinn sem Di Canio hrinti látinn

FÓTBOLTI Knattspyrnudómarinn fyrrverandi Paul Alcock lést á mánudag eftir hetjulega baráttu við krabbamein. Alcock er trúlega þekktastur fyrir að hafa verið hrint af Ítalanum Paolo Di Canio í viðureign Sheffield Wednesday og Arsenal árið 1998. Ítalinn fékk 11 leikja bann fyrir athæfi sitt og þurfti að greiða 10 þúsund pund í sekt.

Alcock lést á Maidstone-sjúkrahúsinu í Kent en tvö og hálft ár er liðið frá því að hann greindist fyrst með krabbamein. Eftir að hann lagði flautuna á hilluna fór hann að einbeita sér að góðgerðarstarfsemi og safnaði þúsundum punda sem runnu til góðs málefnis.

Alcock byrjaði með flaggið í hendinni þegar hann var orðinn 28 ára og var kominn með öll dómaraleyfi sex árum síðar. Hann var fyrst dómari í ensku úrvalsdeildinni árið 1995 en fyrsti leikurinn sem hann stýrði í deildinni var viðureign Coventry og Manchester United.

Alls dæmdi hann 94 leiki í ensku úrvalsdeildinni til ársins 2000 áður en hann færði sig í neðri deildirnar þar sem hann blés lokaleikinn af tveimur tímabilum síðar.

Alcock steinlá eftir að Paolo Di Canio hafði stuggað hressilega við honum.

Hans verður ætíð minnst sem dómarans sem varð fyrir ofsabræði Ítalans Paolo Di Canio. Ítalinn varð sér þá til ævarandi skammar og dró nafn Miðvikudagsmanna niður í svaðið með stælum sínum.

Sumir efuðust reyndar um Alcock og sökuðu hann um leikaraskap. Sögðu að enginn gæti dottið svona við snertinguna sem Di Canio bauð upp á. En þeir voru fáir og þær raddir hafa lítið heyrst að undanförnu.

Mike Riley, yfirmaður dómaramála á Englandi, minntist vinar síns í samtali við vefsíðu ensku deildarinnar og sagði að hann hefði verið að hjálpa við að búa til næstu kynslóð dómara Á Englandi.

Alcock sagði í samtali við The Sun á sínum tíma að baráttan við krabbann væri erfiðara verkefni en að dæma hjá Di Canio. **– bb**

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 31. janúar 2018

4. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

Getur keypt hlut hlut ríkisins á 23 milljarða

Ef Kaupþing nýtir sér kauprétt að 13 prósenta hlut ríkisins í Arion banka þarf félagið að greiða um 23 milljarða. Það jafngildir genginu 0,8 miðað við eigið fé. Bréfin yrðu seld áfram á sama gengi til lífeyrissjóða. Kaupþing vill svar frá sjóðunum fyrir helgi. » 2

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

»4

Hækkaði yfir 50 prósent í virði á hálfu ári

Virði hlutafjár félags sem var stofnað vegna kaupa á hlut í Stoðum hækkaði um 53 prósent á síðari hluta 2017. Á meðal hluthafa er félag Malcolms Walker, stofnanda og eiganda Iceland Foods.

»6

Regluverkið sagt of dýrt og íþyngjandi

Ný Evróputilskipun, sem tekur gildi hér á landi á næsta ári, gæti leitt til þess að árlegar tekjur af fjárfestingarbankastarfsemi dragist saman um allt að þrjú prósent. Regluverkið mun valda straumhvörfum á evrópskum verðbréfamörkuðum.

»10

Þau eru svo eftirsótt Íslandsmið

„Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld átti sig á þeim alvarleika sem vinnumarkaðurinn stendur frammi fyrir ef óskráðum erlendum aðilum er gefinn óheftur aðgangur að eftirsóttum Íslandsmiðum á ferðaþjónustumarkaði," segir Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri hjá SAF.



Fræsum íbúðir, fyrirtæki, bílaplön og gangstéttir.

Mjög ryklétt og snyrtileg fræsing.

Verð frá kr. 7.990 krónur fm2. Gerum tilboð í stærri verk.

www.golfhitalausnir.is · golfhitalausnir@golfhitalausnir.is · Sími: 899 1604

GÓLFHITA LAUSNIR

Kvika lýkur fjármögnun á bresku fjárfestingarfélagi

Kvika fjárfestingabanki hefur lokið 17 milljóna punda, jafnvirði 2,4 milljarða króna, fjármögnun á bresku fjárfestingarfélagi, OSF II, sem fjárfestir í breskum veðskuldabréfum með veði í fasteignum. Félagið var sett á stofn í samstarfi við breska fasteignalánafélagið Ortus Secured Finance.

Hannes Frímann Hrólfsson, framkvæmdastjóri eignastýringar Kviku, segir að verkefnið sé hið fyrsta sinnar tegundar hjá bankanum í Bretlandi eftir að hann opnaði skrifstofu í Lundúnum á síðasta ári. „Við höfum góða reynslu af rekstri sjóða sem þessara. Við rekum allnokkra innlenda veðskuldabréfasjóði og erum nú að útvíkka það til Bretlands í samstarfi við Ortus í þessu tilviki," nefnir hann.

Hannes segir umfang starfsemi bankans í Bretlandi hafa aukist mikið og að mörg ný og áhugaverð fjárfestingartækifæri séu þar til skoðunar.

Breska félagið Ortus var stofnað árið 2013 af fyrrverandi stjórnendum Kaupþings Singer & Friedlander. Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku, gegndi starfi framkvæmdastjóra hjá félaginu fram til ársins 2015 en hann situr nú í stjórn þess ásamt Örvari Kjærnested fjárfesti sem er jafnframt formaður stjórnar Ortus.

Hannes Frímann Hrólfsson, framkvæmdastjóri eignastýringar Kviku banka

Líftími fjárfestingarinnar er fimm ár og er fjárfestingin í breskum pundum. Fjárfestingin var sérhönnuð fyrir fyrst og fremst íslenska viðskiptavini Kviku, en einnig taka nokkrir breskir viðskiptavinir bankans þátt. Hannes Frímann segir áhugann af hálfu fjárfesta hafa verið mikinn.

„Ástæðan er líkast til af tvennum toga. Annars vegar leitast margir innlendir fjárfestar nú eftir því að dreifa áhættu og fjárfesta fyrir utan Ísland og hins vegar eru væntingar um ávöxtun í umræddu verkefni háar þegar horft er til vaxtastigs í Bretlandi. Það lýsir því kannski vel hvað lánamarkaðurinn í Bretlandi er erfiður um þessar mundir að það má ná fram hárri ávöxtun og það í pundum með tryggum fjárfestingum, en veðskuldabréfin eru með veði í fasteignum og oftast á fyrsta veðrétti. Að teknu tilliti til áhættu teljum við þannig að ávöxtunarmöguleikarnir séu góðir," segir hann. – **kij**

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang visir.is

Bjóða lífeyrissjóðum hlut ríkisins í Arion

Ef Kaupþing nýtir sér kauprétt að 13% hlut ríkisins þarf félagið að greiða um 23 milljarða. Það jafngildir genginu 0,8 miðað við eigið fé bankans. Bréfin yrðu seld á sama gengi til lífeyrissjóða. Kaupþing vill svar frá sjóðunum fyrir helgi.

Kaupþing þarf að greiða um 23 milljarða króna fyrir þrettán prósenta hlut íslenska ríkisins í Arion banka ef eignarhaldsfélagið ákveður að nýta kauprétt sem það hefur að hlutnum, samkvæmt heimildum Markaðarins. Hefur Kaupþing uppi áform um að leysa til sín hlutinn og selja áfram – á sama verði og hann yrði keyptur á af ríkinu – til íslenskra lífeyrissjóða, tryggingafélaga og mögulega annarra fagfjárfesta. Bókfært virði eignarhlutar ríkisins miðað við núverandi eigið fé Arion banka er tæplega 29 milljarðar.

Kaupþing hefur þegar gert lífeyrissjóðunum tilboð, sem barst þeim síðastliðinn miðvikudagsmorgun, um að selja sjóðunum að lágmarki samtals fimm prósenta hlut í bankanum en Kaupþing á fyrir um 57 prósent í Arion banka. Samkvæmt tilboðinu býðst sjóðunum að kaupa á föstu verði sem er rétt yfir genginu 0,8 miðað við eigið fé bankans í lok þriðja ársfjórðungs 2017. Það er nánast sama gengi og kaupréttur Kaupþings, sem grundvallast á hluthafasamkomulagi frá árinu 2009, er á ef félagið myndi nýta sér hann í dag, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Ákvörðun Kaupþings um að mögulega kaupa þrettán prósenta hlut ríkisins í Arion banka ætti að liggja skýrar fyrir á næstu dögum þegar meira verður vitað um áhuga lífeyrissjóða á bankanum. Þannig hefur Kaupþing, sem nýtur ráðgjafar Kviku banka í söluferlinu, óskað eftir því að hver og einn sjóður gefi svar í síðasta lagi á föstudag í þessari viku um hvort þeir hafi í hyggju að fara í óskuldbindandi viðræður á grundvelli tilboðs Kaupþings og þá hversu stóran hlut þeir kunna að vilja kaupa. Samkvæmt heimildum Markaðarins verður kaupréttur Kaupþings aðeins nýttur ef lífeyrissjóðirnir reynast áhugasamir um að kaupa talsvert stærri hlut en fimm prósent – kannski tíu til fimmtán prósent – í Arion banka.

Hvort af kaupunum verður, en samkvæmt tilboði Kaupþings er gert ráð fyrir að klára þau fyrir birtingu ársreiknings Arion banka um miðjan febrúar, mun ráðast mjög af afstöðu fjögurra stærstu lífeyrissjóðanna – LSR, Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Gildis og Birtu. Að sögn þeirra sem þekkja vel til stöðu mála er þannig talið nauðsynlegt að tveir sjóðanna hið minnsta hafi aðkomu að kaupunum eigi þau að verða að veruleika. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur einn af stóru lífeyrissjóðunum hins vegar nú þegar gert það upp við sig að hann hafi ekki í hyggju að fara í viðræður við Kaupþing um kaup á hlut í bankanum.

Kaupþing á fyrir 57 prósenta hlut í Arion banka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

0,8

er gengið miðað við núverandi eigið fé sem Kaupþing getur nýtt sér kaupréttinn á á hlut ríkisins í Arion banka.

Fékk hlutinn á 9 milljarða

Í samtölum við stjórnendur lífeyrissjóðanna leggja þeir áherslu á að mikilvægt sé að fá vissu fyrir því af hálfu Kaupþings að áform um að ráðast í kjölfarið í alþjóðlegt útboð og skráningu á Arion banka síðar á árinu gangi eftir. Enginn áhugi sé fyrir því að eiga lítinn hlut í óskráðum banka á móti erlendum vogunarsjóðum og Kaupþingi, sem er að stærstum hluta einnig óbeint í eigu sömu vogunarsjóða. Fyrir Kaupþing er talið mikilvægt að fá lífeyrissjóðina, stærstu stofnanafjárfesta landsins, til að kaupa í bankanum í aðdraganda útboðs enda yrði slíkt talið traustleikamerki á bankanum sem fjárfestingakosti í augum erlendra fjárfesta.

Íslenska ríkið eignaðist þrettán prósenta hlutinn í Arion banka, sem þá hét Nýja Kaupþing, í árslok 2009 samhliða því að ríkissjóður lagði honum til rúmlega níu milljarða í hlutafé við stofnfjármögnun bankans. Möguleg sala á hlut ríkisins í bankanum til Kaupþings í samræmi við hluthafasamkomulagið hefur verið til skoðunar innan fjármálaráðuneytisins, eins og greint var frá í forsíðufrétt Fréttablaðsins síðastliðinn fimmtudag.

hordur@frettabladid.is

Glitnir greiðir tvo milljarða til ríkisins

Eignarhaldsfélagið Glitnir HoldCo, sem var stofnað eftir að slitabú Glitnis lauk nauðasamningum í árslok 2015, hefur gengið frá greiðslu upp á tvo milljarða króna til íslenska ríkisins. Voru fjármunirnir inntir af hendi til Lindarhvols, eignarhaldsfélags sem heldur utan um stöðugleikaeignir gömlu bankanna sem voru framseldar til ríkisins í ársbyrjun 2016, í síðasta mánuði.

Greiðslan kemur til vegna þess að félagið nýtir ekki að fullu heimild sem það fékk til að draga frá allt að fimm milljarða króna af upphaflegu stöðugleikaframlagi sínu í því skyni að standa straum af rekstrarkostnaði sem stofnast til við starfsemi Glitnis á Íslandi til ársloka 2018. Innlendur rekstrarkostnaður Glitnis HoldCo hefur því numið samtals um þremur milljörðum króna á síðustu tveimur árum en félagið hefur selt nánast allar sínar eignir. Um síðustu áramót voru einungis 1,8 milljónir evra eftir af óseldum eignum og verður daglegum rekstri félagsins því hætt núna um mánaðamótin.

Ólíkt Glitni HoldCo gera eignarhaldsfélögin LBI (gamli Landsbankinn) og Kaupþing hins vegar bæði ráð fyrir því að innlendur rekstrarkostnaður þeirra verði yfir fimm milljörðum á árunum 2016 til 2018. Ekki er því að vænta að félögin greiði slíkt viðbótarstöðugleikaframlag til ríkisins, líkt og Glitnir hefur gert.

Daglegum rekstri Glitnis verður hætt um mánaðamótin.

Eignarhaldsfélög gömlu bankanna áforma að greiða samtals marga milljarða króna í bónusgreiðslur til stjórnenda og lykilstarfsmanna, meðal annars ýmissa íslenskra starfsmanna, í samræmi við kaupaukakerfi sem hafa verið samþykkt. Þær bónusgreiðslur verða hins vegar að greiðast með erlendum eignum félaganna. Þetta var gert til að fyrirbyggja þann möguleika að stöðugleikaframlag kröfuhafa til stjórnvalda yrði minna en ella vegna milljarða bónusa til íslenskra starfsmanna þeirra eignarhaldsfélaga sem yrðu til eftir nauðasamninga gömlu bankanna. – **hae**

Mikilvægt samband við umheiminn

Fyrirtækjalausnir Vodafone

„Við erum mjög ánægð með samstarfið við Vodafone. Þau hjálpa okkur að fylgja tæknilegum nýjungum og þar af leiðandi getum við veitt betri þjónustu.“

Pálína Gunnarsdóttir
flugvélaleiga og rekstrarsvið Icelandair Cargo

Nánar á: vodafone.is/fyrirtaeki

Framtíðin er spennandi.
Ertu til?

vodafone

Hækkaði yfir fimmtíu prósent í virði

Virði hlutafjár félags sem var stofnað vegna kaupa á hlut í Stoðum hækkaði um 53 prósent á síðari hluta síðasta árs. Á meðal hluthafa er félag Malcolms Walker, stofnanda og eiganda bresku verslanakeðjunnar Iceland Foods. Ætla má að virði Stoða sé um 20 milljarðar.

Virði hlutafjár félags sem stofnað var vegna kaupa á hlut í eignarhaldsfélaginu Stoðum, áður FL Group, hækkaði um meira en 50 prósent á seinni helmingi síðasta árs. Miðað við gengi hlutafjárins í hlutafjáraukningu sem ráðist var í í byrjun desembermánaðar er virði umrædds félags, S121, ríflega tveir milljarðar króna. Má þannig ætla að virði Stoða sé um 20 milljarðar króna, en 9,87 prósenta hlutur S121 í Stoðum er eina eign félagsins.

Á meðal hluthafa í S121 er félag breska kaupsýslumannsins Malcolms Walker, stofnanda og eiganda bresku verslanakeðjunnar Iceland Foods, og Tarsems Dhaliwal, framkvæmdastjóra keðjunnar, og fjárfestingarfélag Þorsteins M. Jónssonar, fyrrverandi eiganda drykkjaframleiðandans Vífilfells.

Hópur fjárfesta ásamt tryggingafélaginu TM keypti í byrjun síðasta árs, í gegnum félögin S121 og S122, rúmlega fimmtíu prósenta hlut í Stoðum, sem á tæp níu prósent í evrópska drykkjaframleiðandanum Refresco, af Glitni HoldCo og erlendum fjármálastofnunum. Ljóst er að hópurinn hefur hagnast verulega á kaupunum en síðasta haust, nokkrum mánuðum eftir kaupin, var tilkynnt um yfirtöku fjárfestingarsjóðanna PAI Partners og British Columbia Investment Management á Refresco fyrir jafnvirði um 200 milljarða króna. Samkvæmt heimildum Markaðarins er gert ráð fyrir að yfirtakan gangi í gegn í apríl á þessu ári.

Til marks um ríkulegan gengishagnað fjárfestahópsins hækkaði virði hlutafjár S121 um 53 prósent frá maí til desembermánaðar á síðasta ári. Á hluthafafundi í lok maí var hlutafé félagsins hækkað á genginu 1,14, þegar kröfum hluthafa var breytt í hlutafé, en gengið var hins vegar komið í 1,75 í hlutafjáraukningu sem ráðist var í þann 1. desember. Eftir síðarnefndu aukninguna, þar sem hlutaféð var aukið um 639 milljónir króna að söluvirði, er hlutafé félagsins 1,2 milljarðar króna og virði félagsins þannig 2,0 milljarðar króna miðað við gengið 1,75.

Félög tengd Jóni Sigurðssyni, fyrrverandi forstjóra FL Group og stjórnarmanni í Refresco frá árinu 2009, lögðu S121 til hvað mest fjármagn, eða um 265 milljónir króna, í hlutafjáraukningunni í desember, en félög sem tengjast Einari Erni Ólafssyni, fyrrverandi forstjóra Skeljungs og stjórnarmanni í TM, Magnúsi Ármann, fjárfesti og fyrrverandi stjórnarmanni FL Group, Þorsteini M. Jónssyni, Örvari Kjærnested, fjárfesti og stjórnarmanni í TM, og Jóhanni Arnari Þórarinssyni, forstjóra veitingarisans Foodco, keyptu einnig stóran hluta nýs hlutafjár.

Eina eign eignarhaldsfélagsins Stoða er tæplega níu prósenta hlutur í Refresco. Tilkynnt var um yfirtöku PAI Partners og British Columbia Investment Management á Refresco fyrir jafnvirði um 200 milljarða króna í október á síðasta ári en gert er ráð fyrir að kaupin gangi í gegn í apríl á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Jón í lykilhlutverki í samningaviðræðunum

Ýmis gögn sem varða yfirtöku fjárfestingarsjóðanna PAI Partners og British Columbia Investment Management á Refresco og gerð voru opinber í síðustu viku, þar á meðal skilmálar kaupsamningsins, sýna hve veigamiklu hlutverki Jón Sigurðsson gegndi við samningaviðræðurnar.

Jón, sem hefur setið í stjórn Refresco frá árinu 2009, var skipaður í sérstaka þriggja manna stýrinefnd sem var falið að leggja mat á tilboð fjárfestingarsjóðanna og ráðleggja stjórn Refresco við ákvarðanatökuna. Auk hans sátu stjórnarformaðurinn Yiannis Petrides og stjórnarmaðurinn Theo De Kool í nefndinni.

Eftir að stjórn Refresco ákvað að ganga til viðræðna við sjóðina fundaði stýrinefndin stíft með fulltrúum sjóðanna í Amsterdam þar til samkomulag náðist. Niðurstaðan var sú að Refresco yrði tekið yfir á genginu 20 evrur á hlut en upphaflegt tilboð sjóðanna hljóðaði upp á 19,75 evrur á hlut.

Malcolm Walker meðal hluthafa

Til viðbótar við ofangreind félög er breska félagið Strahan III í eigu Malcolms Walker og bresks meðfjárfestis hans á meðal hluthafa í S121, samkvæmt gögnum sem Markaðurinn hefur undir höndum. Viðskiptafélagarnir eru einnig eigendur Póstmiðstöðvarinnar ásamt félagi Einars Arnar, Höllu Sigrúnar Hjartardóttur, fyrrverandi stjórnarformanns Fjármálaeftirlitsins, og Kára Þórs Guðjónssonar fjárfestis.

Þá á félag í eigu Árna Sigurðssonar, yfirmanns stefnumótunar og þróunar hjá Marel og bróður Jóns Sigurðssonar, auk þess óverulegan hlut í S121.

Malcolm Walker, eigandi Iceland Foods

TM á jafnframt óbeinan 12,5 prósenta hlut í Stoðum í gegnum S121 og S122, en hluturinn var metinn á tæpa 1,8 milljarða í bókum félagsins í lok júnímánaðar, áður en tilkynnt var um yfirtökuna á Refresco.

Ekki hafa fengist upplýsingar um hvað var greitt fyrir hlutinn í Stoðum í fyrra, en miðað við gengi bréfa Refresco á hlutabréfamarkaðinum í Amsterdam á þeim tíma þegar kaupin gengu í gegn er líklegt kaupverð um sjö til átta milljarðar króna. Samkvæmt heimildum Markaðarins gerði fjárfestahópurinn einnig sérstakan afkomuskiptasamning við Glitni HoldCo sem tryggði félaginu hlutdeild í framtíðarhagnaði af sölu Refresco. Var samningurinn gerður gagngert vegna væntinga um að drykkjaframleiðandinn yrði yfirtekinn. Umsvifamiklir fjárfestingarsjóðir höfðu sýnt Refresco mikinn áhuga um nokkurt skeið.

Virði 8,9 prósenta eignarhlutar Stoða í Refresco – sem er í gegnum félagið Ferskur Holding – var 12,7 milljarðar í árslok 2016, 15,8 milljarðar í lok júní í fyrra en er 17,9 milljarðar miðað við samþykkt yfirtökugengi. Hefur hluturinn þannig hækkað um 41 prósent í virði á einu ári.

Ef tekið er mið af heildarkaupverði erlendu sjóðanna á Refresco, sem nemur um 1,62 milljörðum evra, fær eignarhaldsfélagið Ferskur Holding, stærsti einstaki hluthafi Refresco með 14,53 prósenta eignarhlut, 235 milljónir evra, eða sem nemur um 29 milljörðum króna, í sinn hlut.

Markaðurinn greindi frá því í síðustu viku að vilji stæði til þess af hálfu stærstu hluthafa Stoða að halda starfsemi félagsins áfram þegar yfirtakan á Refresco klárast. Við það verður til stærsta fjárfestingarfélag landsins með liðlega átján milljarða króna í eigið fé.

kristinningi@frettabladid.is

Sýknað af kröfu ET Sjónar

Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði í síðustu viku Virðingu, sem sameinaðist Kviku fjárfestingarbanka á síðasta ári, af skaðabótakröfu félagsins ET Sjónar í eigu Eiríks Ingvars Þorgeirssonar.

Félagið krafðist þess að fá greiddar liðlega 300 milljónir króna í skaðabætur vegna meintrar ófullnægjandi ráðgjafar af hálfu Auðar Capital, sem síðar sameinaðist Virðingu.

ET Sjón er einn þriggja hluthafa eignarhaldsfélagsins Þorgerðar sem seldi 45 prósenta hlut sinn í drykkjaframleiðandanum Ölgerðinni haustið 2016. Félagið fór fram á að sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu legði lögbann á söluna en þeirri beiðni var hafnað.

Skömmu síðar var tilkynnt um sölu á 69 prósenta hlut í Ölgerðinni til framtakssjóðanna Akurs fjárfestingar, Horns III og hóps einkafjárfesta.

Félagið Þorgerður var stofnað í október árið 2010 utan um kaup á hlut í Ölgerðinni. Fjárfestingarsjóðurinn Auður 1, í stýringu Auðar Capital og eigu lífeyrissjóða og einkafjárfesta, fór fyrir kaupendahópnum og átti meirihluta hlutafjár í Þorgerði. ET Sjón átti tæplega 30 prósenta hlut í félaginu.

Samkvæmt heimildum Markaðarins tengist óánægja Eiríks Ingvars með ráðgjöf Auðar Capital því að hann hafi þurft að bera kostnað vegna rúmlega milljarðs króna endurálagningar ríkisskattstjóra á Ölgerðina árið 2013 vegna öfugs samruna félagsins frá árinu 2007. – kij

Spá auknum rekstrarhagnaði hjá Marel

Hagfræðideild Landsbankans býst við að rekstrarhagnaður Marels fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) hafi aukist lítillega á fjórða fjórðungi síðasta árs frá sama tíma árið 2016. Spá sérfræðingar deildarinnar að EBITDA félagsins hafi verið 48,2 milljónir evra, sem jafngildir ríflega sex milljörðum króna, á fjórðungnum borið saman við 47,4 milljónir evra á síðasta fjórðungi ársins 2016.

Marel mun birta uppgjör fyrir fjórða fjórðung síðasta árs í næstu viku.

Greinendur bankans gera hins vegar ráð fyrir því að rekstrarhagnaðurinn aukist verulega, eða um 10,7 prósent, á þessu ári og rjúfi 200 milljóna evra múrinn. Benda þeir meðal annars á mikill vöxtur pantanabókarinnar gefi góð fyrirheit fyrir tekjuvöxt næstu fjórðunga.

Hagfræðideildin spáir því að EBITDA Icelandair Group hafi verið neikvæð um 18,9 milljónir dala, jafnvirði 1,9 milljarða króna, á fjórða fjórðungi síðasta árs, en félagið birtir einnig uppgjör í næstu viku. Er það í nokkru samræmi við spár stjórnenda félagsins sem gera ráð fyrir að EBITDA fjórðungsins hafi verið neikvæð á bilinu 12 til 22 milljónir dala.

Til samanburðar var EBITDA félagsins jákvæð um 2,5 milljónir dala á sama fjórðungi árið 2016. Félagið mun birta uppgjör fyrir fjórða fjórðung síðasta árs í næstu viku.

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels.

Í afkomuspá hagfræðideildarinnar er bent á að eldsneytiskostnaður hafi verið sjö prósentum hærri og gengisvísitalan tveimur prósentum lægri en stjórnendur Icelandair Group ráðgerðu á fjórða fjórðungi. Það ætti að öllu óbreyttu að hafa í mesta lagi tveggja til þriggja milljóna dala neikvæð áhrif á rekstur félagsins. Verkfall flugvirkja hafi einnig skaðað reksturinn, hugsanlega um sem nemur einum til þremur milljónum dala, þótt ómögulegt sé að gera grein fyrir raunkostnaði þess. – kij

LÍFIÐ ER NÚNA

ALDREI HORFA Á KRABBAMEINSSJÚKLING EINS OG HANN SÉ AÐ DEYJA

#LÍFIÐERNÚNA

KRABBAMEIN KEMUR ÖLLUM VIÐ!

LEGGÐU OKKUR LIÐ

www.lifidernuna.is

FÉLAG UNGS FÓLKS SEM GREINST HEFUR MEÐ KRABBAMEIN OG AÐSTANDENDUR

KRAFTUR

MiFID II tilskipunin mun leiða til viðamikilla breytinga á evrópskum fjármálamörkuðum, þeirra mestu í áratug. Markmiðið er að gera markaði gagnsærri og samræmdari en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Regluverkið sagt of dýrt og íþyngjandi

Ný Evróputilskipun, sem tekur gildi hér á landi á næsta ári, gæti leitt til þess að árlegar tekjur viðskiptabanka af fjárfestingarbankastarfsemi dragist saman um allt að þrjú prósent. Regluverkið er talið munu valda straumhvörfum á evrópskum verðbréfamörkuðum.

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is

Tímamótabreytingar á regluverki evrópsks verðbréfamarkaðar, sem tóku gildi í ríkjum Evrópusambandsins í byrjun ársins og verða innleiddar í íslenska löggjöf á næsta ári, munu kosta evrópska fjárfestingarbanka 4,4 milljarða dala, jafnviði 445 milljarða króna, á ári eða sem nemur um 2,6 prósentum af árlegum tekjum, samkvæmt greiningu ráðgjafarfyrirtækisins Coalition.

„Regluverkið mun valda skjálfta í bankageiranum en greining okkar gefur þó til kynna að áhrifin verði viðráðanleg," segir Eric Li, greinandi hjá Coalition.

Innleiðing reglugerðarinnar, sem nefnist MiFID II (e. Markets in Financial Instruments Directive) og er enn einn liðurinn í viðbrögðum Evrópusambandsins við þeim brestum sem fjármálakreppan árið 2008 afhjúpaði, í íslenskan rétt mun þannig höggva skarð í tekjur íslensku viðskiptabankanna af fjárfestingarbankastarfsemi, að sögn viðmælenda Markaðarins, en þær eru um 10 prósent af heildartekjum þeirra.

Greining Coalition sýnir að reglugerðin muni skaða hvað mest greiningarþjónustu evrópskra banka og leiða til um 20 prósenta samdráttar í tekjum af slíkri þjónustu. MiFID II gerir þá kröfu til banka að þeir rukki viðskiptavini sína sérstaklega fyrir greiningar en láti þær ekki fylgja með í kaupunum þegar þóknun er greidd í verðbréfaviðskiptum.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka, segir ekki ólíklegt að mörg evrópsk fjármálafyrirtæki dragi af þeim sökum úr greiningarþjónustu sinni, líkt og sum þeirra hafa þegar boðað. Stjórnendur Arion banka og Landsbankans hafa ekki ákveðið hvernig greiningarvinnu bankanna verði háttað eftir að regluverkið verður að lögum.

Draga saman seglin

Bankastjórnendur og sérfræðingar hafa varað við því að skera þurfi niður í greiningardeildum banka vegna MiFID II tilskipunarnnar.

„Að minnsta kosti verða greiningardeildirnar héðan í frá að vinna á svipuðum grundvelli og sjálfstæðu greiningarfyrirtækin sem eru ekki hluti af stærri fjármálastofnunum og selja greiningar sínar til þeirra sem hafa áhuga á þeim," segir Jón Bjarki. Það megi því færa rök fyrir því að samkeppnisstaðan verði aðeins jafnari að því leytinu til.

Stjórnendur japanska bankans Nomura, sem er stærsti fjárfestingarbanki landsins, hafa þegar tilkynnt um áform sín um að draga úr greiningarþjónustu bankans og endurskipuleggja greiningardeildina. Samkvæmt könnun fyrirtækisins Greenwich Associates hyggjast evrópskir sjóðsstjórar eyða um 20 prósentum minna fé í greiningarefni í ár en í fyrra. Er samdrátturinn áætlaður um 300 milljónir dala á árinu.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka

Annar viðmælandi nefnir að regluverkið, sem er nærri sjö þúsund blaðsíður að lengd og var í ríflega sjö ár í smíðum, muni reynast litlum fjármálafyrirtækjum sérstaklega íþyngjandi því löggjöfin sé miðuð við stórfyrirtæki.

Heildarkostnaður evrópskra fjármálafyrirtækja við innleiðingu regluverksins nemur yfir 2,5 milljörðum evra, sem jafngildir um 311 milljörðum króna, að mati ráðgjafarfyrirtækisins Opimas. Viðmælandi Markaðarins, sem þekkir vel til mála, segir að kostnaðurinn hlaupi á hundruðum milljóna króna hér á landi. Meðal annars þurfi að þjálfa starfsfólk, breyta verklagi og uppfæra tölvukerfi.

Margrét Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs Arion banka, segir reglurnar viðamiklar og kostnaðinn því mikinn, sér í lagi fyrir minni fyrirtæki á markaðinum. Í því sambandi bendir hún á að fyrirtæki hér á landi þurfi að gangast undir sömu skilyrði og erlend fyrirtæki á stærri mörkuðum. „Það er talið að breytingarnar séu þær mestu sem gerðar hafa verið á löggjöf evrópsks verðbréfamarkaðar frá því að MiFID I tilskipunin tók gildi árið 2007. Þetta er heilmikil vinna en við reynum að haga undirbúningnum með eins hagkvæmum hætti og við getum," nefnir hún.

Tekur gildi á næsta ári

Eins og áður sagði tók MiFID II tilskipunin gildi í ríkjum Evrópusambandsins í byrjun árs. Hún hefur hins vegar ekki enn verið tekin upp í EES-samninginn. Samkvæmt upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu er stefnt að því að leggja fram frumvarp á Alþingi á næsta ári sem innleiðir tilskipunina. Sérstök nefnd, sem falið var að undirbúa innleiðingu tilskipunarinnar í íslenskan rétt, hefur verið að störfum um nokkurt skeið, en í nefndinni eiga meðal annars sæti fulltrúar fjármálaráðuneytisins, Samtaka fjármálafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Kauphallarinnar og Fjármálaeftirlitsins.

> **Lögð er mikil áhersla á aukna neytendavernd í tilskipuninni og að því leytinu til er hún afar jákvæð fyrir viðskiptavini okkar.**
>
> Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða hjá Landsbankanum

Í ársriti Samtaka fjármálafyrirtækja fyrir síðasta ár segir að MiFID II tilskipuninni sé ætlað að „mynda samhæfða umgjörð um allar tegundir viðskipta með fjármálagerninga með það að markmiði að auka fjárfestavernd og efla eftirlitsstofnanir sem meðal annars fá heimildir til að stöðva eða takmarka markaðssetningu og dreifingu ákveðinna fjármálaafurða undir ákveðnum kringumstæðum".

Til viðbótar við auknar valdheimildir eftirlitsstofnana eru gerðar strangari kröfur en áður til upplýsingagjafar af hálfu fjármálafyrirtækja. Fyrirtækin þurfa meðal annars að upplýsa viðskiptavini um alla mögulega hagsmunaárekstra og láta eftirlitsstofnunum auk þess í té gögn um hver og ein viðskipti með verðbréf á markaði.

Búa sig undir breytingar

Stóru viðskiptabankarnir þrír – Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn – búa sig nú allir undir þær breytingar sem eru í vændum. Undirbúningsvinnan hófst fyrir nokkrum árum og er hún mislangt á veg komin.

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða hjá Landsbankanum, segir bankann hafa tekið málið föstum tökum. Undirbúningsvinnan hafi hafist snemma og bankinn sé því vel búinn undir breytingarnar. „Við byrjuðum á því að greina væntanleg áhrif regluverksins fyrir um tveimur árum og erum nú komin í næsta fasa sem felst í því að velja þá sérfræðinga sem við munum vinna með í innleiðingunni sem er fram undan," útskýrir hún.

Hrefna tekur þó fram að enn sé langt í að regluverkið verði leitt í lög hér á landi. „Engu að síður eigum við í miklum alþjóðaviðskiptum og viljum ávallt viðhafa bestu mögulegu vinnubrögð. Við höfum því þegar tekið tillit til margra þátta, sem kveðið er á um í nýja regluverkinu, í okkar starfsemi. Lögð er mikil áhersla á aukna neytendavernd í tilskipuninni og að því leytinu til er hún afar jákvæð fyrir viðskiptavini okkar. Tilskipunin mun auk þess styrkja alla umgjörð verðbréfamarkaðarins sem við lítum jákvæðum augum. Ég fagna því þessum breytingum og vil horfa á þær sem tækifæri," nefnir Hrefna Ösp.

Margrét segir að Arion banki hafi unnið mikla undirbúningsvinnu fyrir breytingarnar.

„Við höfum kortlagt hvaða áhrif breytingarnar geta haft í för með sér og eins hvað við þurfum að gera til þess að bregðast við þeim. Við lítum breytingarnar almennt jákvæðum augum, að verið sé að auka gegnsæi

Fólk

Heimili

MIÐVIKUDAGUR 31. JANÚAR 2018

Eldhúsin eru að breytast

Berglind Berndsen er vinsæll innanhússarkitekt en hún aðhyllist einfaldleika og tímaleysi í hönnun. Hún segir mjög mikilvægt að hugsa fram í tímann þegar fólk stendur í umfangsmiklum breytingum á heimilinu. →2

Ein af lausnum við vaxandi húsnæðisskorti gæti verið að byggja minni heimili og nýta pláss á annan hátt en áður þekktist. Með örheimilum gætu borgarstæði nýst betur og húsnæðisverð lækkað. →4

Ekki kvefast á skíðum

PreCold® getur komið í veg fyrir kvef og stytt kveftíma um allt að helming.

PreCold® má nota fyrirbyggjandi eða þegar kvefeinkenna verður fyrst vart. PreCold® er auðvelt í notkun, hefur skjóta verkun og hentar fullorðnum og börnum frá 4 ára aldri.

Fæst í apótekum og Fríhöfninni - www.precold.is

ZYMETECH

Dreifingaraðili: Vistor hf. Hörgatúni 2 - 210 Garðabæ - S. 535 7000

ÚTSÖLU-SPRENGJA

á gæðamerkjavöru

Dúnúlpur og ullarkápur

MEIRI VERÐLÆKKUN

60% - 70%

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNAR

GERRY WEBER - TAIFUN - BETTY BARCLAY JUNGE - FUCHS SCHMITT OG FL.

Skoðið laxdal.is

BERNHARÐ LAXDAL

Laugavegi 63 • Skipholt 29b • S: 551 4422

Vertu vinur á Facebook

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Framhald af forsíðu

Berglind rekur eigin teiknistofu og hefur unnið sjálfstætt frá árinu 2011. Hún nam innanhússarkitektúr við Fachochschule Trier í Þýskalandi / University of Applied Sciences, Trier og útskrifaðist þaðan 2007. Hún er einnig með M.Art.Ed.gráðu frá Listaháskóla Íslands. Berglind hefur tekið að sér verkefni jafnt hjá einstaklingum sem fyrirtækjum og fengist við fjölbreytileika þeirra.

Fréttir hafa borist af því að eldhúsinnréttingar seljist nú sem aldrei fyrr. Berglind segist hafa tekið eftir þessu. „Þeir viðskiptavinir sem leita til mín eru fyrst og fremst að sækjast eftir tímalausri hönnun þar sem vinnufyrirkomulag er í hávegum haft með auknu skápaplássi. Einnig er fólk mun meira farið að hugsa út í mikilvægi góðrar vinnulýsingar," segir hún og bætir við að eldhúsin hafi breyst á síðustu árum.

Ekki u-laga lengur

„Fólk er hætt að biðja um aflokuð U-laga eldhús með hornskápum sem að mínu mati nýtast mjög illa. Mikilvægt finnst mér að skapa rúmgott eldhús fyrir fólk með miklu skápaplássi, góðu vinnufyrirkomulagi og góðu flæði. Ég reyni einnig alltaf eftir fremsta megni að hanna stórar eyjur með góðri vinnuaðstöðu í eldhús. Með breyttum viðhorfum, þar sem allir fjölskyldumeðlimir eru farnir að taka virkan þátt í eldhústörfum, finnst mér í góðu lagi að hafa eldhúsið opið inn í borðstofu og stofu, það einfaldlega stækkar rýmið og flæði verður betra á milli rýma. Eldhús og borðstofa verða því oftast hjarta heimilisins. Ég leitast einnig við að hafa efnisval í eldhúsum í samræmi við heildarhönnun hússins og mynda þannig eina samræmda heild," útskýrir Berglind.

Misjafn smekkur

Þegar hún er spurð hvort fólk sé mikið að breyta nýlegum eldhúsinnréttunum, mála þær eða filma, svarar hún því játandi. „Ég hef aðallega tekið eftir þessu á Facebook, hef séð bæði góð og mjög slæm dæmi af þessum breytingum. Smekkur fólks er mjög misjafn. Mér finnst skipta mestu máli að huga vel að þörfum og óskum hvers og eins viðskiptavinar. Mikilvægt fyrir mig er að hjálpa fólki að skapa rétta upplifun og stemmingu á heildarmyndinni," segir hún. „Það er mikilvægt að hugsa stórar framkvæmdir til langs tíma. Ef íbúð eða hús er vel innréttað og innréttingar hannaðar í rýmið standast þær tímans tönn. Við fáum gjarnan innblástur frá nágrannaþjóðum okkar Dönum og Svíum þegar kemur að hönnun og arkitektúr."

Berglind Berndsen er vinsæll arkitekt og með langa reynslu. MYND/EYÞÓR

Berglind segir að það séu alltaf einhverjar tískusveiflur í gangi. „Innst inni er ég sannur mínímalisti og heillast mikið af náttúrulegum efnivið á móti mjúkum, til dæmis er ég ofboðslega hrifin af marmara og dökkbæsuðum innréttingum. Ég elti ekki mikið tískustrauma. Fallegir og dempaðir jarðtónar finnst mér fallegastir eins og gráir, bláir og grænir tónar. Pantone-litur ársins 2018 heitir Ultra violet sem er fjólublár litur. Ég er ekki alveg komin þangað en það kemur kannski með vorinu. Ég er meira í grá/fjólutóna lit sem mér finnst ofboðslega fallegur og notalegur," segir Berglind og bendir á að fólk geti sparað mikla fjármuni með betri hönnun og nýtingu sem arkitektar koma með í sínum tillögum.

Draumaheimilið skapað

„Það er meiri skilningur í dag á arkitektúr, skipulagi og vönduðum vinnubrögðum. Ég hef oft verið kölluð til þegar allt er komið í rugl og oft er ekki svo auðvelt að bæta skaðann. Eitt af hlutverkum okkar arkitekta og innanhússarkitekta er að þarfagreina og aðstoða viðskiptavini okkar við að byggja upp draumaheimili sitt.

Markmið mitt er ávallt að skapa fallega umgjörð og að örva upplifun fólks á hönnun rýmisins og innviðum þess. Einlægni, traust og gott samband við verkkaupa er því mjög mikilvægur þáttur í vinnu minni og ef traust ríkir getur upplifunin ekki orðið neitt annað en jákvæð í lok verks. Það sem er mikilvægast að hugsa um er samband á milli skipulags og innra fyrirkomulags í sjálfu rýminu. Fólk hugar oft ekki ekki nógu vel að grunnskipulaginu sjálfu. Það þarf að úthugsa rýmið svo besta nýting náist. Huga þarf að einföldu og góðu vinnufyrirkomulagi og miklu skápaplássi. Ef pláss er fyrir hendi reyni ég alltaf að hanna góðar eldhúseyjur eða extra djúpar innréttingar til að ná þessum eyjufíling. Síðan eru búr/og tækjaskápar eitt best falda leyndarmál eldhúsa. Góð vinnulýsing skiptir einnig gríðarmiklu máli upp á heildarsamhengið og hefur mikil áhrif á líðan fólk," útskýrir hún.

Gluggatjöld úr basti

En hver er nýjasta tíska varðandi gluggatjöld í eldhús en það getur verið höfuðverkur margra að finna þau? „Ég nota mikið bastgluggatjöld frá Skermi og svört breið rimlagluggatjöld frá Zenus. Einnig nota ég hvít voal-gluggatjöld þar sem við á. Kúnnar mínir reka oftar en ekki upp stór augu þegar ég sting upp á þessu við þá en útkoman er alltaf glæsileg. Núna vill fólk hafa notalegt og persónulegt í kringum sig. Einfaldleikinn og tímaleysið er hinn fullkomni grunnur fyrir mér sem auðvelt er að vinna með og breyta eftir stemmingu og án mikillar fyrirhafnar."

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Útgefandi: 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 512 5439 ,

NÝ NÁMSKEIÐ

ENGIN BINDING



NÝ NÁMSKEIÐ HEFJAST Í FEBRÚAR

Tryggðu þér þitt pláss strax í dag.

Sjö stöðvar · Þrjár sundlaugar · reebokfitness.is

CrossFit KATLA | Reebok FITNESS

Brandenburg | sía

Örheimili gætu hugsanlega bætt húsnæðisvandann

Ein af lausnunum við vaxandi stærð borga og húsnæðisskorti gæti verið að byggja minni heimili en við höfum vanist og nýta pláss á gjörólíkan hátt en áður. Með örheimilum, þar sem hægt er að nýta herbergi á marga ólíka vegu, gætu borgarstæðin nýst betur og húsnæðisverð lækkað.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Talið er að árið 2050 verði tveir þriðju hlutar mannkyns borgarbúar, sem þýðir að borgarbúum fjölgi um tvo og hálfan milljarð. Nú þegar er fasteignaverð í stórborgum eins og New York, London og Hong Kong svimandi hátt, svo þetta eru ekki góðar fréttir fyrir þá sem vilja búa í stórborg á næstu áratugum. Fyrir vikið hafa margir leitað nýrra lausna til að leysa húsnæðisvandann. Örheimili er ein lausn sem lofar góðu.

Plássið nýtt á nýjan hátt

Á örheimili er plássið nýtt á gjörólíkan hátt en á venjulegu heimili. Heimilið er ekkert stærra og jafnvel minna en stúdíóíbúð, í fermetrum talið. En plássið er hægt að nýta á marga ólíka vegu. Með því að ýta á takka er hægt að breyta stofunni í svefnherbergi og með öðrum takka verður sama herbergi eldhús. Tæknin dregur innblástur frá sviðshönnun, þar sem sama svæðinu er gerbreytt á örskotsstundu með skynsamlegri notkun á vélbúnaði og breytingum á sjónarhorni.

Þetta er hugmyndin á bak við YO! Home. Það eru stúdíóíbúðir sem eru ekki nema 39 fermetrar en rýmið nýtist snilldarlega og getur breyst í fjögur ólík herbergi. Þannig þarf minna pláss ekki endilega að þýða minni þægindi eða lífsgæði.

Jack Spurrier, framkvæmdastjóri YO! Home, segir að það sé ekkert verra að ýta á takka og bíða í 10 sekúndur en að þurfa að labba í annað herbergi eða upp stiga, þetta sé bara öðruvísi og fólk venjist muninum. Hann bendir líka á að það séu ýmis óþægindi sem fylgja því að búa í lítilli stúdíóíbúð þar sem allt er í kremju.

Getur breytt borgarmyndun

Sumir sjá örheimili sem vopn í baráttunni gegn myndun fátækrahverfa af því að með þeim þéttist byggð og pláss nýtist betur en áður var mögulegt. Um leið hægist á vexti borga af sömu ástæðum.

Borgaryfirvöld hafa tekið eftir þessari þróun. Árið 2016 fyrirskipaði Eric Garcetti, borgarstjóri Los Angeles, að það ætti að byggja 100 þúsund ný heimili fyrir árið 2021. Þá voru kynnt til sögunnar svokölluð Backyard BI(h)OME, 46 fermetra hús úr plasti og stáli sem er hægt að setja upp í bakgarðinum og leigja út eða lána ættingjum, sem minnkar húsnæðisvandann að einhverju leyti.

Í New York var gengið skrefi lengra. Árið 2012 hélt þáverandi borgarstjóri, Michael Bloomberg, samkeppni þar sem arkitektar voru beðnir að hanna fyrstu húsaröðina af örheimilum á Manhattan. My Micro NY, frá fyrirtækinu Narchitechts vann og það er biðlisti í allar 55 íbúðirnar.

Á örheimili skipta herbergi um hlutverk þegar ýtt er á takka. MYND/YO! HOME

Á örheimilum er plássið nýtt betur en við erum vön. MYND/YO! HOME

» Með því að ýta á takka er hægt að breyta stofunni í svefnherbergi og með öðrum takka verður sama herbergi eldhús. Tæknin dregur innblástur frá sviðshönnun, þar sem sama svæðinu er gerbreytt á örskotsstundu.

Kostir og gallar

Flest örheimili eru framleidd í verksmiðjum sem blokkir og þær eru svo fluttar á staðinn og settar saman eins og Legó. Það er minni flutnings- og byggingarkostnaður fólginn í að setja saman tilbúnar blokkir en í að byggja hús frá grunni. Vegna stærðarinnar er líka hægt að hita eða kæla örheimili hratt og auðveldlega eftir þörfum.

En örheimili hafa auðvitað sína galla, fyrir utan að vera lítil. Það getur verið erfitt að loftræsta og losna við lykt, til dæmis eftir matseld. Það þarf líka að sjá til þess að fólk geti ekki fest sig inni í einum af hinum mörgu krókum og kimum sem leynast um alla íbúð til að geyma þau húsgögn og hluti sem eru ekki í notkun hverju sinni. Byggingarreglugerðir eru líka strangar og þær eru ekki sniðnar að örheimilum, svo það getur verið erfitt að finna stað þar sem örheimili eru yfir höfuð lögleg sem heimili. Örheimili henta líka illa fyrir þá sem eru hrifnir af því að safna dóti.

Samt sem áður vekja örheimili eins og YO! Home athygli um allan heim og yfirmenn fyrirtækisins stefna næst á að bjóða fólki að breyta þeim, þannig að það sé hægt að velja innréttinguna, litina og gólfefnin á netinu áður en húsið er pantað.

Fimmtudaginn 8. febrúar gefur Fréttablaðið út sérblaðið

HOLLT & BRAGÐGOTT

Hollur og dásamlegur matur verður í fyrirrúmi í þessu skemmtilega þema blaði.
Við gefum lesendum góðar hugmyndir af hollum og bragðgóðum mat sem hægt er að versla í stórmörkuðum, sérverslunum og á fjölmörgum veitingahúsum.
Boðið verður upp á skemmtileg viðtöl við fólk með matarást sem deilir með okkur sínumuppáhalds hollustu uppskriftum.

AUGLÝSINGAR & UMFJALLANIR

Í þessu blaði bjóðum við bæði upp á hefðbundin auglýsingahólf af ýmsum stærðum og gerðum.
Einnig er boðið upp á kynningarumfjöllun sem unnin er af blaðamanni Fréttablaðsins í góðu samstarf við auglýsanda.

Áhugasamir auglýsendur hafið samband við
Ólafur H. Hákonarson, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Netfang: olafurh@365.is • Sími 512 5433

UTmessan

MIÐVIKUDAGUR 31. JANÚAR 2018

Kynningar: KPMG, Formenn, Spektra, Sensa, Syndis, Þekking, Deloitte

Arnheiður Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri Ský og UTmessunnar sem fer fram á föstudag og laugardag í Hörpu. Þar gefast tækifæri til að skoða nýjustu tölvu- og tækniframfarir. MYND/ANTON BRINK

Ísland viðurkennt tækniland

UTmessan verður haldin í áttunda sinn í Hörpu um helgina. Þar geta gestir og gangandi rabbað við vélmenni, teiknað á skjái og hitt gervigreindan markmann, svo fátt sé upptalið.

NOX hefur það fínt og í ár mætir Titan, stóri bróðir hans á UTmessuna. Hann er hálfur þriðji metri á hæð en mun liprari en NOX og ég hlakka mikið til að hitta hann," segir Arnheiður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri UTmessunar og Ský.

Arnheiður er að tala um vélmennið NOX, sem stal senunni á UTmessunni í fyrra og bróður hans Titan sem verður í bás Origo á laugardag, en ótal margt spennandi ber fyrir augu gesta.

„Það verður enginn svikinn af því að labba um sýningarsvæðið í Hörpu," segir Arnheiður. „Þar verður einnig gervigreindur markmaður, skjáir sem hægt er að teikna á, fjarstýrður snjall-vöruflutningabíll sem skynjar umhverfi sitt, netþjónn sem þolir að liggja í baði án þess að skemmast, 360 gráðu upplifun í sýndarveruleika og einnig viðbættur sýndarveruleiki."

Sjálfkeyrandi bílar á leiðinni

UTmessan hefur fest sig í sessi sem einn helsti vettvangur fyrirlestra, umræðna, skoðanaskipta og nýjunga í tölvugeiranum og endurspeglar mikilvægi tölvutækni í daglegu lífi.

„Þegar kemur að næstu framtíðartækni úr vísindaskáldskap held ég að gervigreind muni spila stórt hlutverk í lífi Íslendinga, sem og sjálfkeyrandi bílar. Gervigreind byggir að miklu leyti á því að nota gögn til að greina og læra, og persónuvernd gagna mun líka verða mikið í umræðunni," segir Arnheiður sem er tölvumenntuð og fljót að tileinka sér nýjustu tækni, eins og margir í tölvu- og tæknigeiranum.

„Tæknifólkið byrjar gjarnan fyrr að notfæra sér nýjustu tækni en hefur líka mikinn skilning á því að fólk sem ekki hefur tileinkað sér tæknihugsun geti ekki skipt um stöð eða tengt tæki án aðstoðar. Þess vegna segjum við nú að tölvutæknin sé alls staðar."

Á UTmessunni gefst færi á að fylgjast betur með tækninýjungum.

„Tvímælalaust," segir Arnheiður. „Ég held að margir átti sig engan veginn á hversu margt er í gangi í tækninýjungum hér á landi. Flestir hafa heyrt um sýndarveruleika, gervigreind og viðbættan veruleika, en á UTmessunni getur fólk bæði séð og prófað þessa hluti."

Menntum börn í tölvutækni

Hugmynd að UTmessunni kviknaði haustið 2010 þegar nokkrir í stjórn Ský veltu fyrir sér stórri ráðstefnu með fjölda fyrirlestra og var fyrsta UTmessan haldin 2011.

Framhald á síðu 2 →

Framhald af forsíðu

„Okkur fannst vanta stóra, óháða tækniráðstefnu fyrir tölvugeirann og ákváðum strax að hún yrði tvískipt sem ráðstefna og opin sýning fyrir gesti og gangandi. Á þeim tíma leituðu fáir í tölvunarfræðinám þrátt fyrir skort á vinnuafli með þá menntun og var eitt af markmiðum UTmessunnar að kynna tölvugeirann sem áhugaverðan starfsvettvang og sýna fram á að tölvufyrirtækin hefðu upp á margt skemmtilegt að bjóða,“ útskýrir Arnheiður.

Árangurinn lét ekki á sér standa og frá því fyrsta UTmessan var haldin hefur orðið gífurleg fjölgun í tölvunarfræðinám háskólanna, þar sem stelpur hafa einnig sótt á og voru í fyrra 30 prósent útskriftarnema. Fyrirtæki landsins ættu því ekki lengur að vera í vandræðum með að ráða inn vel menntað starfsfólk.

Arnheiður segir grunnskólana hafa það hlutverk að undirbúa börn fyrir framtíðina.

„En það getur varla gengið vel á meðan skólarnir spila ekki með raunveruleikann og kenna krökkunum að nýta tæknina til góðs, til dæmis með því að kenna þeim að forrita með snjallsímunum sínum. Skólakerfið þarf að nýta sér þá staðreynd að flestir krakkar eru með snjallsíma og það er auðvelt að nýta það á skemmtilegan hátt í kennslunni.“

Tólf ára í vinnu hjá IBM

Að venju verður UTmessan tvískipt. Föstudagur er ráðstefnudagur fyrir þá sem starfa við og hafa áhuga á tölvugeiranum en á laugardag er opið fyrir almenning að sjá og upplifa.

„UTmessan er frábær fyrir alla fjölskylduna og á síðustu árum hefur hún orðið staðurinn þar sem íslenskir og erlendir sérfræðingar kynna það helsta í þessum geira. Hún endurspeglar allan þann fjölbreytileika, framþróun og möguleika sem upplýsingatæknin býr yfir,“ útskýrir Arnheiður.

Um fimmtíu fyrirtæki verða á sýningarsvæðinu í Hörpu en þar verða mest áberandi stóru fyrirtækin Origo, Opin kerfi, Sensa og Deloitte.

„Út í heim hefur svo frést að næstum allir sem hér starfa að tölvu- og tæknimálum hittist á UTmessunni og því hefur aukist að erlend fyrirtæki sjái sér tækifæri í að vera með. Einnig verða Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Tækniskólinn með risasýningu á laugardag þar sem sýnd verða skemmtileg verkefni sem nemendur í tæknifögum hafa unnið,“ segir Arnheiður.

Eitt af heitustu málefnum tölvu- og tæknigeirans tengjast nú persónuvernd enda tekur ný reglugerð um persónuupplýsingar gildi í maí.

„Við fáum ýmsa sérfræðinga að utan til að segja okkur frá persónuvernd, meðal annars Marc Rotenberg, forseta bandarísku EPIC-samtakanna, sem talinn er aðal rokkstjarnan á því sviði. Einnig Bjorn Eric Thon, forstjóra norsku persónuverndarstofnunarinnar, sem er eftirsóttur fyrirlesari og Glen Koskela frá Finnlandi sem mun segja ráðstefnugestum frá „Digital Transformation“. Frá Portúgal kemur Rui Manuel Gidro frá Deloitte og segir frá snjallvæðingu borga og síðast en ekki síst kemur Tanmay Bakshi, fjórtán ára kanadískur strákur sem byrjaði að forrita fimm ára og vinna fyrir IBM tólf ára. Þá er alltaf gaman að fá Íslendinga til að segja frá áhugaverðum hlutum og við hlustum á fyrirlestur tveggja íslenskra starfsmanna Google,“ upplýsir Arnheiður sem er einkar spennt fyrir að hitta Tanmay Bakshi.

Ísland framarlega í tækni

UTmessan dregur til sín marga og undanfarin ár hafa þúsundir gesta mætt til messu.

„Á ráðstefnuna mæta flestir sem hafa áhuga á tölvutækni; forstjórar, framkvæmdastjórar, kerfisstjórar, forritarar, verkefnisstjórar, markaðsstjórar og mannauðsstjórar enda eru tölvumál fyrirtækja ekki lengur á ábyrgð tölvudeildarinnar einnar. Á laugardeginum mæta svo þúsundir landsmanna sem eru forvitnir um nýjustu framfarir og tækninýjungar,“ upplýsir Arnheiður.

Hún segir Íslendinga standa framarlega í tölvu- og tæknigeiranum.

„Það sér maður víða. Hjá rótgrónum fyrirtækjum, eins og Marel, sem nota nýjustu tækni í gervigreind til að þróa og prófa tæki áður en þau fara á markað, og hjá fjölmörgum íslenskum sprotafyrirtækjum sem eru uppfull af nýjum og áhugaverðum hugmyndum. Ísland hefur því stimplað sig inn sem tækniland fyrir löngu.“

Arnheiður hlakkar til að hlusta á fyrirlestur Tanmay Bakshi, fjórtán ára Kanadabúa sem hóf störf hjá tölvurisanum IBM aðeins tólf ára. MYND/ANTON BRINK

Sjáumst á **UTmessunni**

Sérfræðingar Advania verða til taks á sýningarsvæðinu, kynna helstu tæknilausnir okkar og sýna heitasta tölvubúnaðinn.

Hlökkum til að sjá þig!

advania.is

advania

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Veffang: Visir.is

Rafrænir ferlar gefa ráðrúm til sköpunar og samskipta

Davíð Kr. Halldórsson, meðeigandi hjá KPMG, og Rasmus Petersen, sérfræðingur í rafrænum viðskiptaferlum, hafa umsjón með ráðgjöf í sjálfvirknivæðingu viðskiptaferla og aðstoða fyrirtæki við að stíga fyrstu skrefin eða tileinka sér tæknina til fulls.

Sjálfvirknivæðing viðskiptaferla og nýting skrifstofuþjarka (e. Robotics Process Automation) – RPA breiðist hratt út um viðskiptalíf heimsins og sú þróun nær einnig til Íslands. Ráðgjafarsvið KPMG á Íslandi hefur unnið markvist að eflingu slíkrar ráðgjafar og aðstoðar fyrirtæki við að stíga fyrstu skrefin eða tileinka sér tæknina til fulls. Davíð Kr. Halldórsson, meðeigandi hjá KPMG, og Rasmus Petersen, sérfræðingur í rafrænum viðskiptaferlum, hafa umsjón með slíkum verkefnum hjá KPMG.

Sjálfvirkir viðskiptaferlar eru hluti af daglegum viðskiptum nútímans

Davíð stýrir fjölþættri og öflugri upplýsingatækniráðgjöf á ráðgjafarsviði KPMG. „RPA-ráðgjöfin er sú ráðgjöf sem fyrirsjáanlegt er að mun vaxa hvað mest á næstunni,“ segir hann. Til að mæta þörfum viðskiptavina og efla þekkingu innan sviðsins var Rasmus Petersen nýlega fenginn til liðs við ráðgjafahópinn hjá KPMG. Rasmus kemur frá Danmörku og hefur unnið fyrir dönsk fyrirtæki og stofnanir síðustu ár við að tileinka sér þessa áhugaverðu tækni. Má þar m.a. nefna PFA sem er stærsti lífeyrissjóðurinn í Danmörku en hann hefur einnig unnið að umbótum á ferlum og upplýsingatæknikerfum sjúkrahúsa á Kaupmannahafnarsvæðinu.

Rasmus heldur því fram að RPA sé ekki hluti af fjarlægri framtíð því hana sé að finna víða í umhverfi okkar nú þegar þó svo að við gerum okkur kannski ekki alltaf grein fyrir því. „Í daglegum viðskiptum okkar við flugfélög og erlendar netverslanir eru sjálfvirkir og tölvustýrðir ferlar í gangi svo ég tali ekki um þá afþreyingu sem við sækjum okkur á netið, samfélagsmiðla og ýmislegt fleira,“ segir hann. Íslensk fyrirtæki eru ekki langt komin á þessu sviði enn þá en Rasmus telur að sú þróun eigi eftir að verða hröð enda viðskiptaumhverfið sífellt alþjóðlegra og samkeppnin harðnandi.

Davíð Kr. Halldórsson og Rasmus Petersen eru sammála um að sjálfvirkni auki tækifæri starfsmanna til að sinna sköpun og samskiptum. MYND/ANTON BRINK

> **Það má ekki mikla þetta fyrir sér heldur frekar einblína á tækifærin og það gríðarlega hagræði sem tæknin býður upp á.**

Gott að byrja strax og byrja smátt

„Fyrirtæki ættu að bregðast við sem fyrst og kynna sér þessa tækni,“ segir Rasmus og heldur áfram: „Það er um að gera að byrja smátt og fá tilfinningu fyrir því út á hvað þetta gengur. Oft fer dýrmætur tími í vangaveltur sem ná ekki að skila sér í raunverulegum umbótum. Stundum þarf bara að hella sér út í verkefnin og leggjast síðan í greiningar og nánari stefnumótun þegar vinna á úrbætur á stærri skala.“ Hann segist þó alls ekki vilja vera með neinar dómsdagsspár eða hræðsluáróður. „Það má ekki mikla þetta fyrir sér heldur frekar einblína á tækifærin og það gríðarlega hagræði sem tæknin býður upp á.“

Davíð tekur undir þetta og segir að ferlar fylgi öllum rekstri. „Yfirleitt sér starfsmaður um framkvæmdina en launakostnaður er samt ekki endilega aðalmálið,“ segir hann. „Margir stjórnendur tala um að starfsfólk hafi of mikið að gera og erfitt sé að ráða inn hæfa einstaklinga í sérhæfð störf. Undir slíkum kringumstæðum er það sóun á mannauði að halda fólki uppteknu við að framkvæma eitthvað sem tæknin gæti auðveldlega leyst – og það hraðar og jafnvel betur,“ segir Davíð.

Rasmus og Davíð eru sammála um að mannshugurinn og -höndin nýtist best í vinnu sem krefst sköpunargáfu, innsæis og samskiptahæfileika. „Skrifstofuþjarkar og sjálfvirkir viðskiptaferlar skila mestum ávinningi þegar þeir losa um tíma fólks til að gera eitthvað sem skiptir raunverulegu máli,“ segir Davíð. Rasmus brosir og tekur undir: „Já, eins og að taka upp símann og spjalla við viðskiptavininn.“

Rasmus mun flytja erindi á UTmessunni 2018 og eru gestir hvattir til að kynna sér það.

Tryggja gagnaöryggi með Xadd

Notkun á Xadd kerfinu lágmarkar verulega hættu á gagnavillum auk þess að tryggja öryggi gagna og eru mörg af stærri fyrirtækjum landsins þegar búin að átta sig á gagnsemi kerfisins.

Viðkvæmar persónuupplýsingar vilja fara á flakk þegar ógætilega er farið með þær og nú þegar fyrir dyrum standa umfangsmiklar breytingar á persónuverndarlöggjöfinni hefur sjaldan verið mikilvægara fyrir fyrirtæki sem vinna með slík gögn að sýna ítrustu aðgát við meðferð og varðveislu þeirra. Ráðgjafarfyrirtækið Formenn hefur á undanförnum árum þróað hugbúnaðinn Xadd sem tengir Excel-skjöl við gagnagrunn til að tryggja að skráning og vinnsla upplýsinga sé vistuð miðlægt í gagnagrunni í stað þess að vista gögnin í skjalinu. Skjalið er þá eingöngu notað til að vinna með gögnin en þau vistuð í gagnagrunni eftir útgáfustýringu sem innbyggð er í kerfið.

Hugbúnaðurinn byggir á Microsoft Excel og SQL-gagnagrunni sem er mikið notaður hjá flestum fyrirtækjum og stofnunum um allan heim. Eflaust kannast margir við það verklag að sækja gögn úr upplýsingakerfum og færa yfir í Excel eða að útbúa lista eða útreikninga til frekari úrvinnslu. Skjölin verða í sumum tilfellum afar stór og geta skemmst og eru yfirleitt mörg eintök af sama skjali vistuð eftir útgáfum með tilheyrandi vandamálum. „Töluvert er unnið með persónuupplýsingar í Excel-skjölum sem ýmist eru vistuð á samnýttum skráarsvæðum eða skjalakerfum, jafnvel send með tölvupósti á milli starfsmanna, og eru þá oftar en ekki til mörg eintök af skjalinu víða í upplýsingakerfum," segir Ólafur R. Rafnsson, eigandi og ráðgjafi hjá Formönnum. „Þetta hefur í för með sér mikla áhættu, ekki síst ef sú staða kemur upp að ráðist er á kerfið eða brotist inn í það. En með því að nota Xadd er gagnaöryggi tryggt þar sem upplýsingarnar eru vistaðar í miðlægum gagnagrunni og aðgangi stýrt þar ásamt útgáfustýringu sem gerir notanda kleift að fara í eldri útgáfu skjalsins ef villa hefur komið upp í skráningu. Getur notandinn því haldið áfram frá þeim stað þar sem gögnin voru rétt og tryggir að gögnin séu ekki vistuð í stökum Excel-skjölum."

Ólafur R. Rafnsson, eigandi og ráðgjafi hjá Formönnum. MYND/ANTON BRINK

Ólafur tekur annað dæmi um vinnslu Excel-skjala sem getur verið áhættusöm, þ.e. þegar unnið er að gerð áætlana en þá er þekkt aðferð að útbúið er skjal og það sent til þeirra sem vinna eiga í áætluninni. Þeir vista svo skjalið með mismunandi heitum og er þeim að lokum safnað saman af þeim sem hefur umsjón með áætlanagerðinni. „Ekki þarf mikið að bera út af til þess að endurtaka þurfi ferlið. Þessi áhætta er úr sögunni ef notaður er Xadd hugbúnaðurinn enda býr hann yfir fullkominni útgáfustýringu gagna og rekjanleika."

Auðvelt að aðlaga kerfið

Xadd kerfið hefur verið mikið notað við útfærslu á miðlægri áhættuskrá og til eru Excel-líkön sem notuð eru við framkvæmd áhættumats, skráningu atvika og niðurstöðu úttekta, við eignaskráningu, verkáætlun fyrir framkvæmd úttekta og áhættumats og gloppugreininga svo aðeins séu nefndir fáir möguleikar. Meðal þeirra íslensku fyrirtækja og stofnana sem nota Xadd eru Síminn, Míla, Landsvirkjun, Landsnet, Tryggingamiðstöðin, VÍS, Brú lífeyrissjóður, Íbúðalánasjóður og Fjármálaeftirlitið. Ólafur segir að afar auðvelt sé að laga kerfið að hverslags gagnavinnslu og einfalt að setja hugbúnaðinn upp, hvort sem er í tölvuskýjalausn eða miðlægt hjá notanda. Kerfið er jafnframt að fullu samhæft við aðgangsstýringu Windows en einnig er hægt að setja upp notendur sérstaklega.

Með því að vista gögn miðlægt í gagnagrunni er mjög einfalt að draga saman niðurstöður þvert á gögn og til dæmis veita hagsmunaaðilum aðgang að mikilvægum upplýsingum. „Notkun á kerfinu lágmarkar enn fremur verulega hættu á gagnavillum, tryggir öryggi gagna og er með innbyggðar töflur fyrir skýrslugerðarhugbúnað á borð við Microsoft PowerBI, Tableu og Qlik. Helsta virknin byggir á Excel og eru mjög miklir möguleikar sem bætast við forritið með því að nota það með Xadd kerfinu. Þá er gagnamagn mjög takmarkað þar sem texti er eingöngu vistaður í gagnagrunni," segir Ólafur.

Fylgjast með áhættu í gegnum Xadd

Í svona stóru fyrirtæki þarf að dreifa framkvæmd áhættumats þannig að við erum með þriggja ára áætlun og þá er mikilvægt að vera með kerfi eins og Xadd frá Formönnum sem styður fyllilega við verklagið," segir Guðbjörn Sverrir Hreinsson, öryggistjóri Símans, en Síminn hefur notað Xadd hugbúnaðinn frá árinu 2014. „Það var þá sem við tókum upp núverandi verklag í kringum áhættustýringu."

Öryggi innviða og gagna er forgangsmál hjá Símanum og samkvæmt stefnu fyrirtækisins er það skuldbundið til að vinna að stöðugum umbótum í upplýsingaöryggi starfsfólks og viðskiptavina. Guðbjörn Sverrir segir að Xadd kerfið leiki lykilhlutverk þegar kemur að áhættustýringu. „Áhætta tengd upplýsingaöryggi hefur aukist mikið á undanförnum árum og baráttan við að halda uppi fullnægjandi öryggisstigi er stöðug. Í kerfið er hægt að skrá inn áhættuþætti sem tengjast allri starfsemi fyrirtækisins, stilla upp áhættusniði og viðmiðum, s.s. hvað er ásættanlegt áhættustig á hverjum tímapunkti eða hvort ráðast þurfi í aðgerðir tafarlaust. Svo er þetta vaktað með sérstöku mælaborði og reglulega farið yfir helstu áhættuþætti, hvaða breytingar hafa orðið, t.d. að ógn vaxi eða stýringar gefi eftir. Þannig er hægt að fylgjast vel með."

Guðbjörn segir að Síminn geti með Xadd kerfinu fjallað um þær áhættur sem talið er nauðsynlegt og kerfið styðji við það.

Guðbjörn Sverrir Hreinsson. MYND/ERNIR

Öflug verkefna- og málaumsjón

Spektra kynnir danska verðlaunahönnun, WorkPoint, á UTmessunni. Spektra er SharePoint fyrirtæki og þjónustar mörg af stærstu fyrirtækjum landsins. Spektra á 5 ára afmæli á þessu ári.

Þór Haraldsson, framkvæmdastjóri hjá Spektra, segir að fyrirtækið sérhæfi sig í lausnum í SharePoint, Office 365 og Xamarin app þróun. „Við bjóðum upp á tilbúnar lausnir sem og sérsniðnar lausnir fyrir fyrirtæki. Stærsta lausnin okkar er WorkPoint sem mörg stórfyrirtæki í Danmörku eins og Lego, Mærsk Oil, Dansk Standard og fleiri nota. Á Íslandi eru 30 fyrirtæki með WorkPoint en það sameinar verkferla, skjalavistun, verkefna- og málaumsjón. WorkPoint byggir á SharePoint ásamt því að vera með viðbót ofan á Office pakkann."

Auðvelt er að setja upp þrepaskipta tímalínu fyrir verkefni og mál. Þannig að allir starfsmenn vinni eftir því verklagi sem sett er upp. Með WorkPoint Express er hægt að vinna með skjöl, verkefni og mál beint úr Outlook.

Þór segir að þau fyrirtæki sem hafa tekið upp WorkPoint séu mjög ánægð með lausnina. „Stóri kosturinn er að yfirsýn yfir stöðu mála er mikið betri auk þess sem reynslan sýni að vistun á samskiptum aukist til mikilla muna. Auðvelt er að aðlaga WorkPoint eftir þörfum hvers og eins fyrirtækis. Við leggjum mikla áherslu á námskeið í upphafi svo að allir starfsmenn þekki helstu kosti og eiginleika lausnarinnar. Lausnin hentar jafnt smærri sem stærri fyrirtækjum," segir hann.

Þeir sem vilja kynna sér kosti WorkPoint ættu að heimsækja básinn hjá Spektra á UTmessunni. Þar verða ráðgjafar sem svara spurningum. Auk þess ætlar Spektra að gefa Lego tæknibíl en tíu þúsund starfsmenn fyrirtækisins nota WorkPoint daglega.

Nánar á heimasíðunni spektra.is

Þór Haraldsson er framkvæmdastjóri Spektra en fyrirtækið er fimm ára á þessu ári. MYND/ERNIR

Allt verður skýrara með Sjáumst

Upplifun af fjarfundum verður önnur og betri með Sjáumst, myndfundaþjónustu Sensa, auk þess sem tæknilegir örðugleikar heyra sögunni til.

Örugg samskipti eru lykilþáttur þegar kemur að traustum viðskiptum fyrirtækja. Í alþjóðaumhverfi geta samstarfsaðilar verið frá mörgum löndum og ríður þá á að hafa yfir að búa góðum fjarfundabúnaði. Raunar skiptir það einnig oft sköpum fyrir fyrirtæki sem eingöngu hafa samskipti innanlands því að með fjarfundum er hægt að hraða ákvarðanatöku, stytta verkferla og auka samvinnu.

Það að koma á fjarfundi er oft og tíðum flókið, erfitt getur reynst að koma þeim í gang og tengingin oftar en ekki verið bágborin. Þá hefur það verið viðvarandi vandamál að fyrirtæki eru búin fundakerfum frá mismunandi framleiðendum sem enn hefur aukið flækjustigið því kerfin tengjast ekki alltaf svo auðveldlega. Upplýsingatæknifyrirtækið Sensa hefur hins vegar fundið lausn á þessu með myndfundaþjónustunni Sjáumst sem segja má að brúi bilið og tengi saman allar þessar mismunandi tæknilausnir.

Sigurgeir Þorbjarnarson, sérfræðingur í samskiptalausnum hjá Sensa, bendir á að það líti varla vel út þegar fyrirtæki fundi í gegnum USB-myndavél og notist við hljóðnema úr tölvu. Með Sjáumst verði allt sem tengist fjarfundum fagmannlegra en um leið einfaldara. „Upplifunin skiptir svo miklu máli, að starfsmenn komi vel fyrir og með Sjáumst þá er þjónustan sniðin að hverju og einu fyrirtæki. Farið er í þarfagreiningu sem unnin er af sérfræðingum Sensa og fundið út hvaða búnað þarf í fundarherbergin og hvaða tækni hentar hverjum viðskiptavini. Við höfum verið

Sigurgeir Þorbjarnarson, sérfræðingur í samskiptalausnum hjá Sensa. MYND/VILHELM

» Með Sjáumst er þjónustan sniðin að hverju og einu fyrirtæki. Farið er í þarfagreiningu sem unnin er af sérfræðingum.

að setja upp fundarherbergi útbúin fullkomnum myndavélum og hljóðnemum þannig að útsendingin verði sem best. Kerfið er þá lagað að útliti fyrirtækjanna, til dæmis birtast einkennismerki þeirra hverjum þeim sem tengist fundarkerfinu, auk þess sem búnaðurinn er svo einfaldur í notkun að aðeins þarf að smella á einn hnapp til að fundur geti farið fram.“

Mestu máli skipti svo að hver sem er geti tengst fjarfundinum, óháð því hvaða búnað viðkomandi notar sjálfur. „Áður fyrr þurftu bæði fyrirtæki að hafa sama búnað til að geta haldið fjarfund en viðskiptavinir okkar glíma ekki við það vandamál. Hægt er að tengjast Sjáumst þjónustunni með nánast öllum kerfum, t.d. Cisco Jabber, Microsoft Lync og Skype, vafra í tölvu eða bara í gegnum snjallsíma. Og að sjálfsögðu í gegnum allan myndfundabúnað fundaherbergja óháð framleiðanda.“

Enn fremur gerir Sjáumst fyrirtækjum kleift að streyma fjarfundum í gegnum YouTube, Facebook Live, MS Azure og fleiri slíkar streymisþjónustur og taka fundina upp til að dreifa síðar.

Hægt verður að að fræðast frekar um Sjáumst og fleiri lausnir á UTmessunni eða á www.skyjavist.is/utmessan

Vandratað í heimi skýjalausna

Gerð upplýsingakorts getur einfaldað innleiðingu skýjalausna en við smíði þess eru lykilupplýsingar fyrirtækisins skilgreindar og kortlagðar.

Í sítengdum veruleika hefur vegur skýjaþjónusta vaxið hratt og óhætt er að fullyrða að hver einasti nettengdur Íslendingur hafi skilið eftir spor í skýi, hvort sem hann gerir sér grein fyrir því eða ekki. En einmitt vegna þess hversu margar lausnir eru í boði virðist sem margir hafi hreinlega tapað áttum eða eins og Sigurborg Gunnarsdóttir, sérfræðingur hjá Sensa, orðar það: „Mörg fyrirtæki eru týnd og vita ekki hvernig best er að skipuleggja sig í skýinu.“

Sigurborg flytur erindi næstkomandi föstudag, á UT-messunni, sem ber heitið Skipulagt kaos í skýinu, raunverulegar reynslusögur, þar sem hún fer almennt yfir sviðið. „Áhuginn á skýjaþjónustu hefur aukist gríðarlega en fyrir mörgum er þetta töluverð ringulreið, hvaða skýjalausnir á að nota og hvernig á að nota þær. Mikilvægt er að skipuleggja vegferðina vel og gera sér grein fyrir hvaða hindranir eru í veginum svo innleiðingin gangi sem best. Liður í því er að kortleggja vel hvaða upplýsingar eiga að fara í skýið. Um þetta fjallar erindi mitt á UTmessunni.“

Til að styðja fyrirtæki í skýjavegferðinni hefur Sensa hannað nýja lausn sem nefnist Kistan sem nýtist bæði smærri og stærri fyrirtækjum. „Þetta er lausn sem hjálpar fyrirtækjum að nýta þjónustu sem fylgir Office 365 skýinu og einfaldar skipulag og aðgengi upplýsinga,“ segir Sigurborg og bætir við að fyrst og fremst sé Kistan hugsuð fyrir Office 365 skýið frá Microsoft.

Sigurborg Gunnarsdóttir er ráðgjafi hjá Sensa. MYND/VILHELM

„Þetta er eins konar verkfærakista, sem er stuðningur við innleiðingu þeirra lausna sem Microsoft býður í Office 365 skýinu.“ Sett er upp einfalt leiðakerfi í O365 þannig að starfsfólk rati í skýinu og finni á einfaldan hátt þær upplýsingar sem það þarf á að halda. Einnig er í Kistunni aðgengi að fræðsluefni varðandi notkun Microsoft lausna í O365.

Þrátt fyrir að ráðgjöf Sensa tengd Kistunni sé nátengd Office 365 skýinu segir Sigurborg að aðferðafræðin geti hentað öllum fyrirtækjum, óháð því hvaða skýjalausnir þau nota. „Einnig eru mörg fyrirtæki með blandaðar lausnir sem við getum veitt aðstoð við að tengja saman en Sensa býður upp á það sem kallast SkýjaVIST sem hjálpar fyrirtækjum að nýta og tengja skýjaþjónustu við aðra tegund þjónustu.“

» Til að styðja fyrirtæki í skýjavegferðinni hefur Sensa hannað nýja lausn sem nefnist Kistan sem nýtist bæði smærri og stærri fyrirtækjum. Þetta er lausn sem hjálpar fyrirtækjum að nýta þjónustu sem fylgir Office 365 skýinu og einfaldar skipulag og aðgengi upplýsinga.

Upplýsingakort

Hluti af þjónustu Kistunnar er að ráðgjafar Sensa heimsækja fyrirtækin og aðstoða við gerð upplýsingakorts. Þar er um að ræða greiningarvinnu sem getur verið mismunandi eftir stærð og starfsemi fyrirtækja. Hugmyndafræðin á bak við þessa vinnu er að teikna upp kort sem sýnir þær lykilupplýsingar sem skipta fyrirtækin máli. „Við leggjum mikla áherslu á að fyrirtæki sem leggja af stað í þessa vegferð skipuleggi sig í skýinu með upplýsingakorti áður en þau leggja af stað. Þessi hugmyndafræði, að skipuleggja upplýsingarnar og setja upp upplýsingakort, geta fyrirtæki nýtt óháð því hvaða þjónustu þau nota.“

Skyggnst inn í hugarheim tölvuþrjóta

Adversary kemur til með að breyta landslaginu í öryggisþjálfun hugbúnaðarsérfræðinga en með kerfinu má fræðast, á verklegan hátt, um hættur og ógnir á netinu og upplifa raunverulegar afleiðingar af einföldum mistökum við hugbúnaðarþróun.

Valdimar Óskarsson og Aðalsteinn Eggertsson fyrir framan. Hlynur Guðmundsson, Steindór Guðmundsson og James Sigurðarson fyrir aftan. Á myndina vantar Agnesi Jóhannesdóttur. MYND/ERNIR

Öflugasta vopnið í baráttunni gegn tölvuglæpum er klárlega rétt þjálfað starfsfólk. Teymi hjá tölvuöryggisfyrirtækinu Syndis hefur undanfarin misseri unnið að veflausn sem sérhönnuð er til þess að svara þeirri vá sem herjar á fyrirtæki vegna mistaka í hugbúnaðargerð með því að færa forritarana í sæti tölvuþrjótanna. Á sama tíma veitir veflausnin öryggisstjórum og yfirmönnum upplýsingatæknimála góða yfirsýn yfir þekkingu starfsfólks á helstu öryggisveikleikum.

Veflausnin nefnist Adversary og er nafnið lýsandi fyrir tilgang hennar. Notandinn setur sig í spor mótherjans og fær að reyna hvernig hægt er að brjótast í gegnum hinar ýmsu öryggisvarnir. „Hægt væri að halda glærukynningu fyrir forritara um helstu hættur og algengar villur sem þeir gera en eftir viku þá væru þeir búnir að gleyma áttatíu prósentum af því efni sem var til kynningar," segir Steindór S. Guðmundsson, vörustjóri Adversary hjá Syndis, og bætir við: „Með verklegri nálgun Adversary mun stærstur hluti þekkingarinnar sitja eftir hjá starfsmönnum."

Adversary virkar þannig að notandinn keyrir upp sýndarvefsíður sem innihalda algengar öryggisvillur og á viðkomandi að reyna að hakka sig í gegnum þær. Veflausnin getur gefið vísbendingar sem leiða notandann í gegnum verkefnin og þegar verkefnið er leyst fær notandinn stig. „Hátt í sjötíu prósent vefsvæða eru viðkvæm fyrir innbrotum og hefur árásum fjölgað geigvænlega á síðustu árum. Þrátt fyrir það sitja öryggismál á hakanum hjá flestum fyrirtækjum og einblínt er á að koma hugbúnaði og vefsíðum á markað sem fyrst. En með Adversary má draga úr villum forritara og að gera það á fyrstu stigum kostar ekki nema eitt prósent af því sem það kostar eftir að hugbúnaðurinn er kominn í almenna notkun," segir Valdimar Óskarsson, framkvæmdastjóri Syndis, og líkir gagnsemi Adversary við flughermi hjá flugmönnum. „Eftir því sem forritararnir eru betri, þeim mun síður verða til villur og veikleikar."

Fjöldi nýrra verkefna

Til að byrja með eru nítján verkefni sem glíma má við í Adversary, þar á meðal raunhæf verkefni á borð við þekktar árásir á Íslandi sem leiddu til gagnataps. Fjöldi verkefna verður tvöfaldaður á næstu mánuðum og jafnt og þétt eftir það. „Þegar koma upp alvarlegir gagnalekar munum við sníða æfingar eftir þeim eins fljótt og auðið er þannig að forritarar eru sífellt að glíma við ný og raunhæf verkefni," segir Valdimar. Auk þess verður hugsanlega notast við hópvirkjun (e. crowdsourcing) þegar kemur að gerð nýrra verkefna þar sem aðilar um allan heim fá tækifæri til að útbúa verkefni.

Eitt af því sem Valdimar nefnir sérstaklega er mælaborð Adversary fyrir yfirmenn. „Þar er hægt að fylgjast með hversu vel starfsmönnum gengur að leysa verkefni og hvað þeir hafa leyst mörg af þeim verkefnum sem eru í Adversary hverju sinni. Þá er hægt að setja starfsmönnum fyrir og greina hversu vel þjálfun þeirra hefur gengið. Þannig hafa yfirmenn upplýsingatæknimála góða yfirsýn yfir þekkingu starfsfólks síns í öryggismálum."

Stefnumiðuð útvistun skynsamlegur kostur

Guðmundur Arnar Þórðarson, sviðsstjóri rekstrarsviðs hjá Þekkingu, heldur áhugaverðan fyrirlestur um stefnumiðaða útvistun á UTmessunni á föstudag.

Stefnumiðuð útvistun gengur út á að útvista verkum með annarri nálgun en oft er farin. Við útvistun er oftast horft til þess að lækka kostnað, í mörgum tilfellum einnig að kaupa aðgengi að ákveðinni sérfræðiþekkingu eða flóknum og dýrum tækjabúnaði. Stefnumiðuð útvistun gengur út á hagræðingu en undirbúningurinn er annar og er lögð mikil áhersla á að vinna með kjarnafærni fyrirtækisins. Þetta þýðir að með stefnumiðaðri útvistun fá stjórnendur fyrirtækis betra tækifæri til að einbeita sér betur að kjarnastarfsemi þess, framþróun verður auðveldari og árangurinn af útvistun skjótari," segir Guðmundur Arnar Þórðarson hjá Þekkingu.

Hver hentar þínu fyrirtæki best?

Með stefnumiðaðri útvistun er gerð innri greining á rekstri fyrirtækis sem síðan er notuð til að ákveða hvaða verkefnum á að útvista og hvaða samstarfsaðili hentar best fyrir fyrirtækið. „ Með stefnumiðaðri útvistun er ekki endilega verið að finna ódýrasta þjónustuaðilann heldur þann sem passar best inn í samstarfið og þá vegferð sem tiltekin eining eða fyrirtæki vill fara í," segir Guðmundur.

Hann bendir á að erlendar sem innlendar rannsóknir sýni að fyrirtæki beiti sjaldnast þessari aðferð. „Þegar stefnumiðuð útvistun er ekki notuð er oft spurning um heppni hvernig samstarf fyrirtækja heppnast. Stundum heppnast það vel en ekki alltaf," bendir Guðmundur á.

Hann segir mjög mikilvægt að fara á réttum fæti í þá vegferð sem útvistun hefur í för með sér. „Í raun er útvistun stórt breytingaverkefni og það sparar tíma og hjálpar til við að ná árangri að nýta sér stefnumiðaða útvistun."

Útvistun eykst

Samkvæmt íslenskri rannsókn frá árinu 2013 kemur fram að tæpur helmingur íslenskra fyrirtækja nýtir sér útvistun á upplýsingatækni í heild eða hluta. Guðmundur telur líklegt að útivistun á upplýsingatækni eigi eftir að aukast enn frekar í nánustu framtíð. „Við hjá Þekkingu höfum fengið marga í útivistun til okkar sem ekki hafa nýtt sér slíka þjónustu áður. Ég vil tengja það við að nú fer í hönd ár hagræðingar og því er rétti tíminn núna til að skoða stefnumiðaða útvistun af alvöru," segir hann.

Í fyrirlestrinum á UTmessunni á föstudag mun Guðmundur Arnar fjalla um stefnumiðaða útvistun. MYND/STEFÁN

» Með stefnumiðaðri útvistun er gerð innri greining á rekstri fyrirtækis sem síðan er notuð til að ákveða hvaða verkefnum á að útvista og hvaða samstarfsaðili hentar best fyrir fyrirtækið.

Fer yfir ferlið skref fyrir skref

Í fyrirlestrinum á UTmessunni á föstudaginn ætlar Guðmundur að fara yfir hvaða skref fyrirtæki þarf að taka varðandi stefnumiðaða útvistun. „Fyrirtæki sem ætlar að fara í stefnumiðaða útvistun þarf að fara í stefnumótunarvinnu og að henni lokinni er auðveldara að nálgast mögulega samstarfsaðila um leið og það er alveg skýrt hvaða verkefnum þarf að útvista. Þannig er auðveldra að hefja samstarfið. Í stefnumiðaðri útvistun er oftast verið að hefja langvinnt samstarf og lykillinn að því er traust. Val á fyrirtæki fyrir útvistun er eins og að velja sér góðan starfsmann," segir Guðmundur.

Upplýsingatækni mikilvæg í starfsemi fyrirtækja

Deloitte veitir öfluga upplýsingatækniþjónustu og sérfræðiráðgjöf til fyrirtækja. Skilvirk sýn á meðhöndlun gagna veitir samkeppnisforskot og eykur arðsemi. Deloitte tekur þátt í UTmessunni.

Tilgangur UTmessunnar er fyrst og fremst að varpa ljósi á mikilvægi upplýsingatækninnar og það fjölbreytta landslag sem hún snertir, bæði í leik og starfi. Upplýsingatækni er mikilvægur þáttur í starfsemi fyrirtækja og liggur samkeppnisforskot þeirra oft í skilvirkri og skýrri sýn á meðhöndlun þeirra gagna og upplýsinga sem fyrirtækin vinna með. Áskoranir stjórnenda í dag felast því að miklu leyti í að gera sér grein fyrir nýjungum og þeim tækifærum sem nú bjóðast til að einfalda og bæta skilvirkni ferla, lækka kostnað og auka arðsemi. Þar kemur inn sú faglega ráðgjöf og þjónusta sem Deloitte býður upp á en undanfarin ár hefur upplýsingatækniráðgjöf verið einn helsti vaxtarbroddur Deloitte á heimsvísu með þann megintilgang að aðstoða viðskiptavini til að ná betri árangri í rekstri með hagnýtingu tækninnar. Þess vegna tökum við þátt í UTmessunni,“ segir Sigurður Páll Hauksson, forstjóri Deloitte.

Sigurður Páll Hauksson, forstjóri Deloitte, segir mikilvægt að stjórnendur fyrirtækja fylgist vel með nýjungum í upplýsingatækni. MYND/EYÞÓR

Sterkt bakland og fjölbreytt verkefni

„Deloitte býr að öflugri upplýsingatækniþjónustu með vandaðri og lausnamiðaðri sérfræðiráðgjöf þvert á landamæri. Deloitte er eitt stærsta fyrirtæki heims á sviði endurskoðunar og ráðgjafar með um 260.000 starfsmenn í yfir 150 löndum. Bakland okkar er því sterkt. Það er í raun ekki til tæmandi listi yfir þau verkefni sem við vinnum að, því þarfirnar eru fjölbreyttar og lausnirnar með, en sérfræðingar Deloitte hafa yfirgripsmikla þekkingu og reynslu við uppbyggingu og framkvæmd upplýsingatæknistefnu, samþættingu kerfa, viðskiptagreiningu, netöryggisþjónustu og sjálfvirknivæðingu ferla svo eitthvað sé nefnt.“

Sérfræðiþekking á heimsvísu

„Deloitte leggur mikla áherslu á að aðstoða fyrirtæki sem vilja endurhanna upplýsingakerfi sín og starfsemi með tilliti til krafna nýrrar kynslóðar og nýrra möguleika með tækni. Þar er um að ræða endurgerð ferla, hagnýtingu skýjalausna og þráðlausrar tækni.

Deloitte er leiðandi í þjónustu við kerfi á borð við Salesforce og SAP viðskiptahugbúnað og við erum til að mynda platínum samstarfaðili SAP á heimsvísu sem og leiðandi í Saleforce lausnum um allan heim,“ útskýrir Sigurður Páll. „Til einföldunar má því segja að ef fyrirtæki eru í þeim sporum að vilja endurskoða og greina upplýsingakerfi sín og innri verkferla og hafa hug á að fjárfesta í hagkvæmari og skilvirkari lausnum til lengri tíma, þá getur ráðgjafarfyrirtæki eins og Deloitte verið fyrsta skrefið í þeirri vegferð.“

Áhugaverðir fyrirlesarar á UTmessunni

Tveir fyrirlesarar frá Deloitte flytja erindi á UTmessunni, Rui Manuel Gidro frá Deloitte í Portúgal og Morten Von Seelen frá Deloitte í Hollandi. Rui mun fjalla um snjallborgir og þá lykilþætti sem keyra áfram eftirspurnina eftir snjöllum lausnum sem einkenna nútímaborgarskipulag. Hann mun fjalla um árangurssögur snjallborga víða um heim og fara yfir helstu atriði sem borgir eru að horfa til með frekari snjallvæðingu.

> Áskoranir stjórnenda í dag felast því að miklu leyti í að gera sér grein fyrir nýjungum og þeim tækifærum sem nú bjóðast til að einfalda og bæta skilvirkni ferla, lækka kostnað og auka arðsemi.

Morten er sérfræðingur í netöryggismálum og hefur meðal annars stýrt vinveittum netárásum á mörg þekkt fyrirtæki í Evrópu að beiðni forstjóra umræddra fyrirtækja. Hann mun fjalla um þær aðferðir sem hann og hans teymi hafa notað í þeim tilgangi og varpa kastljósinu að þeim algengu brotalömum í netvörnum sem þau hafa orðið vör við.

Snjallvöruflutningatrukkur

„Í básnum okkar verðum við með fjarstýrðan snjallvöruflutningatrukk sem skynjar umhverfi sitt og hversu hratt og órugglega fólk nær að keyra um brautina. Gestir munu geta keppt sín á milli,“ útskýrir Sigurður Páll. „Þá verður sýnishorn af því hvernig tölvur læra inn á umhverfi sitt og við fáum innsýn í hvernig heimurinn lítur út með Augmented Reality. Svo má ekki gleyma því að einvalalið sérfræðinga verður á svæðinu allan tímann sem verður boðið og búið að kynna hvernig við getum orðið stórum og smáum rekstraraðilum að liði,“ segir Sigurður Páll.

Fjallað verður meðal annars um netvarnir í fyrirlestrum Deloitte á UTmessunni.

UTmessan 3. febrúar
Hörpu kl. 10 - 17

Þar sem allt tengist



Aðgangur ókeypis

Opið 10 – 17

Ókeypis í bílastæðahús Hörpu

Eigðu skemmtilegan dag

í heimi tækninnar

- Prófaðu að skora mark hjá gervigreindu markmannsvélmenni
- Heilsaðu upp á Titan risavélmennið og krúttvélmennið Pepper
- Hægt verður að upplifa og prófa sýndarveruleika í sýningarbásum víðsvegar um svæðið
- Þola netþjónar að liggja í vatni?
- Reyndu að stýra fjarstýrðum snjall-vöruflutningabíl í gegnum þrautabraut
- Fáðu innsýn í hvernig heimurinn lítur út í viðbættum veruleika
- Prófaðu að teikna beint á skjái
- Hentu rusli í snjallruslatunnu!

sjá nánar á utmessan.is

UTmessan.is

Ferming 2018

Ótrúlegt Úrval

COSMO

Kringlunni

Náttúran í stofunni

Mýkt og náttúruleg efni eru mest áberandi í heimilistískunni á nýju ári enda undir sterkum áhrifum frá áttunda áratugnum, bæði í litavali og efniviði.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is

Með nýju ári kemur ný tíska og það er langt síðan einhver fór að velta fyrir sér hvaða straumar og stefnur ættu að vera ráðandi inni á þeim heimilum sem verða innréttuð 2018. Mýkt virðist vera í kortunum, mjúkt flauel, feldir og náttúruefni eru vinsæl og mýktin er jafnvel í málmunum þar sem brons og látún tekur við að silfri og stáli.

Flauel hefur verið að koma sterkt inn í fatatískunni en þetta mjúka og munúðarfulla efni þótti til skamms tíma bæði gamaldags og rykþrungið. Flauelssófar, stólar og púðar fylla stofurnar og ekki skemmir fyrir að litirnir eru djúpir og skærir. Lúxusinn er kominn aftur, gott fólk.

Blómamynstur hefur verið lengi í tísku en í ár verða mynstrin villtari og litirnir skærari og meira áberandi.

Rósagull var úti um allt árið 2017 en í ár verður minna af því en koparinn kemur hins vegar aftur, og fleiri hlýir málmar. Koparinn er hlýr og jarðbundinn og rauðu og appelsínugulu tónarnir slá notalega tóna.

Litir verða sterkari og dýpri í ár en undanfarin ár. Einkum verða það dumbrauðir, sterkbleikir, sandgulir, hafbláir og grasgrænir litir sem ráða för. Þau sem ekki kunna við að hafa allt vaðandi í sterkum litum geta huggað sig við að svart og hvítt er síður en svo á útleið þó stál og króm sé það sannarlega. Svart og hvítt með örlitlum kopar til að hlýja sér verður líka mjög vinsælt.

Náttúruefni eins og gærur og feldir, trjádrumbar færa okkur á skýran hátt frá tækniárátunni sem hefur fylgt húsbúnaðartískunni allt of lengi að sumra mati og nær því sem grær. Steintegundir eins og granít og jafnvel steypa, á gólfum en líka í borðplötur gefa skemmtilega hrátt yfirbragð sem fellur svo fallega saman við tréhúsgögn og jafnvel panil úr grófu timbri á veggina. Fylgihlutir eins og gærur, skinn, mjúk ullarteppi og feldir færa svo heimilinu notalegan og jarðbundinn blæ og kallast á við heiminn utan heimilisins. Íburðarmiklar og gamaldags ljósakrónur eiga svo sviðið í efsta lagi heimilisins, einhverjum til furðu. Eftirlíkingar af blómum og öðrum náttúrufyrirbærum eru að koma sterk inn sem og litað gler og mjúkur málmur, látún eða kopar í bland.

Að lokum: veggfóðrið er ekki að fara neitt. Þvert á móti verða mynstrin meira áberandi og þá helst ljósmyndamynstur úr náttúrunni, sem dæmi má nefna hið ægifagra mynstur sem getur myndast með agati sem á íslensku nefnist glerhnullungur. Í stuttu máli þá er náttúran að halda innreið sína á heimilin sem er gott mál enda margsannað að þar líður manneskjunni best.

Þau sem ekki langar að stinga sér á bólakaf í litagleðina þurfa ekki að örvænta því svart og hvítt í bland við ljósan við er líka í tísku. Og takið eftir hvernig koparinn laumar sér að sem rönd á hvítum púða.

Hér koma saman hvorki meira né minna en þrír tískustraumar. Sófinn er dimmblár en sterkir og djúpir litir eru vinsælir, hann er úr flaueli sem er að gera gríðargóða endurkomu og púðarnir bera svo áberandi blómamynstrinu fagurt vitni.

Látún verður áberandi á ýmsum stöðum þar sem stálið réði ríkjum áður, meðal annars í blöndunartækjum.



Veggfóður með ljósmyndum af stækkuðu náttúrumynstri er að koma sterkt inn og skyldi engan undra þegar náttúran býður upp á aðra eins fegurð og sést hér í nærmynd af agatsteini.

Gott er að stinga tánum í mjúkt gæruskinn. Feldir, gærur og stór og mjúk teppi verða áberandi á heimilunum í ár.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI
HAFÐU SAMBAND
INFO@HUSAVIDGERDIR.IS
SÍMI 565-7070
Finndu okkur á Facebook

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT

Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949

TOYOTA Aygo h/b x-play touch. Árg. 2017, ek. 30 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.490.000. Rnr.152093.

VOLVO V60 d4 summum leður/191 hö. Árg. 2017, ek. 25 Þ.KM, dísel, leður, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 4.980.000. Rnr.152081.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

VAKA

Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is

Hópferðabílar

RÚTUR TIL SÖLU
Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá 990.000 kr. Nánari uppl. veitir Óskar í síma: 699-3219

Hjólbarðar

VAKA

NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

Vespur

Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar

Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

Þjónusta

Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Húsaviðhald

Smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 832-1515

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN IN
- FYRIRTÆKI
- FJÓLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

HÚSAVIÐGERÐIR
Trésmíði • múrverk • málun blikk • háþrýstiþvottur og þakklæðningar.
ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA.
UPPL. Í SÍMA 858 3300

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

GÆÐABÍLAR
LÆKKAÐ VERÐ

2.990 þús. ÁÐUR ~~3.190~~ þús.
Skoda Octavia Ambition Combi - 2015



Ekinn 29 þús. km.
Sjálfsk. - Bensín
Raðnr. 136159

1.980 þús. ÁÐUR ~~2.190~~ þús.
Skoda Octavia Combi - 2012

Ekinn 65 þús. km.
Beinskiptur - Bensín
Raðnr. 136165

2.890 þús. ÁÐUR ~~3.090~~ þús.
Skoda Octavia Ambition 4x4 - 2014

Ekinn 56 þús. km.
Beinskiptur - Dísel
Raðnr. 136569

4.990 þús. ÁÐUR ~~5.290~~ þús.
Skoda Superb Style 4x4 - 2016



Ekinn 29 þús. km.
Sjálfsk. - Dísel
Raðnr. 136157

4.490 þús. ÁÐUR ~~4.690~~ þús.
Skoda Octavia Scout Elegance 4x4 - 2015



Ekinn 49 þús. km.
Sjálfsk. - Dísel
Raðnr. 136568

3.290 þús. ÁÐUR ~~3.490~~ þús.
VW Golf – All Star- 2016

Ekinn 12 þús. km.
Sjálfsk. - Dísel
Raðnr. 136492

3.490 þús. ÁÐUR ~~3.789~~ þús.
VW Passat Comfort - 2016

Ekinn 51 þús. km.
Sjálfsk. - Dísel
Raðnr. 136271

3.990 þús. ÁÐUR ~~4.490~~ þús.
VW Sharan Comfort - 2015

Ekinn 29 þús. km.
Sjálfsk. - Dísel
Raðnr. 136164

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Barnavörur

VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK

133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000



Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is
Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA
s. 780 1444

Í REYKJANESBÆ

VERKFERILL



Vönduð parhús

Til sölu fjögur 171m² vönduð staðsteypt parhús með bílskúr, Furudalur 2-4 og 18-20 til afhendingar strax fokheld að innan með rafmagns- og vatnsinntökum, og fullbúin að utan.

Einnig er hægt að semja um annað byggingarstig eins og tilbúið undir tréverk. Allar upplýsingar fást LIND Fasteignasölu.

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 • Kópavogi • 510 7900
Helga Pálsdóttir gsm 822 2123

heimili fasteignasala
– á traustum grunni

Framúrskarandi fasteignasali óskast

Heimili fasteignasala óskar eftir að ráða fasteignasala til starfa. Við leitum eftir einstaklingi sem býr yfir góðri sölutækni, á auðvelt með að vinna sjálfstætt og býr yfir góðum hæfileikum í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að geta starfað skipulega með öðrum og veitt ábyrga þjónustu í starfi sínu.

Umsækjendur þurfa að vera löggiltir fasteignasalar, eða vera í námi til löggiltingar. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf fljótlega. Umsóknum skal skila til Finnboga Hilmarssonar, fasteignasala, á finnbogi@heimili.is sem jafnramt veitir allar frekari upplýsingar

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is **530 6500**

SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

Komdu og prófaðu!

bill.is

Malarhöfði 2
Sími 5773777
www.bill.is

NISSAN Pathfinder.
Árgerð 2008, ekinn 213 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar.
Verð 1.490.000.
Rnr.260851.

NISSAN Note.
Árgerð 2016, ekinn 34 Þ.KM, dísel, 5 gírar.
Verð 1.790.000.
Rnr.260726.

RENAULT Clio limited.
Árgerð 2017, ekinn 17 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 1.990.000.
Rnr.271108.

NISSAN Qashqai tekna.
Árgerð 2016, ekinn 18 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
Verð 4.090.000.
Rnr.250929.

SUBARU Forester.
Árgerð 2017, ekinn 33 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
Verð 4.590.000.
Rnr.251066.

HYUNDAI I20.
Árgerð 2017, ekinn 23 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
Verð 1.790.000.
Rnr.260884.

HYUNDAI I20.
Árgerð 2017, ekinn 24 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar.
Verð 1.980.000.
Rnr.260717.

HYUNDAI Tucson.
Árgerð 2016, ekinn 65 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
Verð 4.590.000.
Rnr.251099.

MIFID II í ýmsum tölum

17 milljón orð

2,8 milljón tilvísanir á Google

7 þúsund blaðsíður

40.900 tilvísanir á vef ESB

1,7 milljón málsgreinar

2,5 milljarða evra kostnaður við innleiðingu

á fjármálamarkaði og bæta þannig virkni markaðarins, og munum reyna að nýta okkur tækifærin sem geta falist í þeim. Lögð er mikil áhersla á fjárfestavernd og gegnsæi í upplýsingagjöf. Í því geta falist tækifæri til þess að bæta þjónustuna við viðskiptavini og hjálpa þeim að taka enn betri ákvarðanir um fjárfestingar í verðbréfum. Vonandi tekst okkur að koma því til leiðar."

Margrét útskýrir að hluti regluverksins hafi þegar tekið gildi 3. janúar síðastliðinn að kröfu Fjármálaeftirlitsins. „Sá hluti varðar upplýsingagjöf til eftirlitsaðila um hver og ein viðskipti með verðbréf á markaði og er reglunum ætlað að auka gegnsæi í slíkum viðskiptum. Við hófum strax í byrjun ársins að skila þeim upplýsingum til eftirlitsaðila, jafnvel þótt tilskipunin í heild verði ekki innleidd hér á landi."

Aðspurð segir Margrét ekki hafa verið lagt mat á það með nákvæmum hætti hver kostnaðurinn við regluverkur verður. Þó sé ljóst að reglurnar séu viðamiklar og kostnaðurinn því mikill, sér í lagi fyrir minni fyrirtæki.

Eins og áður hefur verið minnst á verður tilskipunin ekki innleidd í íslenska löggjöf fyrr en á næsta ári, meira en ári eftir að hún tók gildi í ríkjum Evrópusambandsins. Margrét segir það hafa bæði kosti og galla í för með sér. „Vegna þess að við erum aðeins á eftir öðrum Evrópuríkjum getum við fylgst betur með því hvernig framkvæmd reglnanna gengur þar – hvað virkar best – og lært af því. Þannig getum við vonandi forðast byrjunarörðugleika sem sum ríki hafa þurft að glíma við."

The Financial Times hefur á undanförnum vikum fjallað ítarlega um umrædda örðugleika. Í nýlegri fréttaskýringu blaðsins kemur fram að þrátt fyrir að hafa fjárfest fyrir milljarða dala á síðasta ári til þess að mæta kröfum regluverksins séu mörg fyrirtæki hreinlega ekki í stakk búin til að takast á við allar þær áskoranir sem reglurnar fela í sér. Þau þurfi lengri tíma.

Upphaflega stóð til að reglurnar tækju gildi 3. janúar 2017 en innleiðingunni var hins vegar frestað, að kröfu fjármálafyrirtækja, um eitt ár. Það virðist þó ekki hafa dugað til. Í nýlegri könnun netfyrirtækisins Timico á meðal bankamanna sagðist 41 prósent aðspurða ekki vita hvort starfsfélögum sínum væri kunnugt um þær kröfur sem regluverkið gerir til banka eða hvort þeir hefðu verið fræddir um reglurnar.

Gagnrýnendur MiFID II segja reglurnar auk þess of íþyngjandi og til þess fallnar að flækja einfalda hluti að óþörfu. „Ég held að þetta sé versta lagasetning sem ég hef séð á mínum ferli," segir Jeff Sprecher, forstjóri Intercontinental Exchange, í samtali við The Financial Times.

> **Það er talið að breytingarnar séu þær mestu sem gerðar hafa verið á löggjöf evrópsks verðbréfamarkaðar frá því að MiFID I tilskipunin tók gildi 2007.**

Margrét Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs Arion banka

Greiningardeildir breytast

Sú breyting sem hefur vakið hvað mesta athygli í nýja regluverkinu snýr að starfsemi greiningardeilda fjármálafyrirtækja. „Ef fjármálastofnanir dreifa greiningum á fjárfestingarkostum til afmarkaðs hóps viðskiptavina, fagfjárfesta, sem hluta af þjónustu viðkomandi stofnana, þá ber þeim samkvæmt regluverkinu að verðleggja og rukka sérstaklega fyrir greiningarþjónustuna," útskýrir Jón Bjarki. Ekki megi láta slíkt greiningarefni fylgja með í kaupunum þegar þóknun er greidd í verðbréfaviðskiptum.

„Þetta er veruleg breyting frá því sem hefur tíðkast þar sem fjármálastofnunum hefur hingað til verið meira í sjálfsvald sett með hvaða hætti þær verðleggja greiningar sínar. Nú þurfa þær hins vegar að tilgreina hvaða hluti af kostnaðinum við þjónustu þeirra kemur til vegna greiningarefnisins. Það þarf að vera skýrt afmarkað frá annarri þjónustu á borð við afgreiðslu á viðskiptapöntunum, vinnu miðlara og öðru utanumhaldi um viðskiptin."

Hrefna Ösp hjá Landsbankanum segir að „umtalsverð breyting" felist í því að bankar þurfi að verðleggja greiningarþjónustu sína alveg sérstaklega. „Við höfum ekki tekið ákvörðun um hvernig greiningarvinnan hjá okkur verður skipulögð til framtíðar. Það er ágætt að regluverkið hafi þegar tekið gildi í Evrópusambandinu því þá getum við fylgst með því hvernig greiningardeildir erlendra banka munu bregðast við. Við þurfum þá ekki að finna upp hjólið."

Aðspurð segir Margrét hjá Arion banka að enn hafi ekki verið ákveðið hvernig greiningarvinnu bankans verði háttað eftir að tilskipunin verður að lögum á næsta ári. „Við erum í ákveðnu millibilsástandi eins og er. Það er mjög ólíkt hvernig erlend fjármálafyrirtæki hafa brugðist við reglunum og aðskilið greiningarþjónustu frá annarri þjónustu. Sumar greiningardeildir eru með verðskrá þar sem hægt er að kaupa mismunandi pakka, ef svo má segja, á ólíku verði. En þetta á eftir að skýrast betur eftir því sem nær dregur."

Jón Bjarki segir að breytingarnar snerti ekki Íslandsbanka með sama hætti og hina viðskiptabankana. „Frá því í fyrravor höfum við ekki unnið neinar greiningar á fjárfestingarkostum sem við sendum til viðskiptavina verðbréfamiðlunar bankans með þeim hætti sem áður var. Mín eining heyrir nú undir skrifstofu bankastjóra og allt okkar greiningarefni er opinbert og öllum aðgengilegt. Þannig að við erum ekki lengur undir þessa kvöð sett," nefnir hann.

Í regluverkinu er mikil áhersla lögð á aukið gegnsæi, að sögn Jóns Bjarka. Að það liggi ljóst fyrir hvernig þóknanamyndun í verðbréfaviðskiptum sé háttað. „Það eru ýmis ákvæði í MiFID II sem miða einmitt að því sama, að auka gegnsæi og vonandi þá í kjölfarið skilvirkni markaðarins."

Sunnumörk, Hveragerði
Veitingarými á besta stað

Sunnumörk í Hveragerði er vinsæll viðkomustaður ferðamanna á leið um Gullna hringinn. Þar er að finna upplýsingamiðstöð Suðurlands með sínum einstaka jarðskjálftahermi, Bónus, Arion banka, Apótekarann, bakarí, bókasafn, Vínbúð og nú 168 m² veitingarými til leigu sem Reitir sjá um að innrétta fyrir nýjan rekstur.

TIL LEIGU

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á **www.reitir.is** og hjá **Halldóri Jenssyni** sölustjóra í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR
Velkomin til starfa

Helgun starfsfólks á áratug breytinga

Tómas Bjarnason
sviðsstjóri starfsmannarannsókna hjá Gallup

Í vinnustaðagreiningum Gallup er lögð áhersla á að fanga að minnsta kosti þrjú grundvallarhugtök; helgun, hollustu og tryggð. „Helgun“ er þýðing á enska orðinu „employee engagement“. Gallup mælir helgun með því að meta hversu vel vinnustaðurinn mætir tólf lykilþörfum starfsfólks. Mæti vinnustaðurinn þessum lykilþörfum vel leiðir það til helgunar starfsfólks. Helgað starfsfólk er tilfinningalega tengt vinnustaðnum, það vinnur af ástríðu, er virkt og áhugasamt.

Spurningarnar sem mæla þessar lykilþarfir snúa að daglegri reynslu starfsfólks, t.d. hvort væntingar séu skýrar, hvort nauðsynleg tæki og gögn séu til staðar, hvort einhver beri umhyggju fyrir starfsfólki og stuðli að þróun þess í starfi. Gallup í Bandaríkjunum metur svo reglulega áhrif helgunar á rekstrarlega þætti sem sýnir að helgað starfsfólk skilar vinnustöðum margvíslegum ávinningi í formi hagnaðar, skilvirkni, betri þjónustu, færri gæðafrávikum og minni fjarvistum.

Tímabilið 2000-2008 á Íslandi einkennist af nær samfelldri hækkun á helgun, ef frá er talin lækkun árið 2004, eins og sést á meðfylgjandi grafi. Það bendir til þess að á þessu tímabili hafi vinnustaðir og stjórnendur hugað æ betur að þörfum starfsfólks. Til samanburðar er sýnd þróun hollustu og tryggðar við vinnustaðinn. Hollusta fólks við vinnustaðinn, þ.e. ánægja þeirra, stolt af vinnustaðnum, samsömun og hvort fólk er tilbúið að mæla með vinnustaðnum, hækkar jafnt og þétt og nær hámarki árið 2008, ef frá er talin lítilsháttar lækkun árið 2005. Hollustan var mun meiri en helgunin á þessum tíma sem bendir til þess að starfsfólk hafi í meginatriðum verið ánægt í starfi og stolt af fyrirtækinu, þó ýmislegt hafi mátt betur fara í daglegri stjórnun, þá einkum hvað varðar hrós og endurgjöf. Þegar tryggðin er skoðuð, þ.e. hvort svarandinn telji líklegt eða ólíklegt að hún eða hann muni leita að nýju starfi á næstu 12 mánuðum, sjáum við aðeins aðra mynd. Tryggðin vex fram til 2005 en tekur þá snarpa dýfu en byrjar að aukast aftur árið 2008.

Efnahagshrunið í lok árs 2008 hafði veruleg áhrif á allt samfélagið, vinnustaði, einstaklinga og fjölskyldur, eins og allir þekkja. Einnig kom hrunið skýrt fram í starfstengdum viðhorfum starfsfólks. Mikil breyting varð svo á viðhorfum fólks árið 2009. Hollustan breyttist mest af þessum þremur þáttum. Helgunin lækkaði einnig, þó mun minna. Hollustan er, eins og áður sagði, samsett úr heildarviðhorfum til fyrirtækisins og mótast af ýmsu í nærumhverfi starfsfólks, en einnig af viðhorfi til yfirstjórnar, ímyndar fyrirtækisins, skipulagsbreytinga, uppsagna, starfsöryggis, álags, launa, vinnutíma og fleiri þátta. Hrunið var starfsfólki ekki einungis efnahagslegt áfall, heldur einnig siðferðislegt áfall og mótaði viðhorf fólks til fyrirtækisins og æðstu stjórnenda þess. Helgunin mótast á hinn bóginn mest af nærumhverfi starfsfólks sem bendir til þess að það hafi haldist nokkuð sterkt þrátt fyrir hrunið. Í kjölfar efnahagshrunsins jókst tryggð við vinnustaðinn vegna þess að tækifærum á vinnumarkaði fækkaði mikið sem gerði starfaskipti áhættusöm eða jafnvel ómöguleg.

Lykilviðhorf starfsfólks á íslenskum vinnustöðum



Áhugavert er að á árunum eftir hrun fengu sumir vinnustaðir sína verstu útkomu í vinnustaðagreiningu á meðan aðrir vinnustaðir fengu sína bestu útkomu. Aðstæður vinnustaðanna voru ólíkar þegar kreppan reið yfir. Viðbrögð þeirra við kreppunni því einnig ólík, mismikil og einnig misvel framkvæmdar. Viðbrögð starfsfólks við kreppunni voru því ekki einhlít. Þessi ólíku viðbrögð komu enn skýrar í ljós þegar niðurstöður könnunar VR á Fyrirtæki ársins litu dagsins ljós í maí 2009. Þvert á allar væntingar var viðhorf VR félaga jákvæðara í sumum þáttum árið 2009 en það hafði verið árið 2008, þrátt fyrir gjaldþrot, uppsagnir og launalækkanir.

Í VR blaðinu birtist umfjöllun um niðurstöðurnar og voru tvær megintilgátur settar fram um þessa merkilegu niðurstöðu. Fyrri tilgátan var sú að erfiðar ytri aðstæður hefðu að einhverju leyti þappað fólki saman, en seinni tilgátan að hrunið hefði breytt gildismati fólks. Það sem fólk tók áður sem sjálfsögðum hlut, eins og vinnu, launum og húsnæði, væri langt í frá sjálfsagt. Allur samanburður fólks um hvað væri sjálfsagt hefði því breyst við hrunið.

Niðurstöður vinnustaðagreininga sýndu að helgun breyttist ekki mikið næstu fjögur ár, en tók loks að hækka að nýju árið 2013. Það var svo árið 2014 sem helgun náði aftur nánast sömu hæðum og hún hafði verið í 2008. Endurgjöf, hrós, tækifæri og hvatning til að þróast eru þau atriði sem mest áhrif hafa haft á hækkun helgunar. Síðustu ár hafa helgun og hollusta starfsfólks verið með því hæsta sem Gallup hefur mælt frá upphafi mælinga, en tryggð starfsfólks við vinnustaðina er á hinn bóginn enn lág í samanburði við fyrri mælingar og þarf að fara aftur til ársins 2002 til að finna lægri tölur.

100 milljónir munu fylgjast með leiknum á sunnudaginn. NORDICPHOTOS/GETTY

Peningarnir í Ofurskálinni

Björn Berg Gunnarsson
fræðslustjóri Íslandsbanka

Á sunnudaginn mætast Patriots og Eagles í leiknum um Ofurskálina. Leikurinn snýst um meira en úrslitin og hvort Tom Brady vinni sinn sjötta titil þar sem óvenju háar upphæðir er að finna nær hvert sem litið er.

Umtalaðar auglýsingar

Ríflega 100 milljónir áhorfenda fylgjast með leiknum og segjast 93% bandarískra áhorfenda ræða um auglýsingarnar við félaga sína eftir leikinn. Hvergi annars staðar er slík athygli í boði en verðmiðinn er eftir því. Talið er að greiða þurfi um hálfan milljarð króna fyrir hálfa mínútu meðan á leiknum stendur. Það er tvöfalt hærri upphæð en fyrir áratug. En þá er ekki allt talið því helstu auglýsendur verja yfir 100 milljónum til viðbótar í að auglýsa auglýsingarnar sínar í aðdraganda leiksins og annað eins getur framleiðslan kostað.

Áætlað er að bandarískir fjölmiðlar hali inn um 40 milljarða króna frá auglýsendum á sunnudaginn, tæplega fjórum sinnum meira en sem nemur öllum auglýsingum á Íslandi, í öllum miðlum á heilu ári.

Tónlistin

Pink syngur þjóðsönginn og Justin Timberlake heldur uppi stuðinu í hálfleik. Tónleikarnir kosta sitt, um milljarð króna, en flytjendurnir fá ekki krónu. Raunar hefur verið reynt (án árangurs) að láta tónlistarfólk greiða fyrir heiðurinn, enda er ekki ónýt auglýsing að fá óskerta athygli áhorfenda og það er væntanlega ekki tilviljun að Timberlake gefur út nýja plötu á föstudaginn. Reynsla Lady Gaga var ansi góð í fyrra en streymi tónlistar hennar þrefaldaðist og plötusala tífaldaðist í kjölfar tónleika hennar í hálfleik.

Milljarður lítra bjórs

Áhorfendur taka virkan þátt í að þenja fjármálahlið Ofurskálarinnar út. Verslunarráð Bandaríkjanna (NRF) áætlar að fullorðnir íbúar landsins verji 8.200 krónum að meðaltali til dagsins, sem er 8,5% aukning frá síðasta ári og 72% aukning frá 2010.

Yfir milljarður lítra bjórs skolar niður vængjum af 650 milljónum kjúklinga og kaloríurnar eru fleiri en á jóladag.

FRÉTTABLAÐIÐ

89%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

Heimild : Prentmiðlamæling Gallup okt. - des. 2017.

Allt sem þú þarft ...

Skotsilfur

Á móti

Eins og kunnugt er skilaði nefnd um bætt rekstrarumhverfi fjölmiðla skýrslu sinni í síðustu viku þar sem reifaðar eru nokkrar tillögur til þess að bæta stöðu einkarekinna miðla. Nokkra athygli vakti samstaða einu ríkisstarfsmanna nefndarinnar, þeirra **Elfu Ýrar Gylfadóttur**, framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar, og Hlyns Ingasonar, lögfræðings í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Þau skiluðu séráliti og lögðust bæði gegn því að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði og heimila áfengis- og tóbaksauglýsingar. Þá má vel spyrja hvort það sé við hæfi að ríkisstarfsmenn séu að hlutast til um svona pólítíska stefnumótun.

Mislásu stöðuna

Gengislækkun mánudagsins á hlutabréfum Haga, sem kom í beinu framhaldi af tilkynningu félagsins um að Samkeppniseftirlitið myndi ekki samþykkja kaup þess á Olís skilyrðalaust, gekk að öllu leyti til baka í gær. Bréf félagsins, sem **Finnur Árnason** stýrir, hækkuðu um 3,4 prósent í Kauphöllinni í gær og var gengi þeirra í lok dags það sama og við lok föstudagsins. Að sögn kunnugra mislas markaðurinn stöðuna hrapallega á mánudag. Tilkynningin hafi í raun verið góð tíðindi fyrir Haga. Lesa megi út úr henni að félagið geti vel fallist á þau skilyrði sem eftirlitið mun setja kaupunum og því verði þau heimiluð.

Fækkar í hópnum

Áfram kvarnast úr starfsmannahópi Framtakssjóðs Íslands. Rebekka Jóelsdóttir lét nýverið af störfum hjá sjóðnum og þá mun **Kristinn Pálmason** hætta störfum nú um mánaðamótin. Bæði gegndu þau starfi fjárfestingastjóra hjá sjóðnum, en Kristinn hafði starfað þar frá árinu 2010. Sat hann meðal annars í stjórnum Advania, Fjarskipta og Húsasmiðjunnar. Sjóðurinn hefur nú selt öll fyrirtækin sem hann fjárfesti í á sínum tíma ef undan er skilið félagið Icelandic Trademark Holding, eigandi vörumerkjanna Icelandic og Icelandic Seafood. Eru eftirstandandi fjárfestingar Framtakssjóðsins metnar á um fimmtán milljarða króna.

Hagvöxtur á Indlandi tekur aftur við sér



Indverskur verkamaður sést hér að störfum við byggingu eins hæsta háhýsis í fjármálahverfinu í Mumbai. Búist er við því að hagvöxtur á Indlandi muni taka við sér á þessu ári eftir hægagang í fyrra. Indversk stjórnvöld spá 7 til 7,5 prósenta hagvexti í ár en til samanburðar mældist hann 6,75 prósent á síðasta ári. Ef spáin gengur eftir verður indverska hagkerfið á nýjan leik það hagkerfi sem vex hvað hraðast í heiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Þau eru svo eftirsótt Íslandsmið

Gunnar Valur Sveinsson
verkefnastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Umferð erlendra hópbifreiða með hópa á Íslandi er ekki ný af nálinni. Í gegnum tíðina hafa hópar ferðamanna komið til landsins með rútum, fyrst og fremst í gegnum Seyðisfjörð, ferðast um landið og farið svo til baka sömu leið. Undanfarin ár hefur borið á nýbreytni á þessu sviði þar sem hópbifreiðar skráðar innan ESB, á forræði erlendra fyrirtækja, hafa komið hingað til lands með erlenda bílstjóra og selt þjónustu sína erlendum fyrirtækjum sem sent hafa hópa hingað til lands. Sama hefur einnig átt við um erlendar ferðaskrifstofur sem hafa sent hingað erlent starfsfólk til að sinna leiðsögn erlendra hópa í samkeppni við innlenda leiðsögn sem ber virðisaukaskatt.

Lögum um útselda starfsmenn hefur ekki verið hægt að beita þar sem þau eiga aðeins við ef kaupandi þjónustu er innlendur aðili en auk þess er hópbifreið ekki skilgreind sem starfsstöð. Þá hefur eftirlit með VSK-skyldu erlendra fyrirtækja ekki gengið sem skyldi, viðurlög hafa ekki verið nógu afgerandi og erlend fyrirtæki því vanvirt skráningu.

> **Samtök ferðaþjónustunnar og aðilar vinnumarkaðarins hafa lengi bent stjórnvöldum á mikilvægi þess að lög og reglur um starfsemi erlendra aðila hér á landi séu skýr og að eftirlit geti átt sér stað á fyrri stigum.**

Vaxandi umsvif

Umfang erlendra ferðaþjónustufyrirtækja hefur magnast mikið undanfarin ár en segja má að samkeppnisstaða þeirra hafi batnað til muna þegar íslensk ferðaþjónusta var gerð VSK-skyld 1. janúar 2016. Erlendir aðilar sem ekki eru á VSK-skrá hér á landi leggja ekki VSK á sína sölu og eykur það framlegð þeirra og samkeppnisforskot. Ætla má að fjöldi erlendra hópbifreiða sem voru í starfsemi á Íslandi sumarið 2017 hafi verið um 30 talsins á móti 10 sumarið 2016. Einnig hefur erlendum ferðaskrifstofum með leiðsögumenn í skipulögðum ferðum verið að fjölga en þær skiptu tugum sumarið 2017. Ef ekkert verður að gert má gera ráð fyrir að umfangið vaxi mikið og samkeppnishæfni innlendra ferðaþjónustufyrirtækja versni. Sú erlenda starfsemi sem hér um ræðir greiðir ekki skatta og skyldur hér á landi og starfmenn eru á launum langt undir því sem kjarasamningar gera ráð fyrir.

Norðurlönd hafa lengi tekist á við starfsemi erlendra hópbifreiða, sérstaklega frá láglaunalöndum í Austur-Evrópu. Sumarið 2017 var 371 af 736 hópbifreiðum, eða rúmur helmingur hópbifreiða á Kaupmannahafnarsvæðinu, rekin af erlendum óskráðum aðilum. Í því skyni að sporna við starfsemi erlendra aðila hafa dönsk hópbifreiðasamtök farið þess á leit við ESB og dönsk stjórnvöld að ákveði um takmörkun á dagafjölda hópbifreiða í öðru landi en heimalandi verði í samræmi við það sem tíðkast í vöruflutningum í nýrri flutningatilskipun ESB. Norðmenn ákváðu fyrir skömmu að fara þá leið að takmarka dagafjölda sem erlendir aðilar gætu verið með starfsemi í landinu. Sú framkvæmd var ekki samþykkt af ESA og því fóru Norðmenn þá leið að setja skilyrði um lágmarkslaun. Eftirlit á þeim vettvangi er þó aðeins mögulegt gagnvart norskum lögaðilum sem kaupa þjónustu erlendra aðila.

Bregðast þarf við

Samtök ferðaþjónustunnar og aðilar vinnumarkaðarins hafa lengi bent stjórnvöldum á mikilvægi þess að lög og reglur um starfsemi erlendra aðila hér á landi séu skýr og að eftirlit geti átt sér stað á fyrri stigum. Einnig þurfa lög um réttindi á íslenskum vinnumarkaði að ná til allra sem hér starfa, líka hópbifreiða og leiðsögumanna. Þá hefur verið bent á að þeir erlendu aðilar sem starfa hér á landi þurfa að vera á VSK-skrá til að gæta jafnræðis við innlenda aðila.

Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld átti sig á þeim alvarleika sem vinnumarkaðurinn stendur frammi fyrir ef óskráðum erlendum aðilum er gefinn óheftur aðgangur að eftirsóttum Íslandsmiðum á ferðaþjónustumarkaði. Bregðast þarf við með skýrum og ótvíræðum aðgerðum.

Framúrskarandi og til fyrirmyndar

Rakel Sveinsdóttir
formaður Félags kvenna í atvinnulífinu, FKA

Í dag klæðast konur svörtu til stuðnings #metoo og reyndar mun fleiri en konur, því síðustu daga hafa margir karlmenn haft samband við FKA og látið vita að þeir ætli sjálfir að taka þátt og klæðast svörtu. Ég geri því ráð fyrir að íslenska þjóðin sé meira og minna svartklædd í dag og vona að svo sé því #metoo byltingin þarf svo sannarlega á miklum stuðningi að halda.

Dagurinn í dag er reyndar dagur fyrirmynda. Ekki aðeins erum við að draga fram fyrirmyndir með svörtum klæðnaði, heldur valdi FKA þennan dag vegna þess að síðdegis verða þrjár magnaðar konur heiðraðar á árlegri viðurkenningarhátíð félagsins sem haldin verður í Gamla Bíói. Hátíðina erum við að halda í nítjánda sinn en satt best að segja, hefur þörfin á því að draga fram fyrirmyndir í atvinnulífinu sjaldan verið meira áríðandi en einmitt nú. Atvinnulífið stendur nefnilega frammi fyrir mörgum áskorunum og í þeim efnum þurfum við að treysta á okkar sterkustu fyrirmyndir, sem hið raunverulega afl til breytinga.

Hér er ég reyndar ekki aðeins að tala um breytingar í kjölfar #metoo, heldur líka hið ósýnilega glerþak. Sem dæmi um hversu sterkt það stendur enn, má benda á fréttir fjölmiðla í síðustu viku. Þar kom fram að samkvæmt nýjum rannsóknum Capacent, eru 89 prósent af forstjórum stærstu fyrirtækja landins karlmenn og heilt yfir eru karlmenn 72 prósent allra framkvæmdastjóra. Þetta er sorgleg sóun á mannauði kvenna og greinilegt að ekki hefur það dugað til að í mörg ár hafa fleiri konur en karlmenn útskrifast úr háskólanámi.

Reyndar er glerþakið svo sterkt, að ekki einu sinni lög Alþingis ráða við það. Kynjakvótalögin tóku til dæmis gildi fyrir tæpum fimm árum, en hafa þó ekki enn náð lögbundnu takmarki sínu. Það er af þessum ástæðum, sem og ákalli #metoo, sem FKA biðlar til sterkra leiðtoga um að stíga fram sem fyrirmyndir. Á endanum eru það alltaf fyrirmyndirnar sem draga vagninn og okkur í FKA því löngu orðið það ljóst, að án sterkra fyrirmynda gerist í raunninni ekki neitt. Ekki einu sinni þótt það sé bundið í lög.

BETRIBILAKAUP.IS

Láttu drauma þína rætast!

2018 Nissan Leaf 2 Zero

Verð 3.990.000

2018 Volvo XC90 T8

Verð 8.680.000

2018 Volvo XC60 T8

Verð 7.690.000

2018 Volvo S90 T8

Verð 8.900.000

Við finnum draumabílinn fyrir þig á frábæru verði!

2018 Outlander Arctic

Verð 4.550.000

2016 Chevrolet Volt

Verð 3.090.000

2018 Volvo V40 D3

Verð 3.890.000

2017 Volvo V6 D6 Summum

Verð 4.450.000

Gerðu betri kaup hjá okkur! Hringdu núna í síma 511 2777

2017 Ford Transit

Verð 3.990.000

2017 Ford Transit Tourneo

Verð 4.990.000

2017 BMW X5 xDrive 40e

Verð 7.750.000

2018 Outlander Instyle

Verð 5.180.000

Sérhæfum okkur í innflutningi á bílum frá Evrópu, USA og Kanada

2017 Kia Soul EV

Verð 2.690.000

2018 Dodge Grand Caravan

Verð 4.990.000

2018 Dodge Grand Carav.GT

Verð 6.740.000

2018 BMW 330e M-Sport

Verð 4.700.000

Ármúla 4 | Reykjavík | S: 511 2777 | sala@betribilakaup.is

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 31. janúar 2018

visir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti

Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

Heima setið

Sterlingspundið hefur styrkst nokkuð gagnvart helstu gjaldmiðlum undanfarið, þar á meðal krónunni okkar íslensku. Ástæðan virðist fyrst og fremst sú að markaðsaðilar virðast sammála um að breska ríkisstjórnin vilji haga samningum þannig að sem allra minnst breytist í sambandi Breta við Evrópusambandið við útgönguna.

Ríkisstjórn May hefur heldur ekki gefið nokkra innsýn inn í hvernig hún vilji að sambandi Breta við ESB verði háttað til frambúðar. Skýrslu um Bretland utan Evrópusambandsins sem lofað var hefur verið stungið undir stól eða frestað óendanlega. Ekki vottar á nokkurri framtíðarsýn.

Yuan Yafei, kínverskur stjórnarformaður stórverslunarinnar House of Fraser, hitti naglann á höfuðið þegar hann sagði að nauðsynlegt væri að bresk yfirvöld sendu frá sér merki um hvernig framtíðinni skyldi háttað. Sennilega er algert ráðaleysi May og félaga ástæða þess að slíkt merki hefur ekki enn komið.

Angela Merkel kanslari Þýskalands ýtti svo enn fremur undir þessar grunsemdir þegar hún sagði að May bæði hana í sífellu um að gera sér tilboð um útgöngu. „Af hverju ætti ég að gera þér tilboð? Þú ert að fara," svaraði Merkel.

Staðreyndin er sú að ríflega átján mánuðum eftir atkvæðagreiðsluna erum við engu nær. Á meðan hefur andstaða við Brexit magnast og tveir af hverjum þremur Bretum vilja hætta við. Meira að segja eru að verða til stjórnmálahreyfingar sem hafa það að baráttumáli, og þar fer Tony Blair fyrrverandi forsætisráðherra fremstur í flokki.

Allir helstu greiningaraðilar eru sammála um að Brexit sé óskynsamlegt í efnahagslegu tilliti. Bretar munu koma verr út fjárhagslega næstu fimmtán ár hið minnsta. Af öllum þeim kostum sem eru á borðinu er áframhaldandi aðild sá langskynsamlegasti. Sennilega er þar komin ástæða fyrir áherslum May við samningaborðið.

Ef markmiðið með samningum um Brexit er að halda í horfinu, er þá ekki nema eðlilegt að fólk spyrji hvort betur sé heima setið en af stað farið? Hvenær er orðið of seint að hætta við?

Jón Ingi til Landsbankans

Jón Ingi Árnason

Jón Ingi Árnason, sem starfaði áður í markaðsviðskiptum Kviku fjárfestingabanka, hefur gengið til liðs við Landsbankann, samkvæmt upplýsingum Markaðarins. Mun hann starfa í markaðsviðskiptum bankans.

Áður en Jón Ingi hóf störf hjá forvera Kviku, Straumi, árið 2015 var hann sjóðstjóri hjá Landsbréfum frá árinu 2013. Þar áður, frá árinu 2009 til 2013, var hann meðeigandi, ásamt Jóni Eggerti Hallssyni, félagsins J Bond Partners þar sem hann veitti meðal annars fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf vegna fjármögnunar og viðskipta með skuldabréf. Einnig hefur hann starfað sem forstöðumaður skuldabréfamiðlunar Íslandsbanka og þar áður Glitnis.

Að undanförnu hefur Jón Ingi veitt Heimavöllum, stærsta leigufélagi landsins, ráðgjöf við fjármögnun.

Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. – kij

27.01.2018

Það er glórulaust að halda að frekari launahækkanir leiði ekki til verðbólgu.

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar

www.pwc.is

Hvað eru verðmæti fyrir þig?

Verðmæti í fyrirtækjarekstri geta verið margskonar, bæði persónuleg og fjárhagsleg. Minnka áhyggjur, útvista bókhaldinu, stækka reksturinn, lágmarka áhættu, hagræða, auka hagnað.

Það er sama hverskonar verðmætum þú sækist eftir, PwC aðstoðar þig við að skapa þau.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur

GLAMOUR.*is*

KOMDU Í
ÁSKRIFT Á
GLAMOUR.IS

TÍSKA FEGURÐ GLAMOURPENNAR HEIMILI & HÖNNUN

Vertu með puttann á púlsinum og fylgstu með Glamour á netinu og á samfélagsmiðlum.

TÍSKU-FRÉTTIR *á hverjum degi*

Á VEFSÍÐU GLAMOUR má finna fréttir úr tísku- og snyrtivöruheiminum, myndaþætti og áhugaverðar umfjallanir.

FYLGSTU MED OKKUR Á SAMFÉLAGSMIDLUNUM

Facebook – Glamour Iceland Instagram – @glamouriceland #glamouriceland
Twitter – @glamouriceland #glamouriceland Snapchat – Glamour Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

31. JANÚAR 2018 MIÐVIKUDAGUR

Maðurinn minn,

Jón Marvin Guðmundsson

kennari og hamskeri,
Hellulandi 22,

lést sunnudaginn 28. janúar.

Margrét Sæmundsdóttir

Eiginmaður minn,

Karl Hannes Hannesson

Túngötu 10, Húsavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga föstudaginn 26. janúar síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 3. febrúar kl. 14.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Herdís Þuríður Arnórsdóttir

Faðir okkar, tengdafaðir afi og langafi,

Matthías Frímannsson

Hafnarstræti 23, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 19. janúar.

Útförin hefur farið fram.

Jóna Pálína Matthíasdóttir
Kristján Matthíasson **Jóhanna Ragnarsdóttir**
Sigurbjörn Matthíasson
afa- og langafabörn.

Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Guðbjörg Pálmadóttir

hjúkrunarfræðingur,
Borgartúni 30a,

lést föstudaginn 26. janúar á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 6. febrúar kl. 13.

Hörður Gunnarsson
Bragi Gunnarsson **Ásta Kristjánsdóttir**
Anna Guðrún Gunnarsdóttir **Páll Briem Magnússon**
og barnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ingibjörg Malmquist

lést þann 10. janúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Margrét Kaldalóns **Sigvaldi Kaldalóns**
Pétur Valsson **Steinunn Viðarsdóttir**
Hallgrímur Valsson **Svana Zophoníasdóttir**
Davíð Valsson
Erla Valsdóttir **Logi Guðjónsson**
barnabörn og langömmubörn.



Elskuleg dóttir mín, móðir okkar og systir,

Katrín Dröfn Bridde

andaðist þann 24. janúar sl. Útför fer fram frá Bústaðakirkju nk. föstudag þann 2. febrúar kl. 15.00. Blóm afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á reikning til styrktar börnunum í Landsb. nr. 0111-05-010112, kt. 310851-2999.

Friðrik Bridde
Gabríel Friðrik
Rakel Margrét
Stefán Smári
Rebekka Thelma
Anna Margrét Bridde **Elvar Birgisson**

Tvær augljósar ástæður fyrir að hanga í símanum

Eru börnin okkar að verða þrælar tækninnar eða skilja íhaldssamir foreldrar ekki nýjan heim? Hvað geta foreldrar gert til að stuðla að því að börn nýti snjalltæki, samfélagsmiðla og tölvuleiki í uppbyggjandi tilgangi, í leik, námi og starfi? Þessum spurningum og fleirum verður leitast við að svara á málstofu sem haldin verður í HR í hádeginu í dag.

Í hádeginu fer fram málstofa í Háskólanum í Reykjavík þar sem fjallað verður um sálræn og félagsleg áhrif snjalltækja, samfélagsmiðla og tölvuleikja. Málstofan er hluti af geðheilbrigðisviku HR og kallast fikn eða frelsi. Málstofan er haldin í samstarfi við Rannsóknir og greiningu, Heimili og skóla, SAFT og velferðarsvið Reykjavíkur.

Einn af þeim sem taka til máls er Þorlákur Karlsson, dósent við sálfræðisvið HR. Fyrirlestur hans heitir Af hverju er svona erfitt að leggja frá sér símann? Heljartak sálfræðilegra styrkingarhátta í samfélagsmiðlum og tölvuleikjum. „Það eru grunnatriði sem við þekkjum og viðheldur hegðun fólks, eins og að vera svona mikið í símanum," segir Þorlákur.

Tvær ástæður eru augljósar en aðrar tvær eru það ekki. „Það er margt skemmtilegt og mikilvægt í símanum og það er mjög auðvelt að fara í símann. Ég hugsa að það hafi aldrei verið hægt að fá jafn mikil gæði á jafn auðveldan hátt og fyrirfinnst í símanum," segir hann um þær augljósu.

„Það eru tvær aðrar. Við höfum kringumstæður sem eru algengar úr vinnu, í námi, jafnvel með fjölskyldunni og fleira og það er að flýja úr erfiðu verkefni. Það er verið að skrifa skýrslu, undirbúa frétt, læra undir próf, skrifa bók eða undirbúa fyrirlestur og í gamla daga þá var tekið til í skápnum, neglurnar lakkaðar eða dúkkufötin þvegin eða farið út í sjoppu eða hvað sem er. Núna er síminn rétt hjá viðkomandi og fyrir marga er þetta flótti.

Lokaástæðan er til dæmis Facebook. Þegar fyrst er farið á Facebook þá er margt mjög skemmtilegt en það verður færra og færra.

Þorlákur Karlsson flytur erindi á málstofu í HR í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þegar viðkomandi fer inn í símann, hvort sem það er á Youtube, Facebook, Snapchat eða bara einhvern tölvuleik, þá er ekki hægt að spá fyrir hvenær eitthvað skemmtilegt gerist, eða hvort eða hvenær. Þessi óvissa er þekkt í sálfræðinni.

Hver þekkir ekki að skrolla í hálftíma á Facebook, þó það sé ekkert áhugavert en samt hangir maður í þessu forriti? Ef viðkomandi væri alltaf viss um að finna eitthvað skemmtilegt en það gerðist ekki þá myndi viðkomandi hætta þeirri iðju umsvifalaust. Það að geta ekki spáð fyrir þessari svokölluðu styrkingu eins og það er kallað veldur því að viðkomandi hangir inni og fer aftur."

Fundarstjóri er Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, og er málstofan öllum opin.

benediktboas@365.is

Hjörtína Dóra Vagnsdóttir

Laugatúni 26,
Sauðárkróki,

lést 23. janúar sl. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju föstudaginn 2. febrúar kl. 14.00.

Blóm og kransar afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hennar er bent á Landsbjörg.

Ólafur S. Pálsson
Páll Arnar Ólafsson **Linda Hlín Sigbjörnsdóttir**
Eva Hjörtína Ólafsdóttir **Hjörtur Skúlason**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Karl H. Cooper

Grundartjörn 1, Selfossi,

lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum föstudaginn 26. janúar. Útför fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 6. febrúar kl. 13.30. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug. Þökkum starfsfólki Fossheima sérstaklega fyrir góða umönnun og umhyggju við aðstandendur.

Auðbjörg Lilja Lindberg
Elín Bára Cooper **Sigtryggur H. Dagbjartsson**
Kristbjörg Linda Cooper **Örn Ottósson**
Ragnar Heiðar Karlsson **María Maronsdóttir**
Dúna Rut Karlsdóttir **Árni Hjaltason**
Erlingur Þór Cooper **Líney Rut Guðmundsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Okkar ástkæri

Björn H. Eiríksson

bókaútgefandi,
Súlunesi 18, Garðabæ,

lést 23. janúar sl. í faðmi ástvina. Hann verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju Kirkjulundi 3, Garðabæ, 2. febrúar kl. 15.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið – endurhæfingu fyrir krabbameinsgreinda.

Nína Stefnisdóttir
Birna Klara Björnsdóttir **Þorgrímur Jónsson**
Heiðdís Björnsdóttir **Þorvaldur Gísli Kristinsson**
Heiðar Ingi Svansson **Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Haraldur Valdimarsson

húsasmiður,

er látinn. Útför fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 5. febrúar kl. 13.30.

Ingibjörg Tryggvadóttir
Tryggvi Haraldsson **Kristín B. Jónsdóttir**
Elva Haraldsdóttir
Heimir Haraldsson **Hildur Eir Bolladóttir**
barnabörn og langafastrákur.

ÖRUGGUR BÍLL OG FERÐIN VERÐUR ÁNÆGJULEGRI

Vertu með allt á hreinu á nýskoðuðum bíl frá Frumherja



Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu táknar þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.

BIFREIÐASKOÐUN UM ALLT LAND

STARFSMENN FRUMHERJA SKOÐA BÍLA Á 30 STÖÐUM UM LAND ALLT, ÞAR AF ERU 7 STÖÐVAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir ökutækjasvið skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskipta-tilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu okkar frumherji.is



Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Norðanstrekkingur og él fyrir norðan í dag, en víða bjart sunnan heiða. Hvessir austanlands þegar líður á daginn, 13-20 m/s þar í kvöld. Hiti um og undir frostmarki.





LÉTT

7	8		4			2		
				3	1		8	4
		5		6			7	
				1		4		
	7		6	2				5
4		9			7	1	6	
								1
5		7				9		
	2	6		5	3			

MIÐLUNGS

	1	5		2				3
	4					2		
3			4	6	1		7	
					5			6
			9	1		7		
5		4		8	2			
	5	2	1		4	9		
						4	1	
					7	3		

ÞUNG

9						6		
				2				4
		4		7				
5	4					3		
		2	8	9			5	
7			2			8		
8			4		6	1	9	
	9		3				7	6
3								

Krossgáta

LÁRÉTT
1. sefa
5. skjön
6. í röð
8. arfleiða
10. í röð
11. háttur
12. krakki
13. óskipulag
15. rándýr
17. tíund

LÓÐRÉTT
1. lítið blóm
2. loftstraum
3. espa
4. örðu
7. græða
9. veifa
12. dangl
14. umrót
16. stefna



LÁRÉTT: 1. svæfa, 5. mis, 6. gh, 8. ánafna, 10. bd, 11. lag, 12. barn, 13. ólag, 15. mongús, 17. skatt
LÓÐRÉTT: 1. smáblóm, 2. vind, 3. æsa, 4. agnar, 7. hagnast, 9. flagga, 12. bank, 14. los, 16. út

Skák

Gunnar Björnsson

Sighvatur Karlsson (1.274) átti leik gegn Smára Sigurðssyni (1.870) í austurriðli Meistaramóts Hugins (norður).
Hvítur á leik
39. Dh7+ Dg7 40. He7+
og hvítur vann skömmu síðar. Smári vann engu að síður austur-riðilinn. Tómas Veigar Sigurðarson vann vestur-riðilinn.

www.skak.is: Ný skákstig.

2	9	8	5	6	3	1	7	4
4	1	5	7	2	9	8	3	6
6	7	3	8	4	1	5	9	2
5	2	1	9	7	4	6	8	3
3	8	4	6	1	5	7	2	9
7	6	9	2	3	8	4	5	1
8	4	2	1	9	7	3	6	5
9	3	7	4	5	6	2	1	8
1	5	6	3	8	2	9	4	7

3	7	8	9	1	5	4	2	6
9	4	6	2	3	8	7	5	1
1	2	5	4	6	7	8	3	9
7	5	2	1	8	3	9	6	4
8	9	4	5	2	6	1	7	3
6	1	3	7	4	9	2	8	5
2	3	1	6	7	4	5	9	8
4	6	9	8	5	2	3	1	7
5	8	7	3	9	1	6	4	2

4	6	8	2	3	9	5	7	1
9	5	7	8	1	4	2	3	6
1	2	3	6	5	7	8	9	4
2	4	1	9	6	3	7	8	5
3	8	6	7	4	5	9	1	2
7	9	5	1	8	2	4	6	3
6	7	4	3	2	8	1	5	9
5	1	9	4	7	6	3	2	8
8	3	2	5	9	1	6	4	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.



Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Guli miðinn
Bætiefni fyrir alla fjölskylduna á frábæru verði – Guli miðinn fyrir okkur.
Öll línan á 25% afslætti.

Salus jurtaveigar
Jurtaveigar úr lífrænum hráefnum sem henta allri fjölskyldunni og bragðast vel. Frábært úrval í Heilsuhúsinu.
Öll línan á 25% afslætti.

BÆTIEFNA-TILBOÐ!

TILBOÐIN GILDA 23.JAN.–4.FEB.

Terranova
Hágæða bætiefni, 100% hrein og 100% vegan.
Kíktu á frábært úrval í næsta Heilsuhúsi.
Öll línan á 25% afslætti.

Higher Nature
Lausnamiðuð bætiefni fyrir fólk sem gerir kröfur.
Öll línan á 25% afslætti.

Solaray
Finndu þinn sólargeisla frá Solaray í Heilsuhúsinu.
Öll línan á 25% afslætti.

Optibac
Optibac eru sérfræðingar í framleiðslu á hágæða góðgerlum. Mikið úrval góðgerla og þú finnur lausnina fyrir þig.
Öll línan á 25% afslætti.

SKOÐAÐU RAFRÆNA ÚTGÁFU HEILSUFRÉTTA Á WWW.HEILSUHUSID.IS



SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið
1979

LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS





Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

31. JANÚAR 2018

Viðburðir

Hvað? Fíkn eða frelsi? Sálræn og félagsleg áhrif snjalltækja, samfélagsmiðla og tölvuleikja
Hvenær? 12.00
Hvar? Háskólinn í Reykjavík
Eru börnin okkar að verða þrælar tækninnar eða skilja íhaldssamir foreldrar ekki nýjan heim? Hvað geta foreldrar gert til að stuðla að því að börn nýti snjalltæki, samfélagsmiðla og tölvuleiki í uppbyggjandi tilgangi, í leik, námi og starfi? Hvað telst vera góð notkun og hvað ekki? Þessum spurningum og fleirum verður leitast við að svara á málstofu á vegum Háskólans í Reykjavík kl. 12-13.30 í stofu V101 í HR í dag. Málstofan er haldin í samstarfi við Rannsóknir og greiningu, Heimili og skóla, SAFT og velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Hvað? HM pub quiz á Bjórgarðinum
Hvenær? 19.30
Hvar? Bjórgarðurinn, Borgartúni
Heldurðu að þú vitir mikið um heimsmeistaramótið í fótbolta? Láttu á það reyna núna í dag í Bjórgarðinum, Fosshóteli Reykjavík. Bræðurnir Jón Jónsson og Friðrik Dór munu dæma leikinn, en honum verður skipt upp í þrjár lotur; fyrri hálfleik, seinni hálfleik og framlengingu (með möguleika á vítaspyrnukeppni). Hvert lið mun skipa 2-4 manns og mun skráning hefjast 19.30. Leikurinn hefst kl. 20.00. Sigurlið hverrar lotu fær umferð af bjór en sigurvegarar kvöldsins munu fá veglegt gjafabréf í Bjórgarðinn.

Hvað? Beefeater London Kokteilakvöld
Hvenær? 17.00
Hvar? Apótekið, Austurstræti
Beefeater London kokteilakvöld með Jónmundi Þorsteinssyni sigurvegara BeefeaterMIXLDN 2017 sem er einmitt á leið til London í næstu viku að etja kappi við færustu barþjóna heims. Hann mun hrista sigurdrykkinn sinn „The Treasures of Laugardalur“ ásamt klassíkerum Apóteksins, Dillagin, Negroni og fleiri góðum.

Hvað? Eftir flóðið – Jón Yngvi Jóhannsson
Hvenær? 16.30
Hvar? Bókasafn Kópavogs
Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur fer yfir jólabækurnar frá 2017 í árlegu erindi sínu um jólabókaflóðið. Ungir sem aldnir velkomnir og ókeypis inn.

Kristín Dóra Ólafsdóttir, lengst til hægri, sýnir í Hinu húsinu.

Tónlist

Hvað? Mambósveit Mathallarinnar snýr aftur
Hvenær? 19.00
Hvar? Hlemmur Mathöll
Hin óviðjafnanlega Mambósveit Mathallarinnar heiðrar okkur enn og aftur með nærveru sinni. Nú munu blása lúðrar og suðrænir vindar til að ylja gestum Mathallarinnar.

Sýningar

Hvað? Sjónarhorn
Hvenær? 10.00
Hvar? Safnahúsið, Hverfisgötu
Sýningin Sjónarhorn er ferðalag um íslenskan myndheim fyrr og nú. Í sjö álmum Safnahússins við Hverfisgötu eru jafn mörg sjónarhorn sem tengja saman ólík listaverk og áhugaverða muni, þvert á efni og tímabil.

Hvað? Kann frekar vel við þig en samt ekki – Kristín Dóra
Hvenær? 09.00
Hvar? Hitt húsið
Áhrif popptónlistar á mannshugann er eins og áhrif hita á eitt stakt poppkorn, það stækkar, fær nýjan tilgang og verður aldrei eins. Á sýningunni skoðar Kristín Dóra sannleikann og hreinskilnina í poppinu. Lagið Hlið við hlið með Friðriki Dór var Kristínu mikill innblástur og er titill sýningarinnar fenginn úr því.

Hvað? Fagra veröld
Hvenær? 09.00
Hvar? Mokka-kaffi, Skólavörðustíg
Á sýningunni Fagra veröld er viðfangsefni Kristjáns Jóns íslenska náttúran. Þetta eru léttar vatnslitamyndir af því sama sem Jónas orti um í hulduljóðum sínum, blómum og gróðri.

Hvað? Myrkraverk
Hvenær? 10.00
Hvar? Kjarvalsstaðir
Á sýningunni eru verk listamanna sem hafa fengið innblástur úr þjóðsögum og ævintýrum eða skapað sinn eigin huliðsheim. Hvort tveggja endurspeglar mannlega tilvist, samskipti, tilfinningar og hugarástand. Sýningin er uppfull af dularfullum og spennandi verkum sem kveikja á ímyndunaraflinu einmitt á myrkasta tíma ársins.

Hvað? Kjarval: Líðandin – la durée
Hvenær? 10.00
Hvar? Kjarvalsstaðir
Á sýningunni eru mörg sjaldséð verk, einkum frá fyrri hluta starfsævi Jóhannesar Sveinssonar Kjarval (1885-1972).

Hvað? Í hlutarins eðli – skissa að íslenskri samtímalistasögu [1.0]
Hvenær? 10.00
Hvar? Hafnarhúsið
Efnisheimurinn er viðfangsefni nokkurra valinna verka úr safneign Listasafns Reykjavíkur. Náttúrufyrirbæri, manngerðir hlutir og ýmiss konar efni liggja til grundvallar með tilliti til eiginleika, eðlis, merkingar og gildis. Sýningin er hluti nokkurs konar skissuvinnu Listasafns Reykjavíkur að íslenskri samtímalistasögu. Hugmyndin er að safnið haldi áfram að velja verk úr safneigninni og setja í samhengi tilraunar til að skrifa listasöguna jafnóðum.

Hvað? Undir - Steingrímur Gauti Ingólfsson
Hvenær? 12.00
Hvar? Bókasafn Mosfellsbæjar
Fyrsta sýning nýs árs í Listasal Mosfellsbæjar er Undir, einkasýning Steingríms Gauta Ingólfssonar. Steingrímur Gauti er fæddur árið 1986 og hefur verið virkur í sýningarhaldi síðan hann útskrifaðist úr Listaháskólanum árið 2015. Í Listasalnum eru sýnd ný verk, en Steingrímur Gauti gerir aðallega tilraunakennd abstraktmálverk.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

SÚPUDAGAR Í BÓNUS

Fulleldaðar - aðeins að hita

1kg

1.498
kr. 1 kg

Ungversk Gúllassúpa
1 kg

1kg

1.498
kr. 1 kg

Mexíkósk Kjúklingasúpa
1 kg

1kg

1.498
kr. 1 kg

Íslensk Kjötsúpa
1 kg

FLJÓTLEGT OG GOTT

149
kr. pk.

Hvítlauksbrauð
2 stk. í pakka

2 brauð í pakka



BÓNUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
Bónus Smáratorgi: Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **4. febrúar** eða meðan birgðir endast.

DAGSKRÁ

Miðvikudagur



EVERYTHING IS COPY
KL. 21:45

Áhugaverð heimildarmynd um leikstjórann og handritshöfundinn kunna Noru Ephron eftir son hennar Jacob Bernstein. Aðalhlutverk leika Tom Hanks, Reese Witherspoon og Steven Spielberg.

Magnað
Miðvikudagskvöld

Fáðu þér áskrift á **365.is**

JAMIE´S 15 MINUTE MEALS
KL. 19:30

Hressandi matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.

GREY´S ANATOMY
KL. 20:25

Stórskemmtileg sería þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.

DIVORCE
KL. 21:10

Gamansamur þáttur frá HBO um fráskilin hjón sem eru ekki á þeim buxunum að láta hlutina ganga átakalaust upp. Sarah Jessica Parker fer með aðalhlutverkið.

NASHVILLE
KL. 23:10

Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.

COUPLE´S RETREAT
BÍÓ
KL. 22:00

Hressileg gamanmynd um fjögur pör sem fara saman í draumafrí á fjarlæga sólarströnd en þar fer margt öðruvísi en áætlað var.

PÓSTURINN PÁLL
Krakkar
KL. 19:00

Frábær teiknimynd fyrir alla fjölskylduna um póstinn Pál sem þarf að vera útsjónarsamur þegar kemur að því að fjármagna draumaferð til Ítalíu.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

STÖÐ 2

00.55 Lethal Weapon
01.35 Lethal Weapon
02.20 When the Bough Breaks
04.05 X-Company
04.50 X-Company
05.30 Insecure
07.00 The Simpsons
07.20 Blíða og Blær
07.45 The Middle
08.10 Mindy Project
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.20 My Dream Home
11.05 Save With Jamie Sjónvarpskokkurinn og sjarmörinn Jamie Oliver sýnir okkur hvernig á að elda ljúffengan og girnilegan mat á ódýran hátt.
11.50 Logi
12.35 Nágrannar
13.00 Fósturbörn
13.30 Hugh's War on Waste
14.35 Major Crimes
15.15 The Night Shift
16.00 The Path
16.55 Bold and the Beautiful Forrester-fjölskyldan er leiðandi í tískuheiminum en með miklum vinsældum fylgir líka mikil ábyrgð og pressa á að standa sig. Endalaus valdabarátta og erjur utan sem innan fyrirtækisins setja stundum mark sitt á starfsemina og ekki hjálpa flóknu fjölskyldutengslin til.
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Víkingalottó
19.25 Fréttayfirlit og veður
19.30 Jamie's 15 Minute Meals Frábærir matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa glæsta og gómsæta máltíð á aðeins 15 mínútum.
19.55 The Middle
20.20 Grey's Anatomy
21.05 Divorce
21.40 Everything is Copy Áhugaverð heimildarmynd um leikstjórann og handritshöfundinn kunna Noru Ephron eftir son hennar Jacob Bernstein.
23.10 Nashville
23.55 Room 104

STÖÐ 2 SPORT

08.35 Swansea - Arsenal
10.15 West Ham - Crystal Palace
11.55 Barcelona - Alavés
13.35 Spænsku mörkin
14.05 Football League Show
14.35 Haukar - Stjarnan
16.05 Huddersfield - Liverpool
17.45 Valur - Njarðvík
19.50 Tottenham - Manchester United
22.00 Laugardagsmörkin
22.15 Everton - Leicester
23.55 Manchester City - WBA

STÖÐ 2 SPORT 2

07.25 Haukar - Grótta
08.55 Haukar - Stjarnan
10.25 Sheffield United - Aston Villa
12.05 Þýsku mörkin
12.35 West Ham - Crystal Palace
14.15 Domino's körfuboltakvöld
15.55 Keflavík - Haukar
17.35 Ensku bikarmörkin
18.05 Chicago Bulls - Milwaukee Bucks
20.00 Valur - Selfoss
21.55 Haukar - Grótta
23.30 Chelsea - Bournemouth

STÖÐ 3

01.05 Vice Principals
01.40 New Girl
02.05 Modern Family
02.30 Seinfeld
02.55 Friends
03.20 Tónlist
18.00 Fresh off the Boat
18.25 Pretty Little Liars
19.10 New Girl
19.35 Modern Family
20.00 Seinfeld
20.45 Friends
21.10 Stelpurnar
21.35 Flash
22.20 Legend of Tomorrow 3
23.05 Margföld ást

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Lalli
07.55 Rasmus Klumpur og félagar
08.00 Strumparnir
08.25 Hvellur keppnisbíll
08.37 Ævintýraferðin
08.49 Gulla og grænjaxlarnir
09.00 Stóri og litli
09.13 Víkingurinn Viggó
09.27 K3
09.38 Mæja býfluga
09.50 Tindur
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.47 Doddi litli og Eyrnastór
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Lalli
11.55 Rasmus Klumpur og félagar
12.00 Strumparnir
12.25 Hvellur keppnisbíll
12.37 Ævintýraferðin
12.49 Gulla og grænjaxlarnir
13.00 Stóri og litli
13.13 Víkingurinn Viggó
13.27 K3
13.38 Mæja býfluga
13.50 Tindur
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.47 Doddi litli og Eyrnastór
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Lalli
15.55 Rasmus Klumpur og félagar
16.00 Strumparnir
16.25 Hvellur keppnisbíll
16.37 Ævintýraferðin
16.49 Gulla og grænjaxlarnir
17.00 Stóri og litli
17.13 Víkingurinn Viggó
17.27 K3
17.38 Mæja býfluga
17.50 Tindur
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.47 Doddi litli og Eyrnastór
19.00 Pósturinn Páll: Bíómyndin

Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 10.24, 14.24 og 18.24

GOLFSTÖÐIN

08.00 Omega Dubai Desert Classic
12.30 Golfing World
13.20 Omega Dubai Desert Classic
17.50 Golfing World
18.40 Farmers Insurance Open
00.10 Golfing World

STÖÐ 2 BÍÓ

02.35 Black Sea
04.30 Maggie
12.20 The Duff Gamanmynd frá 2015 sem fjallar um menntaskólanema sem hristir upp í goggunarröðinni í félagslífinu eftir að hún kemst að því að hún hefur fengið á sig stimpilinn Duff (Designated Ugly Fat Friend) af fallegri og vinsælli vinum sínum. Bianca hefur aldrei gert sér háar hugmyndir um sjálfa sig heldur bara reynt að vera góð manneskja.
14.00 Absolutely Anything
15.25 Hail, Caesar!
17.10 The Duff
18.50 Absolutely Anything
20.15 Hail, Caesar! Frábær mynd frá 2016 úr smiðju Coen-bræðra sem segir frá reddaranum Eddie Mannix sem vinnur í kvikmyndaiðnaðinum í Hollywood á sjötta áratug síðustu aldar, þar sem hann reynir að komast að því hvað kom fyrir einn af leikurum í kvikmynd en hann hvarf á meðan á tökum stóð.
22.00 Couple's Retreat
23.55 Entourace

RÚV

16.30 Af fingrum fram
17.20 Hljómskálinn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Ríta og krókódíllinn
18.06 Friðþjófur forvitni
18.28 Babar
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Kaupmannahöfn - höfuðborg Íslands
20.25 Hæpið
21.00 Hyggjur og hugtök - Fjölþjóðasamvinna
21.15 Castle
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Kjarnakonur í Bandaríkjunum - Konur í geimnum
23.15 Stjörnustílistar Danmerkur
23.45 Kveikur
00.20 Kastljós
00.35 Menningin
00.40 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

01.15 CSI Miami
02.00 The Good Fight
02.49 Chicago Med
03.39 Bull
04.28 Queen of the South
05.10 Síminn + Spotify
06.00 Síminn + Spotify
08.00 King of Queens
08.22 Dr. Phil
09.06 The Tonight Show
09.51 The Late Late Show
10.35 Síminn + Spotify
13.10 Dr. Phil
13.51 Speechless
14.17 The Fashion Hero
15.10 The Mick
15.34 Man With a Plan
15.58 Ghosted
16.23 Everybody Loves Raymond
16.46 King of Queens
17.10 How I Met Your Mother
17.32 Dr. Phil
18.16 The Tonight Show
19.02 The Late Late Show
19.45 9JKL
20.10 Wisdom of the Crowd
21.00 Chicago Med
21.50 Bull
22.35 Queen of the South
23.25 The Tonight Show

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

LIQUI MOLY Vetrarvörur

Olíu bætiefni

Cera Tec

Cera Tec er míkró keramik smurefni sem er bætt út í smurolíur fyrir vélar, loftpressur, dælur og gírskiptingar. Hentar vel fyrir notkun í fólksbílum og vöruflutningabifreiðum (bensín og dísil).
Má blanda við allar mótorolíur sem eru á markaði.
Langtímavirkni, allt að 50.000 km.
ATH: Má ekki nota með blaut kúplingum

Vörunúmer: LM3721

Vélahreinsir

Engine Flush er bætt í olíuna fyrir olíuskipti til að hreinsa smurkerfið. Hreinsuð vél fær betri þjöppun, gildi mengunar-losunar verða lægri og hún nær aftur fullum afköstum við minni eldsneytis-notkun.

Vörunúmer: LM2427

Visco Stabil Seigjujafnari

Visco Stabil ver vélina fyrir sliti við mikið álag með því að viðhalda seigju smurolí-unnar þegar hún hitnar undan álagi. Visco Stabil seigjujafnari hentar einnig til að verja vélina fyrir sliti við kaldræsi. Hjálpar oliunni að smyrja vélina þegar á reynir við háan snúnings-hraða og álag. Hentar vel fyrir slitnar vélar. Virkar með öllum smurolíum.

Vörunúmer: LM2807

Oil Smoke Stop Reykeyðir

Reykeyðir dregur úr smuroliubrennslu vegna óþéttra stimpilhringja og ventlastýringa í bensín- og dísilvélum. Hann kemur í veg fyrir bláan reyk og olíuúða í útblæstri, svo og minnkun seigju í smurolíu. Reykeyðir eykur þjöppun, dregur úr vélarhljóði og verndar gegn óeðlilegu sliti. Lengir líftíma hvarfakúta.

Vörunúmer: LM2808

Dísil bætiefni

Dísilbætiefni fyrir einbunuvélar

Bætist við dísileldsneyti fyrir allar einbunudísilvélar með dæludrifnar innspýtingar. Hentar sérstaklega vel fyrir vélar sem teknar eru úr umferð í lengri tíma í senn og eru geymdar úti eða við erfiðar aðstæður.

Vörunúmer: LM8953

Dísil bætiefni

Super Diesel Additive

Super Dísil bætiefnið hreinsar og sundra óhreinindum, bæta bruna og ver nýjustu dísilvélarnar. Þannig fæst betri smurning fyrir dísilolíu með lágt brennisteinsinnihald og betri bruni í kaldri vél ásamt minni mengun og lykt í útblæstri.
Hentar öllum gerðum dísilvéla.

Vörunúmer: LM2814

Dísil Antigel

Dísil antigel dregur úr vexti parafínkristalla sem geta myndast í kulda og bætir rennslismörk dísilolíu í köldu veðri. Hentar fyrir allar stærðir og gerðir af dislil vélum.

Vörunúmer: LM8929

Sótagnasíuvörn

Dregur úr myndun sótagna og lengir þannig endingu sótagnasíu dísilvéla.

Með reglulegri notkun Diesel Particulate Filter Protection frá Liqui Moly helst sótagna-sía dísilvéla hreinni og komist er hjá miklum viðgerða-kostnaði og verkstæðistímum.

Vörunúmer: LM7180

Bensín bætiefni

Innspýtingarhreinsir

- Hreinsar eldsneytisleifar úr innspýtingarkerfum
- Fjarlægir kolefnisútfellingar og aðrar útfellingar á spíssum, innspýtingar-ventlum og inntaksventlum og öðrum hlutum eldsneytiskerfis
- Virkar á öll innspýtingar-kerfi
- Hentar mjög vel á bifreiðar með hvarfakúta
- Tryggir besta gang vélar og lága eldsneytisnotkun vegna nákvæmrar eldsneytis-skömmtunar og úðamyndunar
- Tryggir lágmarksmengun í útblæstri

Vörunúmer: LM1803

Bætiefni fyrir tvinnbíla

Fyrir tvinnökutæki með bensínvélum.
Setjið bætiefnið beint á tankinn.
Einn brúsi nægir fyrir 75 lítra af bensíni.

Vörunúmer: LM1001

Bensín bætiefni

Speed Tec bensín bætiefni

Speed Tec Benzin er hátækni, hrein-bruna bætiefni sem bætir hröðun og bruna á tilteknu álagssviði. Efnið er samræmanlegt við allar útfærslur bensíns og bætiefna. Speed Tec Benzin bætir hröðun ökutækis umtalsvert. Bætiefni í allar tví- og fjór-gengisvélar, sérstak-lega í vélknúnum ökutækjum, einnig mótorhjólum. Varan bætir hröðunareiginleika véla og veldur mýkri virkni.

Vörunúmer: LM3720

Ýmsar vörur

Kontakt úði

Notað til hirðu og viðhalds (hreinsun og vörn) í öllum rafbúnaði ökutækja svo sem á stungutengi og leiðslu-sambönd, perustæði, tengibox, rofabúnað, rafliða, kveikistraumsdeila, snerturofa, ræsa, rafala, vör, rafgeymapóla og loftnet og til að smyrja viðkvæman vélbúnað.

Vörunúmer: LM3110

Umhirða bílsins

Vatnskassahreinsir 300m

Bætið hreinsinum út í kælivatnið. Hafið kveikt á kælikerfinu. Leyfið vélinni að ganga í 10-30 mínútur í venjulegum gangi. Tappið hreinsinum af og skolið kælikerfið með vatni. Fyllið á kælikerfið samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðanda.
300 ml af hreinsinum er nóg fyrir 10 lítra af vatni.

Vörunúmer: LM2829

Gúmmíumhirða staukur 75ml

Hristið brúsann vel fyrir notkun. Ef meðhöndla á lítil svæði, úðið á klút og berið á. Þegar stór svæði eru meðhöndluð skal úða beint á svæðið og nudda með klúti. Regluleg notkun gefur mestan árangur.

Vörunúmer: LM7182

Lása úði 50ml

Lásaúðinn var hannaður til að smyrja og verja lásinn að innan. Ásamt því að afþýða ísingu innan í lásnum.

Eiginleikar:
- Varanleg ryðvörn
- Skemmir ekki plast, gúmmí og lakk
- Góðir smureiginleikar
- Frábært til af-ísingar
- Minnkar núning og slit

Sérhannað fyrir smurningu og afþýðingu á lásum, hurðarlömum og speglum.

Vörunúmer: LM1528

Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Bros auglýsingavörur **með þínu merki**

Skoðaðu litríkt úrval á **bros.is**

Bros auglýsingavörur,
Norðlingabraut 14.

BROS AUGLÝSINGAVÖRUR – *með þínu merki*

HITACHI SKJÁVARPAR Í MIKLU ÚRVALI

OG BÚNAÐUR SEM LÆTUR ÞIG LÍTA VEL ÚT Á FUNDUM

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á EXTON.IS

EXTON
Ljós - Hljóð - Mynd

GARÐS APÓTEK
- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - *í leiðinni*

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - *um land allt*

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Bráðum kemur ekki betri tíð, sungu Stuðmenn, en það er nú bara ekki satt. Fram undan er betri tíð. NORDICPHOTOS/GETTY

Langur dimmur janúar er á enda!

Þetta er síðasti dagur lengsta mánaðar allra tíma. Hvað tekur við? Ekkert nema gleði. Þetta er alveg geirneglt og hér á eftir verður farið í saumana á því hvers vegna þetta er nákvæmlega þannig.

Jæja, loksins er síðasti dagur janúar runninn upp – var þetta ekki lengsti og erfiðasti mánuður allra tíma? Það voru sko fimm mánudagar. Feiti appelsínuguli köttur-inn sem við þekkjum öll og elskum, þessi sem hatar mánudaga, væri líklega kominn í einhvers konar meðferð eftir þennan mánuð. Talandi um mánudaga, þá var versti dagur í heimi í þessum mánuði, og það var mánudagur, kenndur við bláan.

Það má segja að við stöndum á tímamótum og fram undan er ýmislegt.

EKKI hlaupár í þetta sinn

Eftir lengsta mánuð allra tíma er fínt að stysti mánuður ársins sé næstur. Reyndar þýðir þetta tímatal okkar ekki neitt í raun og veru – nema það að við enda mánaðar kemur útborgun. Það er alveg eitthvað. Á fjögurra ára fresti bætist reyndar einhver óþolandi dagur við en við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því í ár. Skemmtilegur fróðleiksmoli: Arnar Freyr í Úlfur Úlfur á afmæli 29. febrúar og getur því bara haldið upp á daginn einu sinni á fjögurra ára fresti, sem er ógeðslega fyndið.

Dreyptu á gleðinni úr Ofurskálinni

Amerískir fótboltakappar eigast við um Ofurskálina í byrjun febrúar. Íslendingar eru farnir að horfa á

Ímyndaðu þér að Ofurskálin sé full af gleði og að þú sért að dúndra gleðinni akkúrat svona í þig nú þegar janúar er á enda. NORDICPHOTOS/GETTY

þennan viðburð í miklum mæli og fara oftar en ekki alla leið í áhorfinu, eins og Íslendingum er einum lagið, og innbyrða þvílíkt magn af kjúklingavængjum, bjór og einhverju ógeði. Því ekki að taka þátt í því? Gera sér glaðan dag (eða nótt) og fylgjast með þessum risa kappleik.

Bjartir tímar fram undan

Dagur lengist með hverjum einasta degi og heldur því áfram í gegnum allan febrúar. Það er líka bara eitthvað bjartara yfir febrúar. Janúar er svo þungur mánuður, bara orðið sjálft er níðþungt.

Átak að eigin vali

Febrúar er víst meistaramánuður. Þá ber manni að gera eitthvað svakalegt út allan mánuðinn, til dæmis að byrja í ræktinni eða eitthvað í þá áttina. Það er auðvitað bara gott og gefur manni ástæðu til að taka allt líf sitt í gegn. Janúar er reyndar líka mánuður átaka en þá eru allir eitthvað á djúskúr eða að borða ekkert nema gufusoðna ýsu. Febrúar gæti maður til að mynda tekið í að verða ógeðslega sterk/ur og því belgt sig út af orkumikilli fæðu eins og atvinnu kraftaíþróttamaður. Bara þæling.

stefanthor@frettabladid.is

THE KEVIN HART IRRESPONSIBLE TOUR

LAUGARDALSHÖLL 15. ÁGÚST

FORSALA HEFST Í DAG KL. 15!

ALMENN SALA HEFST Á FÖSTUDAG KL. 10.

HARTKEVIN KEVINHART4REAL WWW.KEVINHARTNATION.COM

Coca-Cola

ALMENN SALA FER FRAM Á TIX.IS/KEVIN OG Í SÍMA 551-3800
NÁNAR UM VIÐBURÐINN OG FORSÖLUNA Á SENALIVE.IS/KEVIN

sena LIVE!

DORMA
Láttu drauminn rætast

SÍÐUSTU DAGARNIR
Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði

www.dorma.is
Ný og betri vefverslun
ALLTAF OPIN

Janúarútsalan
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

GESTARÚM

Frábært gestarúm (*folded bed*) sem tekur lítið geymslupláss. Rúmið er með tvöfalt fleiri gorma en mörg sambærileg rúm og eykur það stuðning við líkamann til muna. Dýnan er með liðamótum en ekki broti og eykur það líftíma hennar.

ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

Fullt verð: 59.900 kr

Aðeins 41.730 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe
SAFT

Birkir Vagn Ómarsson, hefur skotist upp á stjörnuhimin líkamsræktarþjálfara. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Óauglýst en samt orðið eitt það vinsælasta

MGT-námskeið **Birkis Vagns Ómarssonar** er, þrátt fyrir enga kynningu, orðið ein vinsælasta þjálfun í líkamsræktarstöð World Class en um 100 manns bíða eftir að komast að púla undir hans leiðsögn.

Ein vinsælasta þjálfunin í World Class þessa stundina er MGT í umsjón Birkis Vagns Ómarssonar. Yfir 100 manns eru á biðlista þrátt fyrir að Birkir hafi aldrei auglýst námskeiðið eða látið almennt nokkur mann vita af því. „Þetta byrjaði með einum litlum hópi og á þessum tíma sem ég hef haldið þessari þjálfun úti eru hóparnir núna níu. Það er ótrúleg eftirspurn og í þessum töluðu orðum eru um 100 manns á biðlista. Það er mjög skemmtilegt þar sem MGT hefur aldrei verið auglýst þannig að þetta er bara gamla góða orðið sem fer af þjálfuninni," segir Birkir.

MGT stendur fyrir Metcon Group Training sem hann byrjaði með fyrir rúmum tveimur árum og fara allar æfingar fram í Laugum. Nokkrar stjörnur eru í tímum Birkis eins og Áttan með Nökkva Fjalar fremstan í flokki, Evrópumeistararnir í hópfimleikum og trúlega mætti halda áfram að telja.

Spurður um hvers vegna þetta námskeið sé svona vinsælt segir Birkir að líklegasta skýringin sé sú að það er mikið lagt upp úr hópefli á æfingum og einnig fyrir utan þær en hann hefur staðið fyrir þrekmótum, alls konar skemmtunum og árshátíð svo fátt eitt sé nefnt. „Það er því alltaf eitthvert tilefni til að hlakka til fyrir utan æfingarnar sjálfar."

Töluverð keyrsla er á æfingunum eins og gefur að skilja en fjölbreyttar æfingar eru að hans sögn lykillinn að því að fólk kemst í gott form. „Það er mikið um keyrslu á þessum æfingum. Stutt hlaup, æfingar með eigin líkamsþyngd, þungar en einfaldar lyftingar gera það að verkum að hver og einn fær hámarks nýtingu á þessum klukkutíma sem æfingin tekur.

Hluti af MGT hópnum en þar má finna afreksíþróttamenn sem og venjulega meðaljóna sem eru þó til í að leggja mikið á sig í hverjum tíma Birkis.

> ÉG VIL BARA HAFA FÓLK Í MGT SEM ER TIL Í AÐ LEGGJA SIG FRAM Á ÆFINGUM, SVO EINFALT ER ÞAÐ.

Auðvitað eru ýmsar ástæður fyrir því að fólk stundar líkamsrækt en þarna er viðkomandi að fá alhliða þjálfun."

Birkir segir að hann hafi engan sérstakan áhuga á því að fá til sín fólk sem er ekki tilbúið til að leggja mikið á sig. Hann fer fram á að þeir sem komist á MGT leggi sig fram. „Alls konar fólk æfir í MGT, fyrrverandi afreksfólk í íþróttum og fólk sem vill krefjandi en skemmtilegar æfingar. Ég vil bara hafa fólk í MGT sem er til í að leggja sig fram á æfingum, svo einfalt er það," segir hann granítharður. **benediktboas@365.is**

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Máté Dalmay *mate@365.is* Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

ÚTSÖLULOK

25-40%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM CINTAMANI VÖRUM

GILDIR 31.JAN - 2.FEB

CINTAMANI

dress code iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Kristínar Ólafsdóttur

Þunglyndi háskólaneminn

Um þriðjungur háskólanema hér á landi mælist með þunglyndi. Þetta kom fram í niðurstöðum rannsóknar á geðheilsu nemenda við HÍ, HR og HA. „Svolítið sláandi," sagði einn rannsakenda í viðtali í Morgunútvarpinu á Rás 2 í vikunni.

Nú er ég sjálf háskólanemi og hef auk þess setið nær óslitið á skólabekk síðan árið 1999 – og þegar ég hugsa út í það finnst mér þessar nýútgefnu tölur kannski ekkert sérstaklega sláandi.

Þegar ég var í menntaskóla tókum við í eðlisfræðideildinni munnlegt stúdentspróf í stærðfræði. Á hverju ári brotnaði a.m.k. einn nemandi niður í prófinu, það var viðtekið, og við spáðum mikið í það hver sá yrði innan okkar raða. Kvíðinn hélt fyrir okkur vöku.

Í íslensku og sögu las maður svo um ungu mennina sem lögðu stund á fræðin í Lærða skólanum og Kaupmannahöfn og þeir voru allir blá-fátækir berklasjúklingar og blússandi þunglyndir. Þessar frásagnir voru alltaf hjúpaðar dýrðarljóma. Algjör, þrúgandi vansæld á námsárum virtist þörf og rómantísk manndómsvígsla.

Og við vorum öll Kristján fjalla-skáld og kvíðahnútarnir grasseruðu í maganum. Einu sinni kom ég heim eftir lokapróf í eðlisfræði og grét með ekkasogum allan eftirmiðdaginn vegna þess að ég var svo hrædd um að hafa fallið.

Svo byrjar maður í háskóla og þá tekur sama, gamla, meingallaða kerfið á móti manni. Nema nú þarf líka að glíma við LÍN, sligandi fjár-hagsáhyggjur og stjórnvöld í baklás. Enginn sálfræðingur á vakt og úrræðin eru loforð í fjarlægri framtíð.

Þarf ekki að ráðast strax í alvarlegar aðgerðir? Grundvallarbreytingar hér og nú? Vegna þess að kvíðaköst, ekkasog og óviðráðanlegar efasemdir eiga ekki að vera eðlilegur fylgifiskur skólagöngu. Þriðjungur á ekki að þurfa að vera þunglyndur.

GLAMOUR
ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT

KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR

WOW NORTHERN LIGHTS RUN

NORÐURLJÓSAHLAUPIÐ 3. FEBRÚAR

Taktu þátt í bjartasta viðburði vetrarins og hlauptu með í Norðurljósa-hlaupinu 2018. Hlaupið er hluti af Vetrarhátíð í Reykjavík og snýst fyrst og fremst um ljósadýrð, samveru og stemningu en allir eru hvattir til að taka þátt hvort sem um hlaupara, skokkara eða göngufólk er að ræða. Frábær tónlistaratriði og óvæntar uppákomur einkenna þennan viðburð og allir þátttakendur fá m.a. gjafapakka til að auka á ljósadýrðina.

DAGSKRÁ

18.00
UPPHITUN HEFST VIÐ HÖRPU,
DJ DÓRA JÚLÍA SÉR UM TAKTINN

19.00
RÆSING VIÐ HÖRPU

ENDAMARK:
LISTASAFNIÐ
VIÐ TRYGGVAGÖTU

HLAUPINU LÝKUR MEÐ
LJÓSAPARTÍ OG
LIFANDI TÓNLIST
FRIKKA DÓRS

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM
DAGSKRÁ OG SKRÁNINGU
MÁ FINNA Á
NORDURLJOSAHLAUP.IS

LÁTTU SJÁ ÞIG OG HLAUPTU MEÐ!

WOW air CINTAMANI Síminn POWERADE Reykjavik Excursions KYNNISFERÐIR